

Gjörðabók.
Mjólkurflutningar í Svarfaðardal.

Fundargerð

Fundur var haldinn af stjórn mjólkurflutninga Svarfdæla 4/11 1965 að Tjörn. Voru mjólkurbílstjórar mættir auk stjórnarinnar.

Til umræðu voru fjárhagsastæður félagsins, o.fl.

Fjárhagurinn virðist vera í mjög sæmilegu lagi og sér stjórnin ekki ástæðu til að gera neinar sérstakar ráðstafanir í því sambandi.

Ákveðið var að reyna að fá að koma á öðrum tíma en nú er, með mjólkina í Samlagið og breita í sambandi við það, tíma bílanna í sveitina

Rætt var um að athuga möguleika á því að kaupa bíldekk í heildsolu. Og felur stjórnin Friðbyrni Zophoníassyni og Jóni Jonssyni að athuga um dekkakaupin.

Fleira var ekki til umræðu.

Friðbjörn Zophoníasson

Hjörtur E. Þórarinsson
Sigurjón Sigurðsson

1966

Fundargerð.

Mánudaginn 4. apríl 1966 kom stjórn mjólkurflutninganna saman á fund að Tjörn. Til athugunar voru reikningar félagsins fyrir árið 1965.

Virðist reksturinn hafa gengið all vel og skuldir lækkaðar um nál. 150 þúsund.

Ákveðið var að leggja til við aðalfund að hækka flutningataxta á mjólkinni um 16 au., eða úr 52 au. á líter í 68 au. á líter, til að mæta fjirsjáanlegum aukakostnaði.

Þá var og ákveðið að halda aðalfundinn hið fyrsta eftir páska 1966

Fleira gerðist ekki.

Hjörtur E. Þórarinsson

Friðbjörn Zophoníasson
Sigurjón Sigurðsson

Fundargerð.

Miðvikudaginn 13. apríl 1966 var aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K E A haldinn að Grund. Formaður deildarinnar Hjörtur E. Þórarinsson Tjörn setti fundinn og bauð menn velkomna, og las síðan dagskrána og stakk upp á Sigurjóni Sigurðssyni sem fundarritara, og samþykktu menn það.

1. mál var að Hjörtur Þórarinsson gaf skýrslu um störf deildarinnar á árinu 1965.
2. Hjörtur las reikninga deildarinnar og skýrði þá ýtarlega um leið. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi voru kr. 1.743.105.43., niðurstöðutölur á efnahagsreikningi 1. jan 1966 Eignir kr. 997.862.97. Skuldir kr. 275.000.00, eignir umfr. skuldir kr. 722.862.97.
3. mál. Umsögn endurskoðenda. Gestur Vilhjálmsson sagði nokkur orð um reikningana, og sagði að ekki væri um neinar athugasemdir að ræða frá hálfu endurskoðenda. Þá var orðið gefið laust um reikningana. Klemens Vilhjálmsson gerði fyrirspurnir um bíldekk og fleira. Síðan voru reikningarnir bornir undir athvæði, og voru þeir samþykktir með samhljóða athvæðum.
- 4 mál. Kosningar. Fyrst var kosinn 1. maður í stjórn í stað Hjartar Þórarinssonar sem átti að ganga úr, og gaf ekki kost á sér. Kosningu hlaut Sigurður Ólafsson Syðra-Holti með 22 athvæðum. Hjörtur Þórarinsson bar fram munnlega tillögu svohljóðandi „ Aðalfundur Svarfdælad. M. K.E A 13. ap. 1966 samþ. að reglugerð Mjólkurflutninganna verði breitt þannig að hafa skuli 3 varamenn í stjórn og sé kosningu á þeim hagað eins og á aðalmönnunum. “ Var tillagan samþykkt. Þá voru kosnir 2 varamenn í stjórn, Þorgils Gunnlaugsson með 19 athvæðum og er hann því annar varamaður. Þórarinn Jónsson Bakka hlaut 4 athv. og er því þriðji varamaður. Þessu næst var kosning á 50 fulltrúum sem mæta eiga að aðalfundi Mjólkus. KEA. Kaffihlé. Þessir hlutu kosningu.

1. Friðbjörn Zophoníasson Hóli	31 athv.
2. Gísli Þorleifsson Hofsá	31 --
3 Gunnar Rögnvaldsson Dæli	31 --
4 Helgi Símonarson Þverá	31 --
5 Júlíus Friðriksson Gröf	31 --
6 Sigvaldi Gunnlaugsson Hofsáarkoti	31 --
7 Þórarinn Jónsson Bakka	31 --
8 Arngrímur Jóhannesson Sandá	30 --
9 Árni Jónsson Hæringsstöðum	30 --
10 Einar Hallgrímsson Urðum	30 --
11 Halldor Jónsson Jarðbrú	30 --
12 Hjörtur Þórarinsson Tjörn	30 --
13 Jónas Þorleifsson Koti	30 --
14 Kristinn Rögnvaldsson Hnjúki	30 --
15 Ólafur Tryggvason Ytra-Hvarfi	30 --

16	Sigurjón Sigurðsson	Syðra-Hvarfi	30	--
17	Sveinbjörn Guðjónsson	Hreiðarstöðum	30	--
18	Porgils Gunnlaugsson	Sökku	30	--
19	Agnar Þorsteinsson	Hofi	29	--
20	Friðbjörn Jóhannsson	Hlíð	29	--
21	Gestur Vilhjálmsson	Bakkagerði	29	--
22	Hreinn Jónsson	Klaufabr.	29	--
23	Sveinn Vigfússon	Þverá	29	--
24	Friðgeir Jóhannsson	Tungufelli	28	--
25	Friðrik Sigurðsson	Hánefsstöðum	28	--
26	Hermann Aðalsteinsson	Klængshóli	28	--
27	Sigurður Ólafsson	Syðra-Holti	28	--
28	Þorsteinn Kristjánsson	Uppsölum	28	--
29	Björn Júlíusson	Laugahlið	27	--
30	Einar Sigurhjartarson	Skeiði	27	--
31	Jón Gíslason	Hofi	27	--
32	Jónmundur Zóphóníasson	Hrappsstöðum	27	--
33	Karl Karlsson	Klaufabr. koti	27	--
34	Reimar Sigurpálsson	Steindyrum	27	--
35	Klemens Vilhjálmsson	Brekku	26	--
36	Kristján Jónsson	Helgafelli	26	--
37	Daníel Júlíusson	Syðra-Garðshorni	25	--
38	Sigtryggur Jóhannesson	Göngust. koti	25	--
39	Halldór Hallgrímsson	Melum	24	--
40	Gunnlaugur Jónsson	Atlastöðum	23	--
41	Þórarinn Valdimarsson	Göngustöðum	23	--
42	Þórhallur Pétursson	Grund	23	--
43	Gunnlaugur Tryggvason	Þorsteinsstöðum	22	--
44	Ingi Baldvinsson	Bakka	22	--
45	Ester Jósavinsdóttir	Másstöðum	21	--
46	Sigurvin Sigurhjartarson	Skeiði	19	--
47	Sveinbjörn Níelsson	Skáldalæk	19	--
48	Hafsteinn Pálsson	Miðtúni	17	--
49	Jóhann Sigurbjörnsson	Atlastöðum	17	--
50	Magnús Jónsson	Hrappsstaðakoti	17	--
	Varamenn			
1	Björn Jónsson	Ölduhrygg	16	--
2	Þorsteinn Þorsteinsson	Hálsi	14	--
3	Júlíus Daníelsson	Syðra-Garðshorni	13	--
4	Sigtryggur Árnason	Brekkukoti	13	--
5	Gunnlaugur Gíslason	Sökku	11	--
6	Óli Antonsson	Hrísúmi	9	--
7	Stefán Sveinbjörnsson	Miðbæ	9	--
8	Sigurður Kristjánsson	Brautarhóli	9	--

9	Páll Guðmundsson	Upsum	6	--
10	Guðjón Sigurðsson	Svæði	4	--
11	Marínó Sigurðsson	Koti	4	--
12	María Arngrímsdóttir	Hreiðarstaðakoti	3	--
13	Valtýr Jóhannesson	Ytra-Holti	3	--

Kaffihlé. Og er fundur hófst að nýju, var Friðbjörn Zóphóníasson tekinn við fundarstjórn.

5. mál á dagskrá var framtíðarstarfið og önnur mál.

Hjörtur E. Þórarinsson hafði fyrst orðið og talaði fyrir svofeldri tillögu frá stjórn mjólkurflutninganna.

“ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags KEA 13. ap. 1966 samþykkir að flutningsgjald á mjólkurlíter skuli vera kr. 0,68. á árinu 1966 „ Hjörtur sagði að fyrirsjáamlegur væri mikill aukakostnaður, m.a. mætti búast við hækkunum á kaupi og brennsluolíum o.fl. og nú væri orðinn mjög mikill kostnaður vegna óvenju óhagstæðs tíðarfars. Þá gat Hjörtur þess að innlögð mjólk úr deildinni á árinu 1965 hefði verið um 2.5 milj. lítra. Þá ræddi Hjörtur um hvernig hentugast mundi að haga flutningunum í framtíðinni og taldi að ekki væri ráðlegt að farga trukk bílunum og að hagkvæmast mundi að nota jarðýtur í erfiðustu snjóunum. Hjörtur drap á það hvort ekki væri rétt að ráða framkvæmdastjóra fyrir mjólkurflutningana, og las upp tillögu svohljóðandi.

“ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. haldinn haldinn 13. apríl 1966 samþykkir að fela stjórninni að kanna á þessu ári, hvort grundvöllur muni vera fyrir ráðningu sérstaks framkvæmdastjóra mjólkurflutninga og þá hugsanlega í samvinnu við Ræktunarsamband Svarfdæla eða aðra aðila „ Þessi tillaga sem kom frá stjórn mjólkurflutninganna var síðan borin undir athvæði og samþykkt með 17 athvæðum. Orðið var gefið laust og tók fyrstur til máls Klemenz Vilhjálmsson, og talað m.a. um að sér findist of hátt að hækka flutningsgjaldið á mjólkinni upp í 68 aura á líter, og hann álti að haga mætti vetrarflutningunum betur en nú er gert, t.d. með notkun beltadráttarvéla. Þorgils Gunnlaugsson hvaddi sér hljóðs og ræddi m.a. um að samræma þyrfti aðstoð þá sem veitt er bændum við að koma mjólkinni á aðal flutningaleiðina. Einnig minntist Þorgils á það hvort ekki mundi vera æskilegt að koma upp gerilsneiðingastöð á Dalvík. Nokkrir fleiri tóku til máls og töluðu aðallega um vetrarflutningana. Gestur Vilhjálmsson minntist á það hvort ekki þyrfti að breita tökutíma mjólkurinnar í sveitinni. Hjörtur Þórarinsson ræddi það mál nokkuð og taldi að breita þyrfti tímanum vegna þess hvað mjólkinn flokkast illa með þessu fyrirkomulagi, og sýndi hann fram á það með súluriti hvað mjólk sem tekin var á öðrum tíma dagsins (þ.e. fyrir hád. og farið var með strax inneftir) um tíma í fyrra sumar, hefði flokkast betur.

Svohljóðandi tillaga kom frá Þorgils Gunnlaugssyni.

“ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A haldinn 13/4 1966 samþykkir að flutningsgjald á mjólkinni fyrir árið 1966 skuli vera 0,70. krónur „ Tillagan borin undir athvæði og samþykkt með 17. athv. gegn 8.

Friðbjörn Zóphóníasson hvaddi sér hljóðs og færði Hyrti Þórarinssyni þakkir fyrir [störf SBG] í þágu mjólkurflutninganna.

Friðbjörn færði mjólkurbílstjórunum einnig þakkir fyrir þeirra störf. Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin lesin og borin undir athvæði og samþykkt.

Fundi slitið.

Sigurjón Sigurðsson

Fundargerð

Fimmtudaginn 14. apríl 1966 kom stjórn Svarfdælad. Mjólkursamlags K. E. A. saman á fund að Hóli.

Fyrst lá fyrir að kjósa formann. Sigurður Ólafsson Syðra-Holti var kosinn með tveim athvæðum. Varaformaður var kosinn Friðbjörn Zóphóniasson og ritari Sigurjón Sigurðsson.

Annað málið sem lá fyrir, var að telja athvæði þeirra fulltrúa sem eiga að mæta á ársfund Mjólkursamlags K.E.A. á Akureyri.

Þriðja málið var að ræða um ráðningu bílstjóra fyrir þann tíma sem nota þarf þriðja bilinn í sumar.

Og í því sambandi var ákveðið að reina að fá leifi fyrir meiraprófslausan mann, ef óhjákvæmilegt reynist að ráða slíkan mann. Einnig var rætt um að athuga um möguleika á að fá breitingu á flutningafyrirkomulaginu.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið.

Sigurjón Sigurðsson
Friðbjörn Zophoniasson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Föstud. 20 apríl 1966. kom stjórn mjólkurflutninganna saman að Syðra-Holti.

Fyrir fundinum lá að ráða bílstjóra yfir sumarmánuðina. Var ákveðið að ráða Friðgeir Jóhannsson Tungufelli frá 1. júní.

Einnig var rætt um að taka einhverja af trukkunum af skrá yfir sumartímann.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Sigurjón Sigurðsson
Friðbjörn Zophóniasson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Mánudaginn 30. maí 1966 helt stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. fund að Syðra-Holti. Á fundinum mættu mjólkurbílstjórnir Jón Jónsson, Gunnlaugur Sigvaldason og Jóhann Sigurbjörnsson.

Til umræðu var að breita tímanum á töku mjólkurinnar í sveitinni. Ákveðið var, að frá og með fyrsta 1. júní 1966 verði tekin mjólk á tvo bíla á mornanna, og einn bíl að kvöldinu. Og verði bílarnir kl. 9.30 að morninum fram á endunum, en kvöldbíllinn fari frá Dalvík kl. 5.e.h.

Einnig var rætt um að reina að fá lækkaðann þann mikla kostnað sem er við talstöðvarnar, sem mjólkurflutningarnir nota aðeins að vetrinum.

Rætt var um að kaupa „dísel vél,, og setja í einn trukkíllinn í stað benzínvelarinnar.

Þá fékk Gunnlaugur Sigvaldason leiði til að fara frá í nokkra daga, enda skaffi hann mjólkurflutningunum mann fyrir sig.

Fundargerðin lesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Sigurjón Sigurðsson
Friðbjörn Zophoniasson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Þriðjudaginn 28 júní 1966. kom stjórn Svarfdælad. Mjólkursamlags K.E.A. á fund að Syðra-Holti. Fyrst var til umræðu „aðstöðugjald,, sem lagt var á mjólkurflutningana, af Svarfaðardalshrepps hreppsnefnd. nú í fyrsta sinn. Stjórnin sér ekki ástæðu til að andmæla því.

Svohljóðandi bréf hafði formanninum borist.

Stjórn Mjólkurflutninga Svarfdæla!

Eg undirritaður segi hér með upp starfi mínu sem mjólkurbílstjóri hjá Mjólkurflutningum Svarfdæla frá og með 16. júní 1966.

Dalvík 16 júní 1966. Gunnlaugur Sigvaldason.

Munnleg tilmæli höfðu komið frá Mjólkurbílstjórunum um kauphækkun.

Sér stjórnin ekki ástæðu til að verða við þeirri beiðni þar sem nú standa yfir samningar um kauphækkunir hjá Verkalíðsfélögum og fá þá bílstjórnir hækkunir eftir gildandi samningi, þegar þær kauphækkunir koma til framkvæmda.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið.

Sigurjón Sigurðsson
Friðbjörn Zophoníasson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Föstudaginn 19. ágúst 1966 kom stjórn Mjolkurflutninga Svarfdæla saman á fund að Syðra-Holti.

Fyrst var rætt um ráðningu á bílstjóra til slaturfjárfluttn. í haust. Ekki var hægt að taka ákvörðun um neinn sérstakann mann að svo stöddu. En formanninum var falið að athuga það mál.

Því næst var rætt um verð á mjólk sem hellist niður á bílunum, og mjólkurflutningarnir greiða. Ákveðið var að greiða hana á því verði sem bændur fá fyrir innlagða mjólk á hverjum tíma, að frádregnu flutningsgjaldi og innviktunargjaldi þegar um það er að ræða.

Í þriðja lagi var rætt um að fá að halda sama tíma og verið hefur í sumar á töku mjólkurinnar. Rætt var um að selja bílskúrinn og byggja annan í staðinn, en ekki tekin ákvörðun um hvenær í það verður ráðist. En talið er að skúrinn sé ónógur og illa staðsettur.

Rætt var um og ákveðið eftirtalið flutningsgjald af sláturfé. Fyrir fullorðinn stórgrip og fyrir ungvíði niður að ½ árs kr. 60.00, fyrir kálfa að ½ árs aldri kr. 25.00, fyrir fullorna kind kr. 7.00 og fyrir lamb kr. 7.00.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið
Friðbjörn Zophoníasson Sigurjón Sigurðsson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Laugardaginn 3. september 1966 kom stjórn Mjólkurfl. Svarfdæla á fund að Syðra-Holti. Rætt var um ráðningu á manni til sláturfjárflutninga. Ákveðið var að ráða Júlíus Steingrímsson frá og með 16. september til 31. október, fyrir kr. 16.000.00 á mánuði.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Sigurjón Sigurðsson
Friðbjörn Zophoníasson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Sunnudaginn 10. desember 1966 kom stjórn Mjólkurflutninga Svarfdæla saman til fundar að Syðra-Holti. Fyrst var rætt um kaup á mjólkurdunkum, og var ákveðið að panta ekkert af þeim að svo stöddu, þar sem lítið hefur selst af þeim á þessu ári og nokkurt magn liggur óselt. Síðan var rætt um, og ákveðið að gera Svarfaðardals og Dalvíkurhreppum reikning fyrir flutningi á úrtíningskindum í haust.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið.

Sigurjón Sigurðsson
Friðbjörn Zophoníasson
Sigurður Ólafsson

1967

Fundargerð.

Þriðjudaginn 11. apríl. 1967 kom stjórn Svarfdælad. Mjólkursamlags K.E.A. á fund að Syðra-Holti og voru allir stjórnarmenn mættir að vanda.

Fyrst var rætt um breitingu á afgreiðslustað mjólkurbíla, á Dalvík.

Í ráði mun vera að lögð verði niður afgreiðslan sem bílarnir hafa hjá Ú.K.E.D. á pökkum og pósti fá ymsum aðilum. Einnig er í ráði að færa talstöðina úr sama húsnæði.

Munnleg tilmæli haf komið til formanns stjórnar mjólkurflutninganna Sig. Olafssonar frá umboðsmanni Olíuverzlunar Íslands Gunnari Jónssyni á Dalvík um að færa afgreiðsluna og talstöðina í húsnæði sem Olíuverzlunin er að láta byggja á Dalvík, og mun í ráði að sérleifið Dalvík-Akureyri hafi þar afgreiðslu, og e.t.v. fleiri aðilar.

Ákveðið var af Stjórninni að bíða eftir skriflegu tilboði.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Sigurjón Sigurðsson
Friðbjörn Zophoníasson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Fimmtudaginn 13. apríl 1967 kom Stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. á fund að Syðra-Holti, og var öll stjórnin mætt.

Rekstrarreikningur deildarinnar fyrir árið 1966, hafði borist formanni þá um morguninn frá Ú.K.E.D., sem sér um allt reikningshald deildarinnar.

Athugaðir voru reikningar og fylgiskjöl.

Ákveðið var að boða til aðalfundar mánud. 24. þ.mán.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið.

Sigurjón Sigurðsson
Friðbjörn Zophoníasson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Föstudaginn 21. apríl 1967 kom stjórn Svarfdæla deildar Mjólkursaml. K.E.A á fund að Syðra-Holti Og var stjórnin öll mætt.

Fyrir fundinum lá að semja kostnaðaráætlun fyrir árið 1967.

Þá var samin dagskrá fyrir væntanlegan aðalfund.

Einnig var rætt um að leita eftir því við viðkomandi aðila, að fá að láta mjólkurbíla ganga á svipuðum tíma og var síðastliðið sumar. En sá tími hafði mikla breitingu í för með sér, til hins betra, t.d. á flokkun mjólkurinnar.

Fleira ekki tekið fyrir.

Sigurjón Sigurðsson
Friðbjörn Zophoníasson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Árið 1967 mánudaginn 24 apríl var ársfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. haldinn, að þinghúsinu á Grund. Formaður deildarinnar Sigurður Ólafsson setti fundinn og stjórnaði honum og nefndi hann til fundarritara Árna Jónsson.

Var þá gengið til dagskrár og fyrir tekið:

1. Skýrsla stjórnarinnar: Deildarformaður Sigurður Ólafsson skýrði frá störfum deildarinnar á árinu, sem hafði verið að mörgu leiti erfitt fluttningunum sérstaklega hvað veðráttu snerti, þá hafði mjólkur framleiðsla minkað á deildarsvæðinu um rúma 68 þúsund litra.
2. Reikningar deildarinnar: Sigurður Ólafsson las reikningana og skýrði þá mjög ítarlega. Reyndust niðurstöðu tölur rekstrarreikningsins kr. 2.305.187,42. og á eignareikningi kr. 1.167,120,00
3. Umsögn endurskoðenda: Gestur Vilhjálmsson annar endurskoðandi reikninganna, skýrði álit endurskoðendanna. Taldi hann reikningana mjög vel færða og glögga, svo gott væri að glöggva sig á þeim. Vakti hann athygli á tveim liðum reikninganna, annars vegar hinni háu skuld við Kaupfélagið, sem væri að miklu leyti frá fyrra ári og hinsvegar væri stjórnarkostnaður mjög lítill, sem kæmi að miklu leyti til af því að stjórnin hefði ekkert tekið fyrir sín störf, sem hann taldi óeðlilegt, að öðru leyti legðu endurskoðendur til að reikningarnir yrðu samþykktir óbreyttir. Var orðir gefið frjálst um alla þrjá framan talda dagskrár liði. Komu fram nokkrar fyrirspurnir og var

þeim svarað eftir föngum, og eftir nokkrar umræður voru reikningarnir bornir upp og samþykktir með samhljóða atkvæðum.

4. Kostningar a) Kosinn einn maður í deildarstjórn í stað Sigurjóns Sigurðssonar Syðra-Hvarfi. Kostningu hlaut Friðbjörn Jóhannsson Hlíð með 10 atkv.
- b) Kosinn einn varamaður í stjórn í stað Magnúsar Jónssonar Kosinn var: Jónmundur Zophoníasson Hrafnstöðum.
- c) Kosnir 2 endurskoðendur, voru þeir endur kosnir Gestur Vilhjálmsson Bakkagerði og Helgi Símonarson Þverá.
- d) Kosnir 49 fulltrúar á ársfund Mjólkursamlagsins Akureyri. Kosningu hlutu:

1. Friðbjörn Zophoníasson	27 atkv.
2. Friðbjörn Jóhannsson	27 -
3. Þorgils Gunnlaugsson	26 -
4. Júlíus Friðriksson	26 -
5. Einar Sigurhjálmsson	26 -
6. Jónas Þorleifsson	26 -
7. Sigvaldi Gunnlaugsson	26 -
8. Ólafur Tryggvason	26 -
9. Kristinn Rögnvaldsson	26 -
10. Sveinbjörn Guðjónsson	26 -
11. Halldór Jónsson	26 -
12. Sigurður Ólafsson	25 -
13. Friðrik Sigurðsson	25 -
14. Þorsteinn Kristjánsson	25 -
15. Gísli Þorleifsson	25 -
16. Sigurjón Sigurðsson	25 -
17. Sveinn Vigfússon	25 -
18. Gunnar Rögnvaldsson	25 -
19. Árni Jónsson	25 -
20. Karl Karlsson	25 -
21. Hjalti Haraldsson	25 -
22. Hjörtur Þórarinnsson	25 -
23. Agnar Þorsteinsson	24 -
24. Arngrímur Jóhannsson	24 -
25. Hreinn Jónsson	24 -
26. Einar Hallgrímsson	24 -
27. Þórarinn Jónsson	24 -
28. Gestur Vilhjálmsson	24 -
29. Daníel Júlíusson	24 -
30. Björn Júlíusson	24 -
31. Hermann Aðalsteinsson	23 -
32. Helgi Símonarson	23 -
33. Kristján Jónsson	23 -
34. Jónmundur Zophoníasson	23 -

35. Ester Jósavinsdóttir	22 -
36. Þórarinn Valdimarsson	22 -
37. Gunnlaugur Tryggvason	21 -
38. Ingvi Baldvinsson	21 -
39. Þorhallur Pétursson	21 -
40. Gunnar Jónsson	21 -
41. Steingrímur Eiðsson	21 -
42. Halldór Hallgrímsson	20 -
43. Sveinbjörn Níelsson	20 -
44. Gunnlaugur Jónsson	19 -
45. Sigtryggur Jóhannesson	19 -
46. Friðrik Magnússon	18 -
47. Reimar Sigurpálsson	18 -
48. Klemenz Vilhjálmsón	18 -
49. Hafsteinn Pálsson	17 -
Varamenn:	
1. Magnús Jónsson	15 -
2. Jóhann Sigurbjörnsson	15 -
3. Friðgeir Jóhannsson	15 -
4. Karl Þorleifsson	14 -
5. María Arngrímsdóttir	13 -
6. Marínó Sigurðsson	12 -
7. Þorvaldur Þorsteinsson	11 -
8. Sigmar Pétursson	19 -
9. Þorsteinn Þorsteinsson	9 -
10. Guðlaug Kristjánsdóttir	9 -
11. Páll Guðmundsson.	9 -.

5. Framtíðarstarfið og mál fundarmanna:

Sigurður Ólafsson gaf orðið frjálst stjórnin hefði ekkert fram að færa að svo stöddu.

Jónmundur Zóphoniásson sagðist hafa vænst einhverra tillagna frá stjórninni um framtíðar starfið. Kom þá fram eftirfarandi tillaga frá stjórninni.

„ Aðalfundur mjólkurflutninga Svarfdælaneildar haldinn í þinghúsinu á Grund 24 apríl 1967 samþykkir að flutningskosnaður á mjólk hækki úr 70 aurum í 80 aura á hvern lítra. “

Urðu nokkrar umræður um tillöguna en engin gagnrýni til lækkunar. Helgi Simonarson gerði að munnlegri tillögu sinni að flutningsgjaldið yrði 85 aurar fyrir hvern litra.

Var tillaga Helga Símonarsonar samþykkt samhljóða.

Jónmundur Zóphoniásson spurði hvort einhver breyting væri framundan á afgreiðslu bílanna á Dalvík. Einnig vildi hann að settar yrðu fleiri talstöðvar í bíla.

Nokkrar umræður urðu um afgreiðslu bílanna hvort flytja ætti hana á sama stað og afgreiðslu rúttunnar en engin ákvörðun tekin.

Þórarinn Jónsson spurðist fyrir um á hvaða hvaða tíma mjólkinn yrði tekin í sumar og lýsti hann ánægju sinni með þann tíma sem mjólkinn var tekin á s.l. sumri (morgnana)

Þá kom fram svohljóðandi tillaga.

„ Aðalfundur mjólkurflutninga deildar Svarfdæla haldinn að Grund 24/4 1967 samþykkir að laun stjórnar mjólkurflutninga Svarfdæladeildar skuli vera kr. 12.000 –

Þorgils Gunnlaugsson Jónmundur Zóphoníasson

Frá Friðbirni Zóphoníassyni kom fram munnleg breitingartillaga að í stað „Stjórnar“, kæmi „formaður.“ Þá kom fram önnur breytingartillaga frá Helga Símonarsyni „ Fundurinn samþykkir að greiða deildarstjóra mjólkurflutninganefndar kr. 10.000 fyrir síðast liðið ár og öðrum aðalmönnum nefndarinnar kr. 1.000.- hvorum. Gilda þessar upphæðir þar til annað verður ákveðið. “ Var þessi tillaga samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin lesin og samþykkt. Þá þakkaði deildarstjóri Sigurjóni Sigurðssyni samstarfið á liðnu ári, og einnig þakkaði Sigurjón samstarfsmönnum sínum í stjórninni og öðrum gott samstarf.

Fundi slitið.

Árni Jónsson.

(fundarritari)

Starfsskýrsla.

Mjólkurnefndar Svarfdæladeildar 1966.

Í nefndinni hafa starfað:

Friðbjörn Zóphoníasson Hóli.

Sigurjón Sigurðsson Syðra-Hvarfi, og

Sigurður Ólafsson Syðra-Holti.

Síðan 13. apríl 1966 er Hjörtur Þórarinsson hætti eftir 6 ára starf, og flyt ég honum beztu þakkir, því varla má það minna vera.

Ökumenn voru þeir sömu til 16. september 1966 er Gunnlaugur Sigvaldason hætti störfum, við tók Júlíus Steingrímsson og af leysti í sumarfrí Friðgeir Jóhannsson og þakka ég þeim öllum fyrir störfin.

Það er ykkur öllum kunnugt, að veturinn 1966 var einn með þeim erfiðustu og dýrustu fyrir okkar mjólkurflutninga.

Fljótt eftir að snjórinn var fjarlægður af vegunum, þá tók við aurbleita svo lengi að Trukkbilana varð að nota til 10. maí.

T.d. 2. maí þurfti að senda 5 bíla með tveggja daga mjólk til Akureyrar eftir að öxulþungi var takmarkaður á vegum.

Oftast voru bílarnir þó þyngri en þeir máttu vera, en það furðulega skeði að aldrei lentu þeir þó í höndum vegalögreglunnar.

Flutningarnir gengu vel síðustu mánuði ársins, nema síðustu vikuna, sem var mjög erfið og dýr.

Eftir því sem ég kemst næst mun það hafa kostað 20 til 30 þúsund, að koma fimm mála mjólk á markaðsstað.

Mjólkurframleiðendur í Svarfdælaneild voru 70 á árinu, og lögðu þeir inn samtals 2.444.220 lítra en það er 68.989 lítrum eða 2,74% minna en árið 1965 (minkun í samlaginu 3,43%)

Meðalmjólkurframleiðandinn í deildinni lagði því inn 34.917 lítra, en árið 1965 voru 72 mjólkurframleiðendur og var því hliðstæð tala þá 34.905 lítrar á innleggjanda.

Meðalfita mjólkurinnar var 3,915 % 1966 en 3,956 % 1965.

Útborgað verð til framleiðenda árið 1966 samtals kr 14.110.714 og er það 283.575 krónum meira en árið 1965. Þetta gerir 577,30 auru á lítra á móti 550,17 auru árið 1965 eða 27,13 auru meira. Meðal útborgunar verð í samlaginu var 585,8 auru á lítra og er það tæpum 8 auru meira en hjá okkur.

Flokkun mjólkurinnar var betri árið 1966 en 1965 og ræður þar mestu um sú breiting sem varð á töku mjólkurinnar frá heimilunum.

Ég fylgdist vel með þessu og það mátti heita undantekning að mjólk færi í 3. flokk af þeim bílum sem tekið var á, á morgnanna en um leið og skiptin urðu komu nokkur tilfelli með 3. flokks og jafnvel 4. flokks mjólk.

Sýnir þetta glögg hvað kælibúnaðurinn í skúrnum kemur að mjög litlu gagni.

Meðal frádrag vegna flokkunar mjólkurinnar í samlaginu 1966 var 2,31 auru á lítra.

Úr Svarfdælaneild var frádragið 1,84 auru á lítra, sem er tæpum ½ eyri minna.

Og mun þá Svarfdælaneild vera 5. bezt í röðinni með flokkun af 13 deildum Mjólkursamlagsins.

Mánaðarkaup ökumanna hækkaði á árinu úr krónum 12.424,00 í kr. 13.767,00 eða um 1.244,00 kr. Hækkun þessi stafar af þremur kaupgjalds vísitöluhækkunum og einni grunnkaupshækkun sem var 3,5%.

Helgidaga kaup var og er óbreitt, eða 500,00 kr fyrir hvern unninn helgidag.

Verkstæðiskostnaður var mjög mikill á árinu og liggja til þess margar ástæður.

Sumarbílarnir A – 2098 og A – 978 voru teknir upp og sprautaðir, kostaði það hátt á annað hundrað þúsund.

Settur var díselmótor í einn trukkin sem er A – 918, töldum við það hyggilegra heldur enn, að láta gera við benzinmótorinn, því það hefði kostað 30 – 40 þúsund krónur.

Það óhapp kom fyrir síðastliðið sumar að A – 2098 sem er frambyggði sumarbíllinn, bilaði mikið, það þurfti að fá í hann slífar, stimpla og hringa, þegar átti svo að fara að setja saman þá pössuðu ekki stengurnar svo kaupa þurfti þær líka.

Þetta mun hafa kostað rösk 60 þúsund.

Sundurliðun á verkstæðiskostnaði bílanna.

Samanlagður verkstæðiskostnaður fyrir 3 vetrarbílana var kr. 129.044,20

Fyrir A – 1418 sem er framdrifs Volvóinn	43.732,67
-- A – 978 eða eldri sumarbíllinn	138.558,60
-- A – 2098 sem er yngri sumarbíllinn	163.177,15,

sem er mesti viðhaldskostnaðurinn og vera þó yngsti bíllinn.

Flutningur með bílunum var svipaður og árið áður nema frá samlaginu var hann nálægt 20 tonnum meiri. Samlagið greiddi 325 kr. fyrir tonnið, sem er 25 kr hærra en í fyrra. Auk þess greiddi samlagið allan uppskipunarkostnað, af mjólk þeirri sem flutt var á sjó og skiptir sú upphæð tugum þúsunda síðast liðið ár.

Mjólkinn héðan úr Svarfdælaneild þrjá fyrstu mánuði ársins 1967 er 398.444 lítrar, sem er 28.533 lítrum minna en árið 1966 eða 6,67% minna.

Nú hefi ég minnst á helztu atriðin varðandi þennan rekstur og læt ég hér staðar numið.
Sigurður Ólafsson, formaður.

Fundargerð.

Laugardaginn 27/5 1967, var fundur haldinn, að Syðra-Holti í mjólkurflutninga nefnd Svarfdæladeildar.

- 1: Ákveðið var að ráða Ófeig Jóhannesson að mjólkurflutningunum frá 1 júní til sept. loka. fyrir sama kaup og greitt er fastráðnum mjólkurbílstjórum.
- 2: Formaður Sigurður Ólafsson las upp bréf frá mjólkurbílstjórunum, þar sem þeir segja upp ráðningasamningi þeim, sem starfað hefir verið eftir. Bréfið dagsett 15/5. s.l.
Uppsagnarfræstur 3 mánuðir.

Rætt var um að hækka helgidagakaupið úr 500 kr. upp í 700 kr
Og var ákveðið að kalla bílstjórana á fund til viðræðna um þetta mál

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoníasson
Friðbjörn Jóhannsson

Fundargerð.

Þriðjudaginn 18. júlí 1967 var fundur haldinn að Syðra-Holti, í mjólkurnefnd Svarfdæladeildar.

- 1: Formaður Sigurður Ólafsson, gat þess að Trukkbifreiðin A – 918 hafi verið leigð Helga Jónssyni, er vinnur hjá rafmagnsveitu frá 10 júlí um óákveðin tíma.
- 2: Formaður gat þess að flutninga kerra sem mjólkurflutningarnir eiga, muni verða seld Óskari Jónssyni á 18 þúsund kr.

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundi slitið.

Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoniasson
Friðbjörn Jóhannsson

Fundargerð:

Föstudaginn 5 maí* 1967, kom mjólkurflutninga nefndin á fund að Syðra-Holti.

- 1: Gengið var frá kjörbréfum fulltrúa á aðalfund mjólkursamlags K.E.A. er haldinn verður þriðjud. 9. þ. mán.
- 2: Rætt var um og áhveðið, að þeir sem hefðu að láni samlagsdunka, skiluðu þeim hreinum og þurrum.
- 3: Formanni Sig. Ólafs. falið að ráða mann.

* [Ath.: Þessi fundargerð augljóslega færð inn eftir á, á autt svæði í bókinni. SBG]

Fundargerð.

Miðvikudaginn 26/7 1967 var fundur haldinn að Syðra-Holti, í mjólkurflutninga nefnd Svarfdæladeildar.

Mættir voru tveir bílstjórar mjólkurflutninga bílanna, til umræðu var kaupsamningur, sem sagt var upp 15/5 1967. Samkomulag varð um að fast mánaðarkaup yrði óbreytt, en helgidagakaup hækkaði úr kr 500 – 700 fyrir hvern unninn helgidag.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.

Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoniásson
Friðbjörn Jóhannsson

Fundargerð.

Föstudaginn 3 nóv 1967 var fundur haldinn að Syðra-Holti, í mjólkurflutninganefnd Svarfdæladeildar.

- 1: Rætt var um það að nauðsynlegt væri að byggja yfir ýtusleðann og var formanni falin framkvæmd á því.
- 2: Rætt var um það að nauðsynlegt væri að athuga um kaup á nýjum bíl í því sambandi las formaður bréf frá Volvóumboðinu í Reykjavík.
Var formanni falið að afla sér nákvæmra upplýsinga, hjá umboðsmanni um stærð og gerð, einnig greiðsluskilmála, því nefndin var sammála um að mjög væri aðkallandi að festa kaup á nýjum bíl vegna mjólkurflutninganna.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoniasson
Friðbjörn Jóhannsson

Fundargerð.

Fimmtudaginn 7. des. 1967 var fundur haldinn, að Syðra-Holti, í stjórn mjólkurflutninga Svarfdæladeildar.

- 1: Tekin var ákvörðun um að fara ekki í bílkaup að svo stöddu, vegna nýafstaðinnar gengisfellingar, heldur var ákveðið að láta yfir fara og endurbæta eldri sumarbílinn A – 978 og kaupa á hann vökvastýri.
- 2: Formaður lagði fram svohljóðandi kaupsamninga mjólkurbílstjóra.

Ráðningarsamningur:

Stjórn flutningafelags Svarfdæladeildar Mjólkursamlagsins og undirritaðir bílstjórar gera með sér svofeldan ráðningarsamning:

- 1: grein: Laun bílstjóra skulu vera kr 13.767,00 þrettán þúsund sjö hundruð sextíu og sjö krónur á mánuði, til 31. desember 1967 en hækki í 14.000,00 kr. fjórtán þúsund krónur á mánuði frá 1. janúar 1968. Verði breyting á almennu kaupgjaldi í landinu, skulu föst laun bílstjóra breytast til samræmis við þær.
2. grein: Fyrir hvern lögboðinn frídag, sem bílstjórar vinna, skulu þeir fá greiddar kr. 700,00 sjö hundruð kr.
3. grein: Bílstjórar skulu taka sumarfrí samkvæmt þeim reglum, sem gilda hjá

samningsbundnum meðlimum verkalíðsfélaga.

4. grein: Bílstjórar skulu haga störfum í samráði við stjórn Mjólkurflutninganna.
5. grein: Hver aðili fyrir sig getur sagt upp þessum samningi með þriggja mánaða fyrirvara.
Syðra-Holti, 8 nóvember 1967.

Í stjórn Mjólkurflutninganna:
Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zóphoniasson
Friðbjörn Jóhannsson

Mjólkurbílstjórar.
Jón Jónsson
Jóhann Sigurbjörnsson
Júlíus Steingrímsson

- 3: Lokið var við að byggja yfir annan ýtusleðann og kostaði það kr. 24.000.
Og ákveðið var að láta byggja yfir hinn sleðann líka.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið.

Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoniasson
Friðbjörn Jóhannsson

1968

Fundargerð.

Miðvikudaginn 21. febrúar 1968. kom stjórn mjólkurflutninga Svarfdæladeildar, saman á fund í Syðra-Holti.

Nefndarformaður Sigurður Ólafsson greindi frá því að hann hefði átt viðræður við framkvæmdastjóra K.E.A. varðandi vöruflutninga frá K.E.A. til Ú. K.E. Dalvík. Verkefni þessa fundar var því að ákveða flutningataxta

Fundurinn samþykkti að framvegis þar til annað yrði ákveðið, skyldi flutningataxti á vörum fluttum með mjólkurbilunum frá K.E.A. til Ú.K.E. Dalvík vera kr. 275,00 pr. tonn og kr. 12.00 á pakka.

Fundurinn ákvað að byggt skyldi yfir ýtusleðan, þann er eftir var að byggja yfir.

fleira ekki tekið fyrir.
Friðbjörn Jóhannsson
Sigurður Ólafsson

Friðbjörn Zophoníasson

Hr. bóndi Sig. Ólafsson
1968
Syðra-Holti
Svarfaðardal.

Akureyri, 29. jan.

Góði vinur!

Sendi þér hjálagt gildandi fragttaxta „Stefnis“ á langleiðum. Samkv. þessum taxta mundi flutningur til Dalvíkur, ef leiðin er reiknuð fram og aftur ca. 100 km. vera rétt um 300,00 kr. pr. tonn.

Mjólkurbílarnir í Höfðahverfi flytja fyrir útibúið í Grenivík og taka 260,00 kr. pr. tonn og ef um stykkja flutning er að ræða þá 8.00 kr. colli

Nú mundi ég lang helzt kjósa, að allt væri flutt á tonntaxta, t.d.kr. 300,00 pr tonn, til Dalvíkur og geri ráð fyrir að útibússtjóranum okkar í Grenivík muni takast að fá felldan niður stykkja taxtan og semji eingöngu um tonn taxta. Það væri miklu léttara að hafa taxtan þann sama fyrir allt, sem flutt yrði og vildi ég nú biðja þig að athuga hvort þið gætuð ekki fallist á þennan taxta einan.

Ekki hefi ég getað fengið upp hve mikið magn þetta yrði á viku enda sjálfsagt talsvert mismunandi frá viku til viku. Vörurnar þyrfti að taka hér í aðalbirgðastöðinni við Nýlenduvörudeildina, í kornvörupakkhúsinu á hafnarbakkanum – í bögglageymslunni og ef til vill í Byggingavörudeild, þó mætti haga því eftir hentugleika hvort vörurnar væru teknar á öllum þessum stöðum, eða t.d. aðeins á einum stað sama daginn. Þú gjörir svo vel að láta mig vita þegar fl.nefndin hefir athugað málið.

Með beztu kveðju,

Jakob Frímannsson

Hr. framkv.stjóri
1968
Jakob Frímannsson

Syðra-Holti, 5. febr.

Sæll og blessaður!

Ég hefi mótttekið bréf þitt frá 29. jan og lagt það fyrir stjórn mjólkurflutninga Svarfdælaneildar.

Að umræðum loknum var samþykkt, að taka kr 275 pr. tonn og kr. 12 á stykki, og er þetta lítið dýrara en verið hefur. Sjálfir þurfum við að greiða 85 aura fyrir hvert kg. af mjólk sem við flytjum til Akureyrar.

Ef að þessum flutningataxta verður gengið, þá er það sett að skilyrði að vörurnar verði ekki fluttar með öðrum bílum, svo framarlega að vöruflutningur verði ekki það mikill, að mjólkurbílarinn þrjú geti ekki annað því. Mjólkurbílarinn hafa flutt vörur fyrir allar deildir útibúsins á Dalvík til fleiri ára og ég álit að það hafi verið ódýrustu og öruggustu flutningarnir.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt okkur að það getur skipt mánuðum, sem ekki er fært milli Akureyrar og Dalvíkur vegna aurbleytu og snjóá, öðrum bílum en trukkum og stundum því aðeins að þeir séu fleiri en einn saman á ferð.

Virðingarfyllst.
f.h. mjólkurflutninga Svarfdæladeildar,

Sigurður Ólafsson.

Hr. bóndi Sigurður Ólafsson,
1968

Syðra-Holti,
Svarfaðardal.

Akureyri, 19 febr.

Góði vinur!

Ég hefi móttengið bréf þitt frá 5. þ.m. og höfum við ákeðið að ganga að þeim skilmálum sem þar eru fram settir.

Taxtarnir verði þá fyrir þungavöru og sekkjavöru kr. 275/- pr. tonn og fyrir aðra vöru reiknast kr. 12/- pr. stk. - þið takið að ykkur að annast alla flutninga K.E.A. milli Dalvíkur og Akureyrar unz öðruvísi verður um samið.

Samningurinn sé uppsegjanlegur frá beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara.

Með bestu kveðju

Jakob Frímansson.

Hr. framkvæmdastjóri,
Jakob Frímannsson.

Syðra-Holti, 3 marz 1968

Komdu sæll!

Ég hefi mótttekið bréf þitt frá 19. febr. 1968; þar sem þið gangið að umræddum flutningataxta.

Eins og þér hlýtur að vera kunnugt þá eru til margar vörutegundir, sem mjólkurbílarinnir meiga ekki flytja t.d. sement, áburður og m.fl.

Þess vegna getum við ekki og munum ekki taka á okkur neinar skuldbindingar, hvorki varðandi uppsagnarfrest né annað.

En eins og ég hefi áður tekið fram munum við flytja svo mikið, sem við meigum og getum flutt.

Ég geri ráð fyrir því að bílstjórafélög á Akureyri og Dalvík geti hvenær sem þeim dettur í hug bannað okkur að flytja þessar vörur, ef þau sæu sér það fært.

Að endingu óska ég þess að greiðsla fyrir þennan flutning verði færð inn á mjólkurflutningareikning Svarfdæladeildar í Ú. K. E. Dalvík mánaðarlega.

Virðingarfyllst
f.h. mjólkurflutninga Svarfdæladeildar
Sigurður Ólafsson.

Fundargerð.

Fimmtudaginn 28. og föstudaginn 29 marz 1968, kom stjórn mjólkurflutninga Svarfdæladeildar, saman á fundi í Syðra-Holti.

Fyrri daginn var einn stjórnarmanna Friðbjörn Jóhannsson ekki mættur. Það sem fyrir þessum fundi lá, var að yfirlíta reikninga séðasta starfsárs. Síðari daginn var tekið fyrir.

1. Gerð var kostnaðaráætlun fyrir árið 1968 og rætt um rekstur bílanna.
2. Undirbúin og samin dagskrá fyrir ársfund deildarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir.

Friðbjörn Jóhannsson
Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophóniasson

Fundargerð.

Árið 1968 miðvikudaginn 3 apríl var ársfundur mjólkurfl. Svarfdæladeildar haldinn í þinghúsinu að Grund.

Formaður deildarinnar Sigurður Ólafsson setti fundinn og stjórnaði honum, nefndi hann til fundarritara Árna Jónsson. Var þá gengið til dagskrár og fyrir tekið:

- 1: Skýrsla stjórnarinnar: Formaðurinn Sigurður Ólafsson flutti skýrslu stjórnarinnar. Rekstur bílanna gekk vel á árinu, nokkur aukning varð á mjólkurframleiðslu í deildinni á árinu.
- 2: Reikningar mjólkurbílanna: Deildarformaður las og skýrði reikningana mjög rækilega. Var útkoma reikninganna mjög eða sjaldan eða aldrei betri.

Þá tók til máls annar endurskoðandi og sagði álit sitt á reikningunum, taldi hann árferði hafa orðið flutningunum hagstætt og einnig hefði sitt að segja hve góð stjórn væri á þessum málum.

Þá gat hann þess að nú í fyrsta sinn væru vextir tekju megin á rekstrarreikningi en áður hefðu verið stórar upphæðir gjaldamegininn á vöxtum.

Að lokum sagði hann að endurskoðendur legðu til að reikningarnir yrðu samþykktir eins og þeir lægju fyrir. Var síðan orðið gefið frjálst um báða dagskrárliðina skýrslu stjórnarinnar og reikningana. Reimar Sigurpálsson spurði hvernig stæði á lækkun rafmagnskostnaðar. Árni Jónsson spurði hver væri rekstrarhagnaður ársins einnig taldi hann nauðsynlegt að lagt væri fé til hliðar bæði til endurnýjunar bílanna og ófyrirsjáanlegra óhappa. Formaður upplýsti að lækkun rafmagns stafaði af því að mjólkinn væri tekin á morgnanna, því væri kælingin ekki notuð í bílskúrnunum.

Þá sagði hann að rekstrarhagnaður ársins væri 960 þús. kr. Og einnig taldi hann nauðsynlegt að fé væri lagt til hliðar vegna bíl kaupa.

Helgi Símonarson benti á að ekki væri í reikningunum kr. 10.000 þóknun til formans. Friðbjörn Zophoníasson ræddi um hvers vegna hefði ekki verið keyptur nýr bíll á árinu, taldi hann tvær aðalorsakir til að það hefði ekki orðið annars vegar ekki vitað hvernig fjárhags útkoma flutninganna yrði fyrr en í árslok og ekkert láns fé að hafa og svo þegar átt hefði að kaupa bíl fyrir gengisfellinguna hefðu þeir ekki verið til hjá umboðinu.

Gestur Vilhjalmsson benti á að kostnaður við talstöðina hefði lækkað verulega á árinu vegna þátttöku annarra bíla í þeim kostnaði.

Formaður skýrði frá að verið væri að framkvæma verulegar endurbætur á eldri sumarbilnum t.d. væri sett í hann vökvastýri. Þá óskaði hann eftir að fundurinn tæki ákvörðun um greiðslur til stjórnarinnar. Árni Jónsson spurði hvers vegna mjólkinn væri ekki öll tekin að morgni til. Formaður upplýsti að öll mjólkinn væri ekki tekin að morgni stafaði af því að samlagið teldi sér svo mikinn vinning að losna við mjólkurvörurnar til Dalvíkur svo snemma dags.

Hreinn Jónsson þakkaði mjólkurnefndinni fyrir hagstæða útkomu á flutningunum og óskaði jafn framt að mjólkinn væri tekin öll að morgni.

Jónmundur Zophoníasson sagðist mótmæla því að ekki gæti farið fram vakta vinna hjá bilstjórnunum.

Friðbjörn Zophoníasson sagði að mjög gott samstarf hefði verið við bilstjórnana og þeir skildu mjög vel óskir bænda. Snorri Árnason óskaði eftir að mjólkinn væri tekin á morgnana og sagðist

hann ekki skilja að flutningar frá Akureyri gætu ekki farið fram á hvaða tíma dags sem væri. Karl Karlsson tók mjög í sama streng og síðasti ræðumaður.

Formaður sagði mjög gott samstarf við bílstjórana en drap síðan á ýmis atriði í sambandi við flutningana. Bar hann síðan reikningana upp og voru þeir samþykktir samhljóða.

3. Kosningar: a) Kosinn einn maður í stjórn í stað Friðbjörns Zophoníassonar. Kosinn var Friðbjörn Zophoníasson með 19 atkv. b. Kosinn einn varamaður í stjórn í stað Þorgils Gunnlaugssonar, kosningu hlaut Þorgils Gunnlaugsson með 17. atkv. c. Kosnir 51 fulltrúar á ársfund mjólkursamlags K.E.A.

Kosningu hlutu:

1. Sigurður Ólafsson
2. Friðbjörn Zophoníasson.
3. Halldór Jónsson
4. Friðbjörn Jóhannsson
5. Þorgils Gunnlaugsson
6. Árni Jónsson
7. Júlíus Friðriksson
8. Einar Sigurhjártarson
9. Jónas Þorleifsson
10. Sigvaldi Gunnlaugsson
11. Gísli Þorleifsson
12. Hjörtur Þorarinsson
13. Sveinn Vigfússon
14. Gunnlaugur Sigvaldason
15. Gunnar Rögnvaldsson.
16. Sigurjón Sigurðsson
17. Friðrik Magnússon
18. Hjalti Haraldsson
19. Ingvi Baldvinsson
20. Karl Karlsson
21. Baldvin Magnússon
22. Einar Hallgrímsson
23. Jónmundur Zophoníasson
24. Friðrik Sigurðsson
25. Hreinn Jónsson
26. Hafsteinn Pálsson
27. Gunnar Jónsson
28. Helgi Símonarson
29. Þorsteinn Kristjánsson
30. Kristinn Rögnvaldsson
31. Sveinbjörn Níelsson
32. Halldór Hallgrímsson
33. Hermann Aðalsteinsson
34. Jóhann Sigurbjörnsson
35. Kristján Jónsson

36. Snorri Árnason
37. Þórarinn Jónsson
38. Steingrímur Eiðsson
39. Ester Jósavinsdóttir.
40. Þorvaldur Þorsteinsson
41. Reimar Sigurpálsson
42. Sigurður Kristjánsson
43. Þórarinn Valdimarsson
44. Alexander Jóhannsson.
45. Þórhallur Pétursson
46. Guðlaug Kristjánsdóttir
47. Sigmar Pétursson
48. Sveinbjörn Guðjónsson
49. Björn Júlíusson
50. Sigtryggur Jóhannesson
51. Ólafur Tryggvason

Varamenn.

1. Gunnlaugur Tryggvason
2. Friðrik Magnússon
3. Gunnlaugur Jónsson
4. Guðjón Sigurðsson
5. María Arnbjörnsdóttir
6. Marinó Sigurðsson
7. Páll Guðmundsson
8. Valtýr Jóhannesson
9. Daníel Júlíusson
10. Krístrún Friðbjörnsdóttir.

*[??Ath.: Sjá aðalmannalista, nr. 17. SBG]

4. Mál fundarmanna og framtíðarstarfið:

a: Formaður Sigurður Ólafsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur mjólkurflutninga Svarfdæladeildar haldinn í þinghúsinu á Grund 3 apríl 1968 samþykkir að flutningsgjald á mjólk verði óbreytt 85 aurar á hvern lítra. Stjórnin „

Gat Sigurður þess að stjórnin hefði hugsað sér lækkan á flutningunum en hefði horfið frá því eftir þær ráðstafanir, sem nú væru í uppsiglingu.

Helgi Símonarson lýsti stuðningi sínum við tillöguna taldi ekki rétt að lækka flutningsgjaldið. Þrátt fyrir góða afkomu á s.l. ári.

Jónmundur Zophoníasson lýsti einnig stuðningi sínum til tillöguna og spurði jafnframt hvort ekki væri athugandi að fá dísilvél í annan „trukk“.

Fleiri tóku ekki til máls um tillöguna var hún þá borin upp og samþykkt með samhljóða atkvæðum.

b: Formaður ræddi um að keypt yrði dísilvél í annan trukk, taldi það góða reynslu af þeim skiftum er fram hafði farið í einum trukknum, að það væri minst búið að tvíborga sig. Var þetta samþykkt í einu hljóði

c: Formaður taldi ýmsar reglur deildarinnar orðnar það úrehtar að nauðsynlegt væri að taka þær til endurskoðunar. Lagði hann til að fundurinn kysi 2 menn stjórninni til aðstoðar við endurskoðun reglnanna. Friðbjörn Zophoníasson las upp reglugerð deildarinnar og benti á ýmsar breytingar sem fram þyrfti að fara. Hjörtur Þórarinsson sagði sig samþykkan tillöggunni og benti hann á að myndaður yrði stofnsjóður innan deildarinnar. Ýmsir fleiri tóku til máls og lýstu stuðningi sínum við tillöguna og m.a. var bent á að í væntanlegri reglugerð yrði ákvæði um að eitthvað fé yrði lagt til hliðar t.d. til endurnýjunar á bílakostinum eða til að mæta erfiðari árum.

Var þessi tillaga samþykkt samhljóða og hlutu þessir kosningu. Hjörtur Þórarinsson 14 atkv. Helgi Símonarson 13 atkv. til vara Þorgils Gunnlaugsson 7 atkv. og Árni Jónsson 4 atkv.

d: Formaður mynnti menn á að þeir sem hefðu mjólkurbrúsa að láni frá samlaginu skiluðu þeim hreinum og þurrum á brúsapallana þá tækju bílstjórnarnir þá og kæmu þeim til réttra aðila.

Þá mynnti formaður á að fjósaskoðun ætti að fara fram á hverju ári en hefði ekki verið framkvæmd hér eins og ætti að vera, en þetta gæri verið framkvæmt hvenær sem væri og þá væri ekki víst að mjólk yrði tekin nema fjósinn fullnægðu vissum skilyrðum.

Formaður ræddi um að nauðsynlegt væri fyrir flutningana að eignast stærri bílageymslu, en þeir ættu, því þar rumuðust aðeins 2 bílar af sex, sem í gangi væru. Þó taldi hann að í ár yrði frekar látið sitja fyrir að setja dísilvél í einn truck. en hefja byggingu, en nauðsynlegt væri að fara að undirbúa byggingu. Töldu fundarmenn er til máls tóku nauðsynlegt að hugsað yrði fyrir þessu og sumir töldu sem allra fyrst eða í áföngum ef fjárhagurinn leyfði það frekar, og var deildarstjórninni falin framkvæmd í málinu.

e. Jónmundur Zophoníasson gat þess að snjóbelti þau er hann hefði í sambandi við sæðingarnar yrðu seld, sagðist hann vera því mótfallinn að þau yrðu seld úr sveitinni, þau yrðu frekar notuð til að létta undir með mjólkurflutningunum.

Friðbjörn Zophoníasson taldi að beltin myndu ekki koma flutningunum í heild að miklu gagni, en þau gætu verið einstaklingum að miklu gagni, þeim er ættu langt að sækja á aðalveg. Snorri Árnason ræddi um hvort þau hentuðu ekki Skiðdælingum. Sigurður Ólafsson tók mjög í sama streng og Friðbjörn. Þá ámyntti Sigurður menn um að passa upp á að mjólk frysi ekki og setja hana alls ekki á palla fyrr en rétt áður en hún yrði tekin.

Helgi Símonarson taldi ekki full frá gengið með þóknun til stjórnarinnar þó hann álti að sú tillaga gildi er samþykkt var á ársfundi í fyrra þar til henni yrði breytt. Formaður sagði það væri spurningin hvort ætti að greiða þetta eftir á eða jafnóðum. Var ákveðið að láta tillöguna frá fyrra ári gilda og stjórninni falið að taka þóknun sína jafnóðum svo hún kæmist á reikninga þess árs er hún ætti við.

Þorgils Gunnlaugsson mælti með að áðurnefnd snjóbelti yrðu keypt og staðsett í Skíðadalnum.

Formaður taldi að stjórnin yrði að ráða fram út þessu t.d. að athuga hvort þau kæmu einhverjum að gagni í sambandi við mjólkurflutningana. Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerðin lesin, borin upp og samþ. samhljóða.

Árni Jónsson
(fundarritari)

Starfsskýrsla:

Mjólkurnefndar Svarfdæladeildar árið 1967.

Í stjórn hafa starfað,

Friðbjörn Zophoníasson Hóli,

Friðbjörn Jóhannsson Hlíð, og

Sigurður Ólafsson Syðra-Holti.

Stjórnar fundir voru 9 á árinu

Ökumenn voru þeir, Jón Jónsson Jóhann Sigurbjörnsson og Júlíus Steingrímsson og af leysti í sumarfrý

Ófeigur Jóhannesson.

Margir fleiri gripu í þetta starf ýmissa hluta vegna svo sem veikinda, aurbleytu og fjárflutninga, og flyt ég þeim öllum okkar beztu þakkir.

Árið 1967 verður að teljast með þeim hagstæðustu fyrir okkar mjólkurflutninga, þó grípa þyrfti til ýtuaksturs og sjóflutninga um áramótin og páskana. Drangur mun hafa flutt 35 - 40 þúsund lítra, en Bjarmi mun minna.

Maímanuður var mjög dýr vegna langvarandi aurbleytu á vegum. Öxulþungi var takmarkaður hvað eftir annað og í viðtali við Guðmund Benidiktsson, þar sem hann var akveðinn í því að loka vegum alveg, varð mér það á að lofa honum því að við skyldum gera allt sem við gætum til þess að fylgja settum reglum varðandi þungatakmark, heldur en verða lokaðir inni með vaxandi mjólkurmagn og vaxandi annríki á heimilunum, þótt ég sæi ekki í bili hvernig við færum að því þar sem dagsmjólkinn var orðin of þung á alla framdriftsbíla fjóra, því ekki þýddi að senda aðra bíla. Ekki mátti hafa á sumum bílunum nema 30 – 40 dunka. En þrautalendingin varð sú að setja einn trukkinn á tvöfalt, því að þá mátti hann hafa helmingi meira á.

Nú vona ég að þetta gangi betur í vor, í það minnsta getum við sett tvo trukkana á tvöfalt.

Það er bezt að vera laus við brot á reglum og ekki sízt varðandi þungatakmark, fyrst fremst varðar það háum sektum og svo er það stimplað sem afbrot í ökuskírteini viðkomandi ökumanns og við þriðja brot varðar það sviftingu ökuleyfis. Allt síðastliðið sumar var hlassþungi takmarkaður og er það í fyrsta skipti sem það hefur verið gert.

Einn okkar bíll var leingi framan af sumri of þungur en það var látið afskiptalaust vegna þess hvað það var lítið.

Mjólkurframleiðendur í Svarfdæladeild voru 63 á árinu og lögðu þeir inn samtals 2.573.815 lítra, en það er 129.595 lítrum meira en árið 1966 eða 5,30 %.

Meðal mjólkurframleiðandinn í deildinni lagði því inn 40.854 lítra en árið 1966 voru 70 mjólkurframleiðendur og var því hliðstæð tala þá 34.917 lítrar.

Meðal aukning 5.937 lítrar eða um 17 %.

Ekki get ég sagt um það hvað mikið af þessari innleggsaukningu er framleiðzlu aukning því margir mjólkurframleiðendur keyptu mjólk á árinu. Útborgað var til

framleiðenda árið 1967 samtals kr. 16.061.886, sem gerir 624,04 aura á lítra. Er það kr.

1.951.172, hærri upphæð en árið 1966 eða 46,74 aurum meira á lítra. Meðalfita árið 1967 var 3,914 %.

Meðalfita árið 1966 var 3,915 %.

Meðal útborgunarverð í samlaginu var 628,22 aurar á lítra og er það röskum 4 aurum meira en hjá okkur.

En árið 1966 vorum við tæpum 8 aurum neðan við meðalútborgunarverð.

Frádrag árið 1967 vegna verri flokkanna var 2,31 aurar á lítra og hafði hækkað um 47 aura.

Þó flokkun mjólkurinnar væri góð hjá okkur árið 1966, þar sem við vorum 5. af 13 deildum samlagsins. En betur má ef duga skal, ef við eigum að geta losnað að mestu við 3. og 4. flokks mjólkina, því hún er okkur bæði til skaða og skammar.

Síðastliðið vor fór ég enn fram á það við þá í samlaginu að við fengjum, að taka alla mjólkina á morgnana en samkomulag um það náðist ekki. Ákváðum við þá að láta taka mjólkina seint á kvöldin og virtist það gefa góða raun, því útkoman varð sú, að aðeins 2 deildir samlagsins voru með betri flokkun árið 1967.

Stjórnendur samlagsins óskuðu eftir því, að þær deildir sem flytja þyrftu mjólk á ítusleðum létu byggja yfir þá því frosin mjólk væri hálf ónýtt vara. Ákvað því stjórn flutninganna að láta byggja yfir báða sleðana, en ekki vanst tími til að byggja yfir nema annan sleðan fyrir áramót, en yfir hinn verður byggt á þessu ári.

Eins og þið hafið ef til vill heyrt sögðu allir mjólkurbílstjórnarnir upp frá og með 15 maí 1967 ráðningarsamningi þeim sem gerður var 28 júní 1965 og starfað hefur verið eftir. Var þar um að ræða helgidagakaupið, sem var 500 kr. og þeim þótti of lágt. Að samkomulagi varð að greiða þeim kr. 700 fyrir hvern unninn helgidag. Og var þeim greitt það frá 1. júní 1967. Ekki fannst okkur það ósanngjarnt þar sem reynslan hefur sýnt að illmögulegt er að fá mann til að fara eina ferð fyrir minna en 800 - 1000 kr og það á virkum degi. Fast mánaðarkaup var óbreytt 13.767 kr. þangað til í des. að kaupgjaldsvísitalan hækkaði og varð þá mánaðarkaupið, 14.235 eða hækkaði um kr. 468.

Bifreiðin A – 918 sem er dísiltrúkkurinn var leigður Helga Jónssyni röskan mánuð í sumar.

Verkstæðiskostnaður var mun minni árið 1967 en 1966.

Vöruflutningur fyrir útibúið var meiri en í fyrra [svo SBG].

Flutningur fyrir samlagið var einnig meiri en árið 1967 [svo. SBG] og greiddi það 325 kg. [svo SBG] fyrir tonn.

Eins og að undanfögnu greiddi samlagið allan uppskipunarkostnað af þeirri mjólk, sem flutt var á sjó. Auk þess greiddi samlagið allan flutningskostnað á mjólk sem Drangur flutti. Og er það í fyrsta og ef til vill síðasta skipti sem það verður gert.

En óskað var eftir að það fréttist ekki út úr deildinni.

Enda teldi ég að þá væri illa launuð aðstoðin.

Sundurliðun á verkstæðiskostnaði bilanna

Samanlagður verkstæðiskostnaður fyrir 3 vetrarbílana var 180.590 kr

Fyrir A – 1418 sem er framdrifs Volvóinn 85.049 kr

- „ - A – 978 eða eldri sumarbíllinn 93.851 -

- „ - A – 2098 sem er yngri sumarbíllinn 77.783 kr.

Mjólkkin héðan úr Svarfdæladeild, tvo fyrstu mánuði ársins 1968 er 324.267 lítrar, sem er 61.310 lítrum meira en á sama tíma árið 1967 eða 23,31 %.

Nú hefi ég minnst á helstu atriði sem varðar þennan rekstur og hef þetta því ekki lengra

Sigurður Ólafsson (formaður)

Þeir sem hætt hafa mjólkurframleiðslu 1967.

Þorsteinn Þorsteinsson, Stefán Sveinbjörnsson,
Friðgeir Jóhannsson, Dbú. Sveins Jónssonar,
Arngrímur Jóhannesson, Gestur Vilhjálmsson,
Klemenz Vilhjálmsson, Sigtryggur Árnason,
Magnús Jónsson, og Sigurður Guðmundsson.

Þeir sem birjað hafa mjólkurframleiðslu árið 1967.

Gunnlaugur Sigvaldason, Snorri Árnason og Baldvin Magnússon.

Fundargerð.

Mánudaginn 2 september 1968, kom stjórn mjólkurfl. Svarfdæladeildar saman á fund að Syðra-Holti.

Tekið var fyrir

1. Að ráða mann við sláturfjarflutningana á komandi hausti. Fól fundurinn formanni að annast það.
2. Fundurinn samþykkir að kaupa aðra talstöð í bílana.

Fleira ekki tekið fyrir.
Friðbjörn Jóhannsson
Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoníasson

Fundargerð.

Fimmtudaginn 28 nóvember 1968 kom stjórn mjólkurflutninga Svarfdæladeildar saman á fund í S-Holti.

Tekið var fyrir

1. Rætt um væntanlega byggingu fyrir bíla deildarinnar. Formaðurinn Sigurður Ólafsson hafði athugað um lóð fyrir bygginguna ofl. töldu nefndarmenn rétt að halda áfram athugun á þessu máli og yrði það lagt fyrir fund síðar í vetur.
2. Fundurinn samþykkti að kaupa ekki snjóbelti þau, sem flutningunum stóðu til boða.
3. Samþ. var að taka þátt í ferðakostnaði verkfræðings til Noregs, en þangað fór hann til að fræðast um og kynna sér snjóblásara. Var förin styrkt með kr. 3000. úr sjóði deildarinnar.
4. Rætt var um að selja kælivél þá er flutn. eiga.
5. Sigurður Ólafsson form skyrði frá því að búið væri að endurbæta Volvótrúkkinn vél yfirfarin, yfirbygging hækkuð og fl.

Fleira ekki tekið fyrir.

Friðbjörn Jóhannsson
Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoníasson

1969

Fundargerð.

Föstudaginn 21 marz 1969 kom stjórn m.fl.d. Svarfdæla saman á fund að Syðra-Holti. Ennfremur voru mættir þeir Helgi Símonarson og Hjörtur Þórarinnsson, en þeir ásamt stjórninni voru á síðasta ársfundi deildarinnar kosnir í nefnd, er vinna skyldi að endurskoðun á reglugerð deildarinnar.

Tekið var fyrir.

- 1: Reglugerð deildarinnar endurskoðuð .
Fundarmenn voru sammála um að gera ýmsar breytingar á reglugerðinni.
Lagði fundurinn drög að nýrri reglugerð eða breitingu á eldri reglugerð, er leggja skyldi fyrir næsta aðalfund.

Fleiri mál voru ekki rædd á fundinum.

Friðbjörn Jóhannsson
Sigurður Ólafsson

Friðbjörn Zophoníasson

Fundargerð

Mánudaginn 24 og miðvikudaginn 26 marz 1969 kom stjórn m.fl.d. Svarfdæla saman á fund í Syðra-Holti.

Gerðir fundanna voru.

- 1: Athugaðir og yfirfarnir reikningar deildarinnar fyrir árið 1968 og bornir saman við fylgiskjöl
- 2: Rætt um rekstur yfirstandandi árs og gerð kostnaðaráætlun.
- 3: Gert efnahagsyfirlit fyrir árið 1969.
- 4: Undirbúin og samin dagskrá næsta aðalfundar.
Fleira ekki tekið fyrir.

Friðbjörn Jóhannsson
Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoníasson

Fundargerð.

Þann 31 marz 1969 var ársfundur mjólkurflutninga Svarfdæladeildar, haldinn í Þinghúsinu að Grund. Formaður deildarinnar setti fundinn. Hann bauð fundarmenn velkomna og gat þess að nú væri Árni Jónsson á Hæringstöðum horfinn af sjónarsviðinu og bað fundarmenn að minnast hans með því að rísa úr sætum.

Því næst tilnefndi hann til fundarritara Halldór Jónsson - Þá skírði formaður dagskrá og þar eftir var gengið til dagskrár.

- 1: Skýrsla stjórnarinnar. Formaðurinn Sigurður Ólafsson flutti mjög ítarlega starfsskýrslu fyrir árið 1968. Í skýrslunni kom fram að árið var með þeim allra hagstæðustu sem komið hafa. Aukning á mjólkurmagninu var 7,44 %
Framleiðendum fækkaði um 4 á árinu.
Meðalframleiðandinn jók innlegg sitt um 6,033 l. eða 12,86 % Þá mun það vera í fyrsta skipti að deildin nær meðalútborgun úr samlaginu eða aðeins betur þó.
- 2: Reikningar deildarinnar.
Formaðurinn las og skýrði reikningana, en eins og reikningarnir bera með sér er rekstrarafkoman mjög góð. Hagur deildarinnar hefur batnað um ca 700 þús. kr. á árinu.
- 3: Þá tók til máls annar endurskoðandinn deildarinnar og sagði álit sitt á reikningunum hann taldi það gleðilegt tímanna tákni, að á sama tíma sem mörg fyrirtæki væru að fara á höfuðið þá skilaði þetta all verulegum hagnaði. Þá gat hann tveggja meginorsaka, sem hann taldi fyrir þessari góðu útkomu en það væri hagstætt tíðarfar á árinu og góð framkvæmdastjórn, þá lagði hann til að reikningarnir yrðu samþykktir eins og þeir lægju fyrir. Þá gat hann þess að fyrir 35 árum um sama leiti vetrar þá hefði mjólkurflutningadeildin verið stofnuð.
Að lokinni umsögn endurskoðenda var orðið gefið frjálst um báða liðina, skýrslu stjórnar og reikningana.
Jónmundur Zophoníasson tók fyrstur til máls. Hann þakkaði framkvæmdastjórninni, fyrir hennar hlut í góðri útkomu flutninganna.
Síðan ræddi hann um flutningamálin, og þá sérstaklega að heppilegt væri að staðsettur yrði kælitanur á Dalvík. Því næst voru reikningarnir bornir undir atkvæði og þeir samþykktir samhljóða.
- 4: Reglugerð mjólkurflutningafélagsins:
Malshefjandi var Friðbjörn Zophoníasson. Hann gat þess að á síðasta aðalfundi hefði verið samþykkt, að stjórnin endurskoðaði reglugerð deildarinnar. Þá gat hann þess að stjórnin hefði framkvæmt þetta verk og gert ýmsar smábreytingar, sem aðallega væru þó orðalagsbreytingar. Þá var orðið gefið frjálst. Helgi Símonarson tók til máls, hann taldi breytingu gagnvart kosningu stjórnar mikla breytingu frá því sem áður var, og lýsti hann yfir að hann væri ekki ánægður með þessi ákvæði reglugerðarinnar.
Þá tók til máls Friðbjörn Zophoníasson og ræddi um það atriði að sér finndist það heppilegra að hafa reglugerðarákvæðið þannig að stjórnarmaður fái lausn frá starfi í jafnlangan tíma og hann sé búin að starfa.
Helgi tók aftur til máls og ítrekaði að honum fyndist reglugerðarákvæðið óheppilegra eins og það nú væri lagt til.
Hjörtur Þorarinsson tók næstur til máls og ræddi um reglugerð mjólkursamlagsins, sem hann taldi orðna gamla og úrelta. Þá kvaðst hann vera á móti reglugerðarbreitingunni um kosningu stjórnar.
Þá tók til máls Sigurður Ólafsson og sagði að enginn annar en hann og fyrrverandi formaður vissu hvað væri að hafa framkvæmdastjórn, deildarinnar á hendi vegna þess að á undan þeim, þá hefði öll framkvæmdastjórn verið í höndum útibússtj. K.E.A. á Dalvík. Því næst var reglugerðin lesin upp grein fyrir grein og hún borin undir atkvæði hver grein og síðan reglugerðin öll með lítilli breytingu frá fundinum og hún samþ. samhljóða.
- 5: Kosningar.
 - a) Kosinn 1 maður í stjórn til næstu 3 ára í stað Sigurðar Ólafssonar.

Kosningu hlaut Sigurður Ólafsson með 34 atkv.

b) Kosinn 1 varamaður til 3 ára í stað Þórarins Jónssonar. Kosningu hlaut Þórarinn Jónsson Bakka með 13 atkv.

Eftir kosningar var drukkið kaffi, en að því loknu var gengið til dagskrár að nýju og tekið fyrir síðasta mál dagskrárinnar.

6. Mál fundarmanna og framtíðarstarfið.

Fyrst kvaddi formaðurinn sér hljóðs og bar fram eftirfarandi tillögu.

Aðalfundur mjólkurflutningadeildar Svarfdæla haldinn að Grund 31 marz 1969 samþykkir að flutningsgjald á mjólk lækki um 5 aura á lítra og verði 80 aurar á hvern lítra fyrir árið 1969.

Jónmundur Zophoníasson kvaddi sér hljóðs og sagði, að ekki væri nema gott eitt að geta lækkað flutningskosnaðinn, en hann taldi að jafnframt þyrfti að gera sér grein fyrir stórkostlegum rekstrarhækkunum á bílakostinum.

Hann taldi að betra hefði verið síðastliðið ár að kaupa heldur nýjan bíl frekar en safna sjóð.

Sigurður Ólafsson sagði að þessi lækkun næmi ca 125.000 kr. fyrir flutningana.

Friðbjörn Zophoníasson svaraði fyrirspurn um verð á nýjum bílum.

Helgi Símonarson taldi varasamt að lækka flutningsgjaldið vegna þeirra tíma sem nu eru og lýsti sig andvígán lækkuninni.

Eftir þessar umræður var tillagan borin undir atkvæði og hún samþ. með 14 atkv. gegn 3 atk.

Þá tók Sigurður Ólafsson til máls og greindi frá því að komið hefði verið að máli við sig og hann beðinn um framlag til Bíafrasöfnunarinnar frá mjólkurflutningadeildinni.

Eftirfarandi tillaga var samþ. samhljóða borin fram af stjórninni.

Aðalfundur mjólkurflutningafélags Svarfdæla haldinn að Grund 31 marz 1969 samþykkir, að gefa

kr. 3000 - til söfnunar Bíafra.

Formaður talaði því næst um fyrirhugaða byggingu á húsi fyrir bílana. Friðbjörn Zophoníasson ræddi einnig um byggingarmálin og eins um hús það sem til er og taldi að heppilegast væri að bíða með byggingu að sinni.

Jónmundur Zophoníasson taldi að ætti að fela stjórninni að selja skúrinn ef viðunandi boð fengist. Þá taldi hann að heppilegt myndi vera að sama hús yrði notað fyrir jarðýtu Ræktunarsambandsins og mjólkurbílana.

Samþykkt var að fela stjórninni að athuga um sölu á skurnum og byggingarmál.

Sigurður Ólafsson ræddi um að heppilegt væri að sá bílstjórinn fengi einhverja auka þóknun fyrir það, en þarna á hann við Jón Jónsson bílstjóra.

Karl Karlsson taldi eðlilegt að að þessum manni væri borgað fyrir sín umsjónarstörf.

Gunnlaugur Sigvaldason taldi að erfitt yrði að draga morkin á milli, fyrir hvaða störf yrði borgað. Sigurður Ólafsson lagði til að borga kr 3000 á ári.

Baldvin Magnússon lagði fram munnlega tillögu að borgaðar yrðu 500 kr á mánuði tillagan var borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Jónmundur Zophoníasson talaði um hvort ekki myndi vera heppilegt að mjólkursamlag K.E.A. yrði sett undir sérstaka stjórn og þá saman setta af mjólkurframléiðendum.

Hann taldi að þetta mál mundi koma fyrir ársfund mjólkursamlagsins nú í vor.

Helgi Símonarson skoraði á yngri menn að hugsa rækilega um þessi stjórnarmál. Mjólkursamlagsins. Hann lýsti sig samþ. því að samlagið lyti sérstakri stjórn og taldi það hæpið að hafa þessa stjórn eins og hún er öllu lengur. Hann taldi að gera þyrfti þær breytingar á stjórn samlagsins að framleiðendurnir yrðu háðari henni en nú er. Klemenz Vilhjálmsson taldi að bændurnir hefðu of lítið atkvæðamagn um stjórn samlagsins, og vildi láta draga saml. úr hendi Kaupfélagsins, og mjólkurframleiðendur ráði sínum málum einvörðungu um stjórn samlagsins.

Hreinn Jónsson þakkaði formanni deildarinnar fyrir góð störf í þágu mjólkurframleiðenda. Hann taldi að bændur ættu sjálfir að hafa á hendi stjórn á vinnslustöðvum afurða sinna.

Fundargerðin lesin upp og samþ.

Fundi slitið.

Halldór Jónsson.

Starfsskýrsla:

Stjórnar mjólkurflutninga Svarfdæladeildar 1968.

Í stjórn hafa starfað.

Friðbjörn Zophoníasson Hóli,

Friðbjörn Jóhannsson Hlíð og

Sigurður Ólafsson Syðra-Holti.

Stjórnarfundir voru 4 á árinu

Ökumenn voru þeir sömu,

Jón Jónsson,

Jóhann Sigurbjörnsson,

Júlíus Steingrímsson og

af leystu í sumarfrý Ófeigur Jóhannesson, Gunnlaugur Sigvaldason og Jón Hreinsson.

Auk þess ók Ófeigur tvo mánuði fyrir Jóhann. Fleiri gripu í þetta starf ýmissa hluta vegna, svo sem veikinda, aurbleytu og fjárflutninga og flyt ég þeim ökkum okkar beztu þakkir fyrir gott samstarf.

Árið 1968 var eitt af þeim allra beztu fyrir okkar mjólkurflutninga, þegar á allt er litið.

Veðurfar var mjög gott og ræður það alltaf mestu um framgang þessa máls.

Þó kemur þar margt fleira til greina.

Ég tel það vera aðallega fjögur ólík sjónarmið sem verður að samræma, ef allir þeir aðilar eiga að vera sæmilega ánægðir, þó ekki sé meira sagt

En þó getur oltið á nokkuð miklu hvernig það tekst. Á ég hér fyrst og fremst við mjólkurframleiðendurna, stjórnendur mjólkursamlagsins, ökumennina og þá aðila sem vörur eru fluttar fyrir, því sá flutningur fer heldur vaxandi.

Það er fjarri mér að álíta, að allir séu ánægðir, því aldrei er hægt að gera svo öllum líki. En það skal tekið fram að samstarf við alla þá sem hlut hafa átt að máli hefur verið mjög gott.

Síðastliðið vor fór ég enn fram á það við, Vernharð Sveinsson samlagsstjóra og Árna Jóhannesson verkstjóra, að við fengjum að koma með mjólkina seinna í samlagið svo við gætum tekið hana alla að morgninum hjá framleiðendum.

Samkomulag náðist eins og þið vitið og farið var að taka alla mjólkina á morgnana 4. júní.

Mjólkurframleiðendur í Svarfdæladeild voru 59 á árinu og lögðu þeir inn samtals 2.765.314 lítra. En það er 191.526 lítrum meira en árið 1967 eða 7,44%

Meðalmjólkurframleiðandinn í deildinni lagði því inn 46.887 lítra, en árið 1967 voru 63 mjólkurframleiðendur og er því hliðstæð tala þá 40.854 lítrar. Meðal aukning er því 6.033 lítrar eða 12,86 %.

Meðal fita árið 1968 var 4,029 á móti 3,914 árið 1967. Flokkun var heldur betri árið 1968 en 1967 eða frádrag 2,07 aurar á móti 2,31 á lítra 1967.

Útborgun var til framleiðenda í deildinni árið 1968 samtals kr. 18.559.855 sem gerir 671,15 aurar á lítra. Þetta er kr. 2.497.969 hærri upphæð en árið 1967 eða 47,11 aurum meira á lítra. Meðal útborgunarverð í samlaginu 1968 var 669,10 aurar á lítra.

Árið 1966 vorum við í Svarfdæladeild 8 aurum neðan við meðalútborgunarverð.

1967 4 aurum neðan við,

1968 röskum 2 aurum ofan við, meðalútborg.verð.

Tvær deildir voru með betri flokkun árið 1968.

Heildar mjólkurmagnið árið 1968 er 1,80 % meira en árið 1967.

Grunnkaup ökumanna var óbreytt, þrjár kaupgjaldsvisitölu hækkanir urðu á árinu, svo mánaðarkaup hækkaði úr 14.476 kr í 15.611 eða um 1.135 kr. Helgidagakaup var óbreytt allt árið.

A – 978 sem er eldri sumarbíllinn var tekinn upp og endurnýjað það sem með þurfti, sú aðgerð kostaði 220 þúsund.

Uppgerður mótör var settur í A – 1418 sem er framdrifsvolvóinn og breitt á honum yfirbyggingunni, sprautaður og fleira, sú aðgerð kostaði 154 þúsund.

Nýr dísil-mótör var settur í A – 958 sem kostaði 110 þúsund. Þetta er mikill viðhaldskostnaður á einu ári en það er álit þeirra, sem vit hafa á, að bílarnir séu í góðu lagi.

Vöruflutninga taxti var hækkaður í febrúar 1968 úr kr. 210 í kr. 275 pr. tonn, einnig var hækkað úr 10 kr. í 12 á stykki.

Mjólkinn héðan úr Svarfdæladeild tvo fyrstu mánuði ársins 1969 er 15% minni en á sama tíma í fyrra.

Ég vil geta þess að það gleymdist á skrifstofunni að færa í reikninga fyrir þá mjólk sem helltist niður á árinu 1968 en það var gert í janúar 1969.

Að svo mæltu hef ég þessi orð ekki fleiri en mun reyna að svara fyrirspurnum, að svo miklu leiti sem ég get.

Sigurður Ólafsson (formaður)

Fundargerð.

7. maí 1969, kom stjórn m.f.l. Svarfd.deildar saman á fund að Syðra-Holti. Formaður setti fundinn. Var þetta fyrsti fundur stjórnar eftir ársfund deildarinnar, stjórnarnefndarmenn eru þeir sömu og s.l. ár.

Eftir farandi mál voru rædd og afgreidd á fundinum

- 1: Formaður stjórnar Sigurður Ólafsson skýrði frá því að hann hefði rætt um það við samlagsstjóra, að mjólkinn verði sótt að morgni dags til framleiðenda eins fljótt og hægt væri, eða um leið og vegir yrðu vel færir. Allir nefndarmenn voru sammála um það að slíkt fyrirkomulag á flutningunum væri mjög æskilegt.
- 2: Fundurinn samþykkti kr. 50,00 hækkun pr. tonn á vörum fluttum frá Akureyri til Ú.K.E. Dalvík, með bílum deildarinnar.
- 3: Rætt var um ráðningu á manni til að leysa af í sumarfrýi bílstjórnanna. Samþ. var að ráða Ófeig Jóhannesson til þess starfs.
- 4: Sigurður Ólafsson taldi að nú yrði að taka áhvörðun um það hvort hafast ætti handa um byggingu húss yfir bíla deildarinnar.
Eftir nokkrar umræður var samþ., að ekki skyldi byrjað á byggingu að svo stöddu, en samþ. var að lagfæra bílskur þann, sem flutningarnir eiga.
- 5: Formaður, S.Ó. skýrði frá því að mjólkurbílstjórnarnir væru oft með háat fjarhæðir í peningum í bílunum þetta væru peningar sem K.E.A. sendi til útibúsins á Dalvík. Nú gæti það hent að peningar töpuðust, þó lægi ekkert fyrir um það hvort bílstjórnarnir eða flutningarnir væru ábyrgir ef illa færi.
Mál þetta ræddu nefndarmenn og afgreiddu með því að fela formanni sínum frekari athugun og að ræða um það við hlutaðeigandi aðila.

Fleira ekki tekið fyrir,
fundi slitið.

Friðbjörn Jóhannsson
Friðbjörn Zophoníasson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Árið 1969 þriðjud. 6. ágúst kom stjórn m.fl. Svarfd.deildar saman á fund í Syðra-Holti. formaður setti fundinn.

- 1: Sigurður Ólafsson lagði fram bréf frá saml.stjóra. Efni bréfsins var það, að vegna tillögu er samþ. var á síðasta ársfundi m.samlags K.E.A. um það að hver deild innan samlagsins tilnefndi einn mann til að starfa með stjórn K.E.A og samlagsstjóra að endirskoðun og breitingu á reglugerð samlagsins.

Mál þetta var afgreitt með því að fela formanni að boða til auka fundar innan deildarinnar og skyldi sá fundir kjósa manninn.

- 2: Annað dagskrár mál fundarins var að ræða um vörufl. þá sem deildin annast fyrir K.E.A. til útibúsins á Dalvík. Áður hafði verið samþ. að hækka í kr. 325,00 pr tonn og kr. 12,00 pakka Sigurður Ólafsson, skýrði frá því að þegar reikningar hefðu verið athugaðir hefði komið í ljós að þetta hefði ekki verið tekið til greina, og næmi vangreiðsla yfir síðustu 6 mánuði kr. 3.500,00.

Vegna þessa máls hafði Sigurður Ólafsson skrifað framkvæmdastjóra K.E.A. skorinort bréf þar sem mjög eindregið og ákveðið var farið fram á leiðréttingu Sigurður las upp á fundinum afrit af bréfinu.

Allir nefndarmenn voru sammála um það að ekki skyldi hvíkað frá fyrri samþykkt, um þetta mál. Einnig var samþ. að tekið yrði til athugunar að deildin hætti vöru fl. fyrir K.E.A. ef ekki fengist viðunandi lausn á þessu máli.

- 3: Ákveðið var að ráða Ófeig Jóhannesson við gripa og fjárflutninga á komandi hausti.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Friðbjörn Jóhannsson
Friðbjörn Zophoníasson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Föstudaginn 29 ágúst 1969 var haldinn fundur í mjólkurflutningafélagi Svarfdæladeildar. Formaður stjórnar flutninganna setti fundinn, og nefndi Halldór Jónsson til fundarritara.

1: Dagskrá fundarins var svohljóðadi tillaga.

„ Ársfundur Mjólkursamlags K.E.A. haldinn á Akureyri 10. maí 1969 telur að nauðsyn beri til að reglugerð samlagsins verði endurskoðuð, og tilnefni mjólkurframleiðendur í hverri deild 1 mann í nefnd, sem skili álit á næsta ársfundi samlagsins.“, sem formaður las upp og gaf síðan orðið laust um tillöguna.

Til máls tóku: Jónmundur Zophoníasson

Hann sagðist hafa verið einn af flutnings mönnum tillögunnar á ársfundi Mjólkursamlagsins, taldi hann að heppilegast væri að Mjólkursamlagið yrði rekið á grundvelli hlutafélags.

Helgi Símonarson, sagðist einnig hafa verið flutningsmaður tillögunnar á ársfundi og sagði, að fyrir sér hefði vakað í fyrsta lagi, að Mjólkursamlagsfundur gæti gert samþykktir, án þess að aðalfundur þyrfti að samþykkja þær, í öðru lagi að tryggja rétt framleiðenda til að fylgjast með málum samlagsins.

Hann sagðist ekki fella sig við hlutafélags fyrirkomulagið. Og taldi að vel gæti komið til greina að samlagið sé undir sérstakri stjórn, eða þá öllu fremur að sérstakir þar til kjörnir menn störfuðu með stjórninni að málum samlagsins.

Sigurður Ólafsson taldi að bráðnauðsynlegt væri fyrir framleiðendur að fylgjast betur með málum samlagsins en verið hefir og þá myndi heppilegast að 3-5 menn yrði kosnir til að fylgjast með málum samlagsins.

Þá var gengið til kosninga á manni í nefnd þá er tillagan fjallar um.

Kosningu hlaut Halldór Jónsson Jarðbrú og til vara Sigurður Ólafsson Syðra-Holti.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Halldór Jónsson.

Fundargerð.

Fimmtudaginn 11. desember 1969, kom stjórn mjólkurfl. Svarfdæladeildar, saman á fund í Syðra-Holti. Formaður setti fundinn.

Tekið var fyrir og afgreitt.

1: Gengið frá reikningum um bíllán og ferðakostnaði á nefndarfundi ofl.

2: Rætt var um að hækka laun bílstjóra fyrir helgidagavinnu. Var mál það afgreitt með, því að samþ. að frá 1/1 1970 þar til annað verði ákveðið, skuli helgidagakaup mjólkurbílstjóra vera kr. 800,00.

3: Samþ. var að greiðsla fyrir flutninga sem deildin annast fyrir Mjólkursamlag K.E.A. árið 1969, skuli vera kr. 350 pr. tonn.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Friðbjörn Jóhannsson
Friðbjörn Zophoníasson
Sigurður Ólafsson

1970

Fundargerð

Manudaginn 9 marz 1970 var settur stjórnarfundur mjólkurflutningadeildar Svarfdæla í Syðra-Holti.

Formaður setti fundinn, gerðir fundarins voru

1. Reikningar ársins 1969 teknir til athugunar bornir saman við fylgiskjöl og fl.

Fundi slitið

Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoníasson
Friðbjörn Jóhannsson

Fundargerð.

Sunnudaginn 22 marz 1970 var settur stjórnarfundur mj. flutningadeildar Svarfdæla í Syðra-Holti. Formaður setti fundinn.

Fundurinn afgreiddi eftirfarandi.

- 1: Gerð kostnaðaráætlun fyrir árið 1970
- 2: Gengið frá eignaskýrslu deildarinnar
- 3: Ársfundur deildarinnar undirbúinn og dagskrá hans samin.

Fundi slitið

Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoníasson

Fundargerð.

Þann 23. marz árið 1970 var aðalfundur mjólkurflutningsdeildar Svarfdæla, haldinn í þinghúsinu að Grund.

Formaður deildarinnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fundarritara tilnefndi hann Halldór Jónsson.

Þá skírði formaður dagskrá.

- 1: Skýrsla stjórnarinnar.
Formaður deildarinnar flutti ítarlega skýrslu stjórnarinnar.
- 2: Formaður las og skírði reikninga deildarinnar fyrir árið 1969, en eins og reikningarnir bera með sér er reksturútkoma ársins góð, þá lækkaði flutningsgjald pr. lítra um 0,05 kr og mjólkurmagnið úr deildinni minnkaði um 3,73 % aftur á móti hækkaði til muna vöruflutningur með bílunum. Hagur deildarinnar á árinu hefir batnað um rúma ½ miljón kr.
- 3: Þá tók til máls Helgi Símonarson annar endurskoðandi. Hann lýsti ánægju sinni yfir ágætri útkomu á rekstri deildarinnar, hann lýsti þeirri skoðun sinni á því hverjar voru meginorsakir góðrar rekstursafkomu, og nefndi í því sambandi, góðri veðráttu, stjórn, og svo því að nú hefir vaxtaspursmálið snúist við þannig, að áður fyrr var stór upphæð borguð í vexti, en nú eru verulegar vaxtatekjur.
Síðan var orðið gefið frjálst.
Baldvin Magnússon spurði hvort nefndin hefði gert sér grein fyrir, hvernig sú reglugerð um þungaskatt, sem tekur gildi í sumar, hefði áhrif til hækkunar á rekstur bilanna.
Formaður svaraði því til að sú hækkun myndi nema mikilli upphæð, kannske allt að helmingi hærri en þungaskattur er nú.
Þorgils Gunnlaugsson spurði um sundurliðun á verkstæðiskosnaði. Formaður las upp sundurliðun á meginkosnað verkstæðisins
Þá voru reikningarnir bornir upp til atkvæða og voru þeir samþykktir samhljóða.
4. Kosningar
 - 1) 1 maður í stjórn í stað Friðbjörns Jóhannssonar sem baðst undan endurkosningu.
Kjörinn var Gunnar Rögnvaldsson með 10 atkv.
 - 2) Kosinn varamaður í stað Jónmundar Zohoníass.
kjörinn var Gunnlaugur Sigvaldason með 10 atkv.
 - 3) Kosnir tveir endurskoðendur, í stað Helga Símonars. og Gests Vilhjálmssonar svo og 1 varaendurskoðandi.
Kjörnir voru, Helgi Símonarson með 23 atkv
Hjörtur E. Þorarinsson 11 atkv.
Varamaður Halldór Jónsson 4 atkv.

- 4) Lesið upp uppkast að nýrri reglugerð fyrir mjólkursamlag K.E.A. af Friðbirni Zophoníass. Þá var orðið gefið frjálst um reglugerðina.

Fyrstur tók til máls Jónmundur Zophoníasson, hann taldi að mjólkurfundur átti að ganga frá öllum málum en ekki vísa þeim til aðalf. K.E.A. Þá tók til máls Jónas Þorleifsson, Helgi Símonarson, Hjörtur Þórarinsson og gerðu ýmsar ályktanir og smáathugasemdir við ýmsar greinar reglugerðarinnar.

Þá tók aftur til máls Helgi Símonarson og talaði um varasjóð o.fl. Þá svaraði Halldór Jónsson nokkrum fyrirspurnum sem að honum var beint um störf nefndarinnar.

Þá tók til máls, Hreinn Jónsson og bar fram fyrirspurnir.

Þá kom fram tillaga til breytinga á 7 gr. frá Helga Símonarsyni, í stað 1 % kæmi $\frac{1}{2}$ í stofnsjóð.

6. [Svo. SBG] Mál fundarmanna.

Formaður deildarinnar Sigurður Ólafsson lagði fram svofellda tillögu.

Aðalfundur mjólkurflutninga Svarfdæla haldinn að Grund 23 marz 1970 samþykkir að flutningsgjald á mjólk verði óbreytt 80 aurar á hvern lítra fyrir árið 1970

Þá tók til máls Jónmundur Zophoníasson og talaði um sæðingar, með tilliti til hve illa hefir gengið með djúpfryst sæði.

Þá var borið undir fundin samþykkt um að færa þakkir mjólkurbílsjórunum fyrir störf á liðnu ári, samþ. samhljóða

Þorgils Gunnl. gerði fyrirspurn um varahluti í trukkana. Friðb. Z. svaraði

Hreinn Jónsson þakkaði stjórn flutninganna fyrir góð störf á árinu.

Þakkað að Friðbirni Zophoníassyni fyrir hönd nefndarinnar.

Gunnlaugur Sigvaldason spurði hvort nokkuð hefði verið talað um að lögheimili bílstjóranna væri hér í hreppi.

Formaður svaraði og taldi af fenginni reynslu að heppilegast væri að bílstjórnarnir ættu heima á Dalvík. Helgi Símonarson tók til máls um lögheimili mjólkurbílstjóra.

Friðbjörn svaraði með nokkrum orðum.

Þá var talað aðeins um skattamál sveitafélaganna til máls tóku Friðbjörn Z. Baldvin Magnússon, Jónmundur Z. og Gunnl. Sigv.

Að endingu talaði Sigurður Ólafsson og endurtók þá skoðun sína að heppilegast væri að bílstjórar ættu að eiga heima á Dalvík. Hreinn Jónsson sagðist vera á þeirri skoðun að ef til væru hæfir menn í bílstjórastarfið heima í hreppunum ættu þeir að sitja fyrir öðrum.

Fundi slitið.

Halldór Jónsson.

Starfsskýrsla:

Stjórnar mjólkurflutninga Svarfdæladeildar 1969.

Í stjórn hafa starfað,

Sigurður Ólafsson Syðra-Holti,
Friðbjörn Zophoníasson Hóli og
Friðbjörn Jóhannsson Hlíð.

Stjórnarfundir voru 6 á árinu.
Ökumenn voru þeir sömu,
Jón Jónsson
Jóhann Sigurbjörnsson og
Júlíus Steingrímsson.
Af leysti í sumarfrý
Ófeigur Jóhannesson.

Auk þessara fast ráðnu manna gripu ýmsir fleiri í þetta starf ýmissa hluta vegna svo sem veikinda, fjárflutninga og ekki hvað sízt vegna þess hve hlassþungi var takmarkaður langt fram eftir sumri.

Öllum þessum mönnum færi ég okkar beztu þakkir.

Árið 1969 var mjög hagstætt fyrir okkar mjólkurflutninga. Mjólkurframleiðendur í Svarfdæladeild voru 60 en 59 árið 1968.

Mjólkurmagn úr deildinni var 2.662.001 liter, sem er 103.340 lítrum minna en árið 1968 eða 3,73 %.

Meðalmagn er því á hvern framleiðenda 44.366 lítrar, sem er 2.521 lítra minna en árið áður. Meðal fita árið 1969 var 4,098 og er það 0,069 % hærra en 1968.

Flokkun var heldur betri, frádrag 1,89 aurar pr. lítra á móti 2,07 1968.

Útborgað var til framleiðenda í deildinni árið 1969 samtals kr. 21.020.673, sem gerir 789,65 aurar á lítra.

Þetta er kr. 2.260,817 hærri upphæð en árið 1968 eða 118,50 aurum meira á lítra.

Heildar mjólkurmagnið árið 1969 var 1,11% minna en árið 1968.

Meðalútborgun í samlaginu árið 1969 var 787,84 aurar pr. lítra.

Í fyrra vorum við í Svarfdæladeild 2 aurum ofan við meðalútborgunarverðið, en núna tæpum 2 aurum ofan við.

Í fárveðrinu 5. marz 1969 fauk bifreiðin A – 978 út af veginum og valt á hliðina, skemdir urðu furðu litlar, bíllinn var og er í alkaskó svo tryggingarnar greiddu allan þann kostnað og einnig bilferð eftir vörum, sem á bílnum voru.

Aurbleita var lítil á vegum síðastliðið vor og var því hægt að byrja að taka mjólkina á morgnana 27 maí eða viku fyrr en í fyrra.

Fast mánaðarkaup ökumanna hækkaði úr kr. 15.611 í kr. 17.362 eða um kr. 1.751, því að á allt kaup, sem í grunn var. 8.800-18.000 kr. á mánuði, bar að greiða 1200 króna verðlags uppbót á mánuði, sem kom til framkvæmda 19. maí.

Frá 1. sept. var greidd 3,5% verðlagsuppbót á mánuði. Í des. hækkaði mánaðarkaupið um kr. 201 og er þá orðið eins og fyrr segir kr. 17,362.

Helgidagakaupið var óbreitt kr. 700.

Hækkaður var vöruflutninga taxti 1. júní úr kr. 270 í kr 325 á tonn. Einnig var taxa á stikkjaflutningi breitt þannig.

Að fyrir stk. allt að 25 kg. kr. 12,00
fyrir stk. þar yfir allt að 50 kg. kr. 24,00,
fyrir stk. yfir 50 kg. kr. 48,00,

Þessi breiting er til orðin vegna þess að allmikið bar orðið á því að bundnir voru saman pakkar í stóra bagga.

Fyrir Mjólkursamlagið, voru fluttar mjólkurvörur til Dalvíkur, 300.591 kg. og var sá taxti hækkaður úr kr. 325 í 350 á tonn. Mjólkin héðan úr Svarfdæladeild var tvo fyrstu mánuði ársins 1970 6,9 % meiri en á sama tíma í fyrra.

Sigurður Ólafsson (formaður)

Fundargerð

Sunnudaginn 26 – 4 – 1970 kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman á fund að heimili formans að Syðra-Holti.

Fyrir var tekið

- 1 Yfirfarin var kostnaðaráætlun reiknings fyrir 1970. og var samþykkt að láta hana standa óbreytta að svo stöddu.
- 2 Rætt var um að bílarnir tækju mjólkina að morgninum svo fljótt sem hægt væri vegna færðar á vegum

Fleira ekki fyrir tekið

fundi slitið

Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoníasson
Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð

Fimmtudaginn 30 júlí 1970 kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman á fund að Syðra-Holti í Svarfaðardal

Fyrir var tekið

- 1 Rætt var [mál] bílstjóranna vegna kauphækkana sem urðu hjá launþegum í landinu í júní mánuði síðast liðnum.
Samþykkt var að kaup bílstjóranna hækkaði um 15% sem taki gildi frá 19 júní.
- 2 Þá var rættum og ákveðið gjald fyrir bíla sem höfðu verið lánaðir ýmsum aðilum

Fleira gerðist ekki fundi slitið

Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoníasson
Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð

Fimmtudaginn 29 okt 1970 kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman á fund að Syðra-Holti.

Eftir talin atriði voru tekin til afgreiðslu

- 1 Tekin ákvörðun um flutningataxta á sláturpening sem bílarnir hafa flutt í sláturhús
Fyrir sauðfé kr 10,- pr kind og kr 100,- fyrir stórgrip 1 árs og eldri, en kr 50,- fyrir yngri gripi og kálfa.
- 2 Tekin ákvörðun um gjald fyrir bíla sem ýmsum hafa verið lánaðir.
- 3 Rætt um sunnudaga kaup mjólkurbilstjóranna
Óskað var eftir að helgidaga kaupið stæði óbreytt til áramóta, en hækkaði þá í kr 1000,-
- 4 Þá var ákveðið hvaða gjald skildi taka fyrir bíla sem fluttu fé milli retta í haust göngum
- 5 Samþykkt var að kaupa bilnúmers happdrættismiða lamaðra og fatlaðra sem flutningunum höfðu borist til kaups.
- 6 Beiðni hafði borist frá Halldóri á Melum um að fá að hafa, áfram dráttarvelar belti þau sem flutningafélagið á, og var það samþykkt
Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið

Friðbjörn Zophoníasson
Sigurður Ólafsson
Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð

Föstudaginn 11. des 1970 var fundur hjá stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla að Dæli í Skíðadal

Eftir talin atriði voru til afgreiðslu

- 1 Rætt um ferðakostnað stjórnarnefndarmanna á fundi, stjórnar. Ákveðið var að greiða kr. 400,- á mann fyrir hvern fund í ferða kostnað
- 2 Rætt var um að fara fram á hækkun á flutningataxta á vörum sem bílarnir [flytja] fyrir K E A frá Akureyri.
Samþykkt var að Friðbjörn Zophoníasson færi til Akureyrar, til samninga við K E A þessu viðvíkjandi

Fleira gerðist ekki fundi slitið

Sigurður Ólafsson
Friðbjörn Zophoniasson
Gunnar Rögnvaldsson

1971

Fundargerð.

Mánudaginn 15 marz 1971, kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman á fund að Syðra-Holti.

Eftirfarandi var tekið til meðferðar.

1. Farið var yfir rekstrarreikning flutninganna fyrir árið 1970, og borið saman við fylgiskjöl.
Rekstrarútkoma var góð á árinu.
Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Friðbjörn Zophoníasson
Sigurður Ólafsson

Fundargerð

Miðvikudaginn 24 marz 1971, kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman á fund að Syðra-Holti. Fyrir var tekið. eftirfarandi mál.

1. Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 1971.
2. Undirbúin var dagskrá fyrir ársfund mjólkurflutningafélagsins sem halda á laugardaginn 27. marz.

3. Gerð var eignaskýrsla flutningafélagsins.
Fleira var ekki fyrir tekið og fundi slitið.
Friðbjörn Zophoníasson Sigurður Ólafsson

Fundargerð.

Laugardaginn 27 marz 1971, var haldinn aðalfundur í mjólkurflutningadeild Svarfdæla í þinghúsinu

að Grund.

Formaður deildarinnar, Sigurður Ólafsson setti fundinn og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Kjörinn fundarritari, Halldór Jónsson.
2. Lesin starfsskýrsla stjórnarinnar fyrir árið 1970 af formanni.
3. Lesnir reikningar deildarinnar fyrir árið 1970. af formanni, sem hann síðan skýrði mjög ýtarlega. – Í ljós kom, að flutningarnir höfðu bætt sinn hag á árinu um 413.656. kr., em samt. eru þá í reiðufé í árslok kr. 2.060.801.
Mjólkurmagnið úr deildinni, hafði minnkað um 2,36% eða 62.850 l.
Síðan lýsti Halldór Jónsson fyrir hönd endurskoðenda, að þeir legðu til að reikningarnir yrðu samþykktir eins og þeir liggja fyrir.
Jónmundur Zophoníasson þakkaði stjórninni fyrir vel unnin störf, en taldi að þyrfti að kaupa bíl, sem fyrst.
Baldvin Magnússon spurði út í afskriftir af bílunum og einnig um sölu á dísilolíu.
Formaður svaraði báðum þessum fyrirspurnum, og kom það fram, að ákveðið væri að kaupa bíl á þessu ári.
Baldvin spurði aftur út í afskriftir, sem formaður svaraði. Síðan voru reikningarnir bornir undir athvæði og samþykktir samhljóða.
4. Kosningar. a) Kosinn 1 maður í stjórn, í stað Friðbjörns Zophoníasarsonar, sem gaf ekki kost á sér til endurkjörs.
Kjörinn var Jóhann Sigurbjörnsson Atlastöðum með 8 athv.
b) Kosinn varamaður í stjórn í stað Þorgilsar Gunnlaugssonar, þorgils Gunnlaugsson Sökku, var endurkjörin með 8 athv.
5. Mál fundarmanna: þá tók við fundarstjórn Friðbjörn Zophoníasson og bar fram eftirfarandi tillögu frá stjórninni:
„ Aðalfundur mjólkurflutninga Svarfdæla, haldinn að Grund 27 marz 1971, samþykkir, að flutningsgjald á mjólk, verði 85 aurar á hvern lítra fyrir árið 1971.“
Formaðurinn ræddi um fjárhagsáætlun og og bílakaup og óskaði tillagna fundarmanna um bílakaup. Síðan var tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
Jónmundur ræddi um fóðurbætismál og einnig að hann teldi framleiðendur í Dalvíkurhreppi sniðgengna hvað áhrif á mjólkurflutninga áhrærir.

Pórarinn Jónsson ræddi um bílakaup, einnig um samskipti flutninganna í hreppunum Baldvin Magnússon ræddi um hlut Dalvíkinga, og taldi að sú samvinna hefði verið óaðfínanleg og lýsti fyllstu trausti á stjórn flutninganna.

Ólafur Tryggvason spurði út í bílakaup, sem Friðbjörn svaraði. Ólafur ræddi aftur um bílakaupin.

Þá tók til máls Jónmundur Zophoníasson og spurði, hvort hefði verið grennslast eftir hjá mjólkursamlagi K.E.A. hvort nokkuð væri á döfinni um tankflutninga, sem hann taldi að ætti að athuga áður en í bílakaup væri farið.

Halldór Jónsson hvatti Dalvíkinga til að bera fram tillögu þess efnis, að þeir fengju aukna hlutdeild í stjórn flutninganna.

Þá var lesið eftirfarandi bréf frá Snorra Árnasyni:

Til aðalfundar mjólkurflutninga Svarfdæla haldin á þinghúsinu Grund 27 marz 1971.

Kæru fundarmenn!

Nú er fyrir liggur að fjalla um mjólkurflutningamál okkar Svarfdælinga, leiðum vér gjarnan hugan að því, hverju megi þakka, þá velgengni í flutningamálum okkar nú, sem og á undanförunum árum, er um verulegan tekjuafgang hefur verið að ræða.

Þar kemur eflaust margt til, svo að jafnvel gangi, sem raun ber vitni.

Góð stjórn á þessum málum, hagstætt tíðarfar, það er að segja fyrir flutninga (það er víst óskilt grasleysi og kali) og síðast en ekki síst gott starfslíð, þar á ég við, þá ágætu menn er starfað hafa undanfarin ár, við akstur bifreiðanna, ég held að þeirra þáttur sé nokkuð stór í þessu máli.

Ég hefi stundum leitt hugan að því, hversu liprir þessir menn eru í starfi sínu, ætíð reiðubúnir til allskonar aukastarfa fyrir okkur, og trúir og duglegir í sínu starfi.

Því langar mig að koma með smá tillögu fundarmenn góðir.

efnislega er hún á þessa leið:

Að stjórnarformanni mjólkurflutninganna verði falið að þakka þessum mönnum fyrir hönd okkar allra, og færa hverjum þeirra 10.000- kr., sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf á undanförunum árum.

Mín hugmynd er sú, að þetta nái til þeirra þriggja bilstjóra, er fastráðnir eru hjá mjólkurflutningunum árið um kring.

Ég hefi ekki um þetta fleiri orð, en vænti þess að tillaga þessi verði borin upp til athvæðagreiðslu á fundinum.

Völlum 26/3 1971

Snorri Árnason

Jónmundur sagðist taka undir þakklæti til þeirra manna, sem hefðu vel unnið að framgangi flutninganna, sen ekki samþykkja, að flytja þeim peningagjafir.

Gunnlaugur Sigvaldason sagðist vera samþykktur tillögunni með þeirri breytingu, að bílstjórunum yrði gefið annað en peningar sem af þeim yrðu þá aftur tekið í sköttum.

Þórarinn tók í sama streng og Jónmundur.

Baldvin tók í sama streng. Halldór Jónsson en í það sama. Gunnlaugur tók til máls og endurtók skoðun sína um að sér fyndist að ætti að samþ. tillöguna.

Þórarinn Jónsson og Jónmundur tóku en til máls eins Sigurður Ólafsson og Gunnlaugur Sigvaldason

Tillagan borin upp og felld með yfirgnæfandi meirihluta.

Þá var borin fram eftirfarandi tillaga af Friðbirni Z

Aðalfundur mjólkurflutningafélags Svarfdæla haldinn að Grund 27/3 1971 samþykkir að þakka bílstjórum sínum vel unnin störf á undanförunum árum. Fillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Þá þakkaði Sigurður Ólafsson, Friðbirni Zophoníassyni sem nú gekk úr stjórninni, fyrir vel unnin störf og bauð Jóhann velkominn í nefndina. Friðbjörn þakkaði ummæli formansins.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Starfsskýrsla.

Stjórnar mjólkurflutninga Svarfdæladeildar 1970.

Í stjórn hafa starfað:

Sigurður Ólafsson Syðra-Holti

Friðbjörn Zophoníasson Hóli

Gunnar Rögnvaldsson Dæli.

Stjórnarfundir voru 6 á árinu.

Fastráðnir menn voru þeir sömu og undarfarin ár

Jón Jónsson

Jóhann Sigurbjörnsson

Júlíus Steingrímsson

Af leysti í sumarfrí

Ófeigur Jóhannesson

Sláturfjárflutninga önnuðust þeir

Halldór Jónasson

Gunnar Jónsson.

Auk þess ók Halldór fyrir Jóhann í 2 ½ mánuð og þakka ég þeim öllum störfin

Þá vil ég fara nokkrum orðum um mjólkurframleiðzluna, sem varðar okkar deild að mestu leiti.

Framleiðendur voru 59, en 60 árið 1969. Mjólkurmagn úr Svarfdæladeild var 2.599.151 líter, sem er 62.850. lítrum minna en árið 1969 eða 2,36%.

Meðalinnlegg frá framleiðenda er því 44.053 lítrar, sem er 313 lítrum minna en árið 1969.

Meðalfita mjólkurinnar úr deildinni árið 1970 var 4.098 sem er nákvæmlega sama og árið 1969.

Flokkun var mjög svipuð og árið áður, frádrag er 3,85 aurar pr. lítra en voru 1,89 aurar árið 1969.

En þá ber að taka til greina að verðfellingin var hækkuð verulega eða úr 60 aurum í 100 aura pr. lítra á 3. flokk og úr 90 aurum í 200 aura á 4. flokk.

Greitt var með mánaðarlegum greiðslum til framleiðenda í Svarfdæladeild kr. 25.399.887- sem gerir 977,23 aura pr. lítra, þetta er kr. 4.379.213- hærri upphæð en árið 1969, sem gerir 187,58 aura pr. lítra.

Heildar mjólkurmagnið árið 1970 varð um 3,09 % meira en árið 1969.

Meðal útborgun árið 1970 varð 977,21 aurar pr. lítra. en það er 189,37 aurum hærra pr. lítra en árið 1969.

Hér á eftir að koma tölur yfir mánaðarlegt mjólkurmagn úr Svarfdæladeild 1970 borið saman við hliðstæðar tölur 1969.

mán	1969	1970	mism.
Janúar -	149.082	158.033	+ 8.951
Febrúar -	124.491	134.521	+ 10.030
Marz -	135.051	128.919	- 6.132
Apríl -	156.687	170.249	+ 13.562
Maí -	287.077	252.502	- 34.575
Júní -	306.061	276.258	- 29.803
Júlí -	344.912	322.499	- 22.413
Ágúst -	329.927	310.092	- 19.835
September -	273.536	266.281	- 7.255
Október -	208.725	222.877	+ 14.152
Nóvember -	168.259	175.885	+ 7.626
Desember -	178.193	181.035	+ 2.842

Farið var að taka mjólkina á morgnana 12. maí.

Fast mánaðarkaup ökumanna hækkaði úr kr. 17.362 í kr. 21.580 eða um kr. 4.218.

Við undirskrift kjarasamninganna hinn 19. júní síðastliðið sumar var samið um að kaupgreiðsluvísitalan yrði sett í 100 miðað við framfærsluvísitölu eins og hún var útreiknuð 1. maí síðastliðið vor.

Var því kaupgreiðsluvísitalan síðan reiknuð á þriggja mánaða fresti og kaup hækkað mánuði síðar í samræmi við þær hækkanir, sem urðu á hverju þriggja mánaða tímabili.

Kaupgreiðsluvísitalan hefur verið reiknuð eftir þessari reglu og reyndist hafa hækkað um 4.21 % yfir mánuðina maí, júní og júlí.

Við útborgun ágústlauna bar þá að reikna umrædda hækkun aftur fyrir sig til 19. júní.

Hækkaði því kaup 1. sept. síðastliðinn, um nefnda prósenttölu.

Helgidagakaup var óbreitt allt árið kr. 800-, en var hækkað 1-1 1971 í kr. 1.000-.

Sundurliðun á viðhaldskosnaði bifreiða.

A – 978	---	153.544
A – 1418	---	322.791
A – 2098	---	82.737
Trukkar	---	259.654.

Árið 1970 var eitt af þremur árum í röð mjög hagstætt fyrir okkar mjólkurflutninga.

Mjólkinn héðan úr Svarfdæladeild var fyrstu tvo mánuðina árið 1971. 9% meiri en á sama tíma í fyrra.

Flutningur frá M.samlaginu var tæpum 29 tonnum minni en árið áður.

Fundargerð.

Miðvikudaginn 31 marz [1971] kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Syðra-

Holti.

Þetta gerðist.

1. Stjórnin skipti með sér störfum þannig að Sigurður Ólafsson var áfram formaður og Jóhann Sigurbjörnsson tók við störfum fráfarandi manns Friðbjörns Zophoníassonar.
2. Rætt var um ráðningu bilstjóra til afleysinga í sumarfríum. Ráðin var Eiður Steingrímsson Ingvörum, fyrir flutningana.
3. Þá var rætt um kaup á nýjum bíl. Mættur var á fundinum Jóhannes Árskóg bifvélavirki á Dalvík og var hann fenginn sem ráðgefandi fyrir nefndina og til upplýsinga um bifreiðategund sem komið hafði til athugunar að keypt yrði.

Fleira var ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Sigurður Ólafsson
Jóhann Sigurbjörnsson
Gunnar Rögnvaldsson

Fundagerð.

Fimmtudaginn 10 júní 1971, kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Syðra-Holti. Mættur var á fundinn, varamaður Jóhanns Sigurbjörnssonar, Þorgils Gunnlaugss. Sökku.

Fyrir var tekið:

1. Borizt hafði frá bílstjórum mjólkurbíla, umkvörtun um lágt mánaðarkaup miða við kauptaxta í þessari atvinnugrein.
Farið var fram á að mánaðarkaupið hækkaði úr 21.500- í 28.000- + helgidagakaup.
Samþykkt var að hækka kaupið um 10%, sem tæki gildi 1 júní 1971.
2. Tekin var ákvörðun um gjald fyrir leigu á bílum sem höfðu verið lánaðir til flutninga.
Gjaldið var miðað við það, að tekur væru 10 kr. á km. fyrir bíl án bílstjóra, en kr. 15, ef lagður er til bílstjóri.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Sigurður Ólafsson

Þorgils Gunnlaugsson. Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð

Þriðjudaginn 29 júní árið 1971 kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Syðra-Holti. Auk stjórnar voru mættir mjólkurbílstjórnir og framkvæmdastjóri Bílaverksstæðis Dalvikur. Voru þeir fengnir til skrafs og ráðagerða í sambandi við ákvörðun um kaup á nýjum bíl fyrir mjólkurflutningana.

1. Til umræðu var.
Fyrirhuguð kaup á nýjum bíl fyrir flutningana
Athugað hafði verið um ýmsar gerðir vörubíla. en niðurstaðan af þeirri athugun leiddi til þess að allir þeir sem þarna voru mættir voru samþykkir því að kaupa bíl af Man gerð með framdrifi og ýmsum auka útbúnaði sem nauðsynlegur þótti fyrir bíl til mjólkurflutninga.

Annað var ekki til umræðu
og fundi slitið

Sigurður Ólafsson

Jóhann Sigurbjörnsson
Gunnar Rognvaldsson

Fundargerð

Föstudaginn 27 ágúst 1971 kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Syðra-Holti

Eftirfarandi var tekið til afgreiðslu

- 1 Rætt var um að fara að undirbúa smíði á yfirbyggingu á nýja bilinn sem væntanlegur er til afgreiðslu í septemberlok. Stjórnin var sam mála um að leita eftir tilboðum í smíði á yfirbyggingunni hjá verkstæðum sem hafa unnið við yfirbyggingu flutningabíla þó var talið æskilegt að verkið yrði unnið hér á Dalvík svo betur mætti fylgjast með verkinu.
- 2 Þá var ákveðið að ráða Halldór Jónasson Koti til að annast fjárflutninga og gripakeyrslu.
Fleira gerðist ekki og fundi slitið

Sigurður Ólafsson
Jóhann Sigurbjörnsson
Gunnar Rognvaldsson

Fundargerð

Fimmtudaginn 23 sept 1971 kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Syðra-Holti
Allir stjórnarnefndar menn voru mættir

Þetta gerðist

- 1 Athuguð voru tilboð sem borist höfðu í yfirbyggingu á nýja Man bílinn sem væntanlegur er á næstunni. 3 tilboð bárust 1 frá „Stálið“ Ak og hljóðaði það upp á kr 358 000,- sprautun ekki innifalin og skilafrest 1 mán
Annað var bilaverkstæði Jóhannesar Árskóg Dalvík og hljóðaði það tilboð upp á kr 300 000,- og sprautun innifalin skilafrestur 1 mánuður
Þriðja tilboðið var frá Bilaverkstæði Dalvíkur og hljóðaði það tilboð upp á kr 290 000.- skilafrestur 1 mán Samþykkt var að ganga að því tilboði þar sem það virtist hagkvæmast
- 2 Þá var ákveðið gjald fyrir flutning á sláturpeningi

Samþykkt var að gjald fyrir kind væri kr 10,- og fyrir fullorðinn stórgrip kr 150,- en kr 75,- fyrir grip sem hefir kjöt þunga undir 100 kg

- 3 Þá var ákveðið gjald fyrir gripi sem fluttir verða til slátrunar á Akureyri
Fyrir fullorðinn grip kr 450, fyrir grip með kjötþunga undir 100 kg kr 225.
- 4 Tekin ákvörðun um gjald fyrir flutning á sauðfe milli rétta í göngum
Samþykkt var að taka kr 400- fyrir bílinn á klst
Fleira ekki tekið til afgreiðslu
fundi slitið.

Sigurður Ólafsson
Jóhann Sigurbjörnsson
Gunnar Rognvaldsson

1972

Fundargerð

Miðvikudaginn 12 jan 1972 kom stjórn mjólkurflutninga félags Svarfdæla saman á fund í Dalvík.
Varamaður Þorgils Gunnlaugsson var mættur í stað Jóhanns Sigurbjörnssonar

Til umræðu var

- 1 Stitting vinnuvikunnar í 40 kl st sem gildi tók 1 jan 1972. Samþykkt var að kaup mjólkurbilst hækkaði sem samsvaraði 16 klst í mánuði fyrir hvorn þeirra og skildi sá tími reiknast á nætur vinnu taxa eða kr 214,70 á kl st
Fleira gerðist ekki fundi slitið

Gunnar Rognvaldsson

Fundargerð

Laugardaginn 26 febrúar 1972 kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að
Syðra-Holti

Þetta gerðist

- 1 Farið var yfir reikninga mjólkurflutningafélagsins fyrir síðastliðið ár 1971 og voru öll fylgiskjöl borin saman við dagbók og viðskiftareikning og fannst ekkert athugavert

Fleira gerðist ekki fundi lokið

Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð

Föstudaginn 4 marz 1972 kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Syðra-Holti

Til umræðu var

- 1 Samin tekju og gjalda áætlun fyrir árið 1972.
Tekjur voru áætlaðar 3270 000,- en gjöld 3095 000,- var þó ekki reiknað [með] mjólkur aukningu á árinu
- 2 Gerður var efnahags reikningur fyrir árið 1972
Bókfærð eign var um 3400 000,-
- 3 Tekin saman dagskrá aðalfundar flutningafélagsins sem halda á 11 marz n k.
- 4 Þá var samþykkt að hækka flutningsgjald á sekkjavöru innan sveitar úr kr 3,00 í kr 5,00 á poka
- 5 Samþykkt var að taka alkaskó tryggingu á nýja manbílinn A 958 með 5000 ,- kr sjálfsábyrð
- 6 Samið var við bílstjórana um hækkun á helgidaga kaupum úr kr 1200, í kr 1300,- fyrir hvern helgidag. sem keyrt er

Fleira var ekki af greitt fundi slitið

Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð

Laugardaginn 11 marz 1972 var aðalfundur mjólkurflutninga félags Svarfdæladeildar haldin í þinghusinu að Grund

Formaður deildarinnar Sigurður Ólafsson setti fundinn og stýrði honum. Fundarritari var

Kosinn

Halldór Jónsson

Dagskrá

- 1 Lesin starfsskýrsla stjórnarinnar fyrir árið 1971.
kom þar fram m a að aukning á mjólkurinnleggi í samlag hafði aukist um 6,77% frá fyrra ári úr Svarfdæladeild, en í samlaginu í heild aðeins um 0,59%
- 2 Reikningar deildarinnar árið 1971 lesnir af formanni. sem hann síðar skýrði og gerði samanburð á þeim og fyrraárs reikningi Á flestum liðum bæði gjalda og tekjumegin hafa orðið allmiklar hækkunir frá fyrra ári
Ber þá kanske einna hæst á hækkun þungaskatts sem hefir hækkað mjög tilfínnanlega frá fyrra ári, sem á rót sína að rekja til nýrrar gjaldskrár sem tók gildi á árinu 1970
- 3 Umsögn endurskoðenda Hjörtur E Þórarinsson gat þess að hann sem kjörinn endurskoðandi ásamt Halldóri Jónsyni sem varamanni í stað Helga Símonarsyni. hefðu endurskoðað reikninginn og ekkert fundið athugavert og lét í ljós ánægju yfir ágætri rekstrarútkomu ársins sem þó væri allverulega lakari en á árinu 1970. Þá var orðið gefið frjálst til umræðu um reikningana
Jónas Þorleifsson spurði hvort keyrsla sláturfjár stæðu undir sínum raunverulega kostnaði Formaður taldi svo vera Þorgils Gunnlaugsson spurði um skrifstofukostnað Helgi símonarson taldi að ætti að koma fram hver hin raunverulega rekstrarafkoma ársins væri. Formaður gat þess að ervitt væri að gefa upp ákveðnar tölur um það, en sér fyndist þó að sú upphæð gæti verið ca kr 120 000,- Hjörtur E Þórarinsson ræddi um þungaskatt bílanna og taldi að hugsanlegt væri að seinna yrði endurgreiddur einhver hluti af þeim skatti sem innheimtur var á s l ári Gunnlaugur Sigvaldason spurði um ólúsöluna af tanknum og sölulaun af olíunni Snorri Árnason spurði um 6000, kr aukagreiðslu til eins bílstjórans
Formaður svaraði þessum fyrirspurnum og bar síðan reikningana upp sem voru samþykktir samhljóða
- 4 Kosningar
1 maður í stjórn í stað Sigurðar Ólafssonar sem baðst undan endurkjöri. Kosinn var Jónmundur Zóphóníasson Hrappsstöðum með 15 atkvæðum.
1 varamaður í stjórn í stað Þórarins Jónssonar Kosinn var Þórarinn Jónsson með 13 atkvæðum.
- 5 Mál fundarmanna
Jónmundur Zóphóníasson sagðist vera óánægður með það að mjólkursamlagsstjóri skyldi ekki vera staddur hér á þessum fundi. Þá ræddi hann um hugsanlega tankflutninga sem hann taldi að yrði til umræðu á næstunni. Sigurður Ólafsson sagðist hafa talað við samlagsstjóra um að mæta á fundinum sem hann færðist undan vegna þess að hann yrði her á fundi seinna. Þá lagði stjórn flutninganna fram eftirfarandi tillögu. Aðalfundur mjólkurflutninga Svarfdæla haldinn að Grund 11 marz 1972 samþykkir að flutningsgjald á mjólk verði 90 aurar á hvern lítra fyrir árið 1972
Snorri Árnason gerði fyrirspurn í sambandi við tillöguna Jónas Þorleifsson taldi að flutningsgjaldið ætti að hækka í 1 kr. Ólafur Tryggvason taldi að ætti að leggja afskriftir í fyrningasjóð Friðbjörn Zóphóníasson taldi að 5 aura hækkun á flutningsgjaldi í ár hrykki

ekki á móti hækkandi restrargjöldum. Baldvin Magnússon spurði um greiðslu á pakka flutningi frá Akureyri

Jónmundur taldi að ekki skifti miklu máli þó 90 ára flutningsgjaldið yrði samþykkt þó það reyndist of lágt því viðbótinn yrði þá tekin seinna Sigurður Ólafsson skýrði frá kostnaðaráætlun stórnarinnar gagnvart kaupgjaldi sömuleiðis um pakkaflutning Gunnar Rögnvaldsson ræddi um kostnaðaráætlun Hjalti Haraldsson bar fram eftirfarandi tillögu.

Fundur bænda í Svarfaðardals og Dalvíkurhreppum samþykkir að beina þeirri ósk til samgöngumálaráðherra að hann hlutist til um eftirfarandi:

- 1 að andvirði seldrar vinnustundar Snjófeykis verði lækkuð til muna þar sem það samrýmist ekki verði vinnustunda annara véla vegagerðar ríkissjóðs
- 2 að Vegagerð Ríkissjóðs greiði minnst $\frac{3}{4}$ hluta snjómoksturs sem fram fer á vegum í þessum tveim hreppum.

Hann taldi að ósanngirni gætti í verðlagningu á vinnu Snjófeikisins svo og hlutaskifti ríkis og sveitafélags í snjómokstri

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða

Snorri Árnason spurði hvort aldrei hefði komið til tals hvort framleiðendur sem hætta búskap fengju endurgreiðslu frá flutningafélaginu Hreinn Jónsson taldi að athugandi væri að styrkja sér aðstöðu gagnvar flutningi Drangs með einhverju fjárframlagi

Hjörtur Þórarinss ræddi um hugmynd Snorra Árnass Friðbjörn sagðist taka undir tillögu

Hreins gagnvart Drang. Baldvin Magnússon ræddi um flutninga Drangs

Þórarinn Jónsson ræddi um tankvæðingu og taldi að hún myndi eiga erfitt uppdráttar hér hjá okkur, til þess að sú þjónusta yrði alveg fullkomin

Jónmundur ræddi einnig um tankvæðingu Gunnar Rögnvaldsson bað menn sem hefðu samlagsdunka undir höndum að skila þeim, þá skýrði hann einnig frá því að sekkja gjald frá Dalvík í sveitina myndi hækka út kr 3 í kr 5 Helgi Símonarson taldi eðlilegra að sveitarfélögin fremur en mjólkurflutningarnir legðu framlag til Drangs ef nauðsin krefði Þá ræddi hann einnig um tankvæðingu Gunnar Rögnvaldsson þakkaði Sigurði Ólafssyni fyrir vel unnin störf fyrir mjólkurflutningana undan farin ár Þá bauð hann Jónmund Zóphóníasson velkominn til starfa

Helgi Símonarson hvatti menn til að sækja vel deildar fund K E A. Sigurður Ólafsson þakkaði gott samstarf þau ár sem hann hefði starfað við mjólkurflutninga deildina

Þá var fundargerðin borin upp og samþykkt

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Halldór Jónsson

(fundarritari)

Starfsskýrsla mjólkurflutninga Svarfdæla 1971

Í stjórn hafa starfað Sigurður Ólafsson S-Holti

Gunnar Rögnvaldsson Dæli og

Jóhann Sigurbjörnsson Atlastöðum

Stjórnarfundir voru 7 á árinu

Fastraðnir ökumenn voru þeir sömu og undanfarin ár Jón Jónsson Jóhann Sigurbjörnsson og Júlíus

Steingrímsson Halldór Jónasson ók í 3 mánuði fyrir Jóhann Sigurbjörnsson Í sumarfrí af leysti Eiður

Steingrímsson Sláturfjárflutninga önnuðust þeir Eiður Steingrímsson og Halldór Jónasson

Flyt ég þeim öllum okkar beztu þakkir

Þá vil ég fara nokkrum orðum um mjólkurframleiðsluna sem varðar okkar deild að mestu leyti Framleiðendur voru 60 en 59 árið 1970.

Mjólkurmagn úr Svarfdæladeild var 2775 161 lítrar sem er 176 010 lítrum meira en árið 1970 eða 6,77%

Meðalinnlegg á framleiðanda er því 46 252 lítrar sem er 2 199 lítrum meira en árið 1970.

Flokkun var lítið eitt lakari árið 1971 en 1970.

Frádrag var 4,05 aurar á lítra en var 3,86 aurar 1970.

Greitt var með mánaðarlegum greiðslum til mjólkurframleiðenda í Svarfdæladeild kr. 33 356

854,00 sem gerir kr 12,01,97 á lítra þetta er kr 7 956,966,90 hærri upphæð en árið 1970.

Mjólkur uppbót á innlagða mjólk 1970 var kr 9.596.986, verður þá heildarupphæðin sem mjólkurframleiðendur fá í Svarfdæladeild fyrir mjólk á árinu 1971, 42.953.840,-

Heildar mjólkurmagnið í samlaginu árið 1971 var 0,59% meira en árið áður

Meðalútborgun frá samlaginu árið 1971 var kr 12,04,37 á lít sem er 227,16 aurum hærra en árið 1970.

Mánaðar kaup ökumanna hækkaði úr kr 21 580 í kr 25.681,- umsamið helgidagakaup var óbreytt allt árið

Breitingar urðu á flutninga töxtum á leiðinni Akureyri Dalvík en hinir nýju taxtar gilda frá og með 1 jan 1971

Tonnataxti sem var kr 325- er kr 375,-

Stykkja taxti - - - 12 - - 14,- (að 30 kg)

- - - - - 24 - - 28 - (30-50 -)

- - - - - 48 - - 56 - (Yfir 50 kg)

Fluttar voru mjólkurvörur fyrir samlagið tæp 290 tonn á kr 375,- pr tonnið

Eins og ykkur er kunnugt var keypt ný bifreið á árinu og réði það úrslitum að þessi tegund var valin að umboðsmenn Volvo bifreiða töldu sig ekki geta afgreitt Volvo bifreið með framdrifi fyrr en eftir Tvö ár Bifreið þessi sem er MAN vörubifreið gerð 9,192 H með vökvastýri vökvasæti driflæsingu ökurita ásamt framhjóladrifi háu og láu drifi kostaði í innkaupi hjólbarðalaus kr 1.732.738,-

Leitað var tilboða í yfirbyggingu og bærust 3 tilboð 1 frá Stáliðn Akureyr Húsið komið á bifreiðina án sprautunar kr 358.500,- 2 Frá Jóhannesi Árskóg Húsið að öllu leiti frágengið kr 300.000,- 3 Frá bílaverkstæði Dalvíkur. Húsið komið á bifreiðina með löglegum ljósum og málað utan og innan kr 290.000,- Því tilboði var tekið

Ýmislegt fleira varð að gera svo sem lengja ramma færa olútank og loftkút varð þá endanlegt verð bifreiðarinnar kr 2.160.218,50.

Fundargerð.

Að loknum ársfundi mjólkurflutninga félags Svarfdæla sem haldin var að Grund föstudaginn 4 marz 1972. kom stjórn flutningafelagsins saman til að skifta með sér störfum. Kosinn var til að gegna formennsku Jónmundur Zóphóniasson Hrafnstöðum í stað frá farandi formanns Sigurðar Ólafssonar sem ekki tók endur kjöri stjórnin starfar óbreytt að öðruleiti. Fleira ekki tekið til afgreiðslu fundi slitið

Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð

Sunnudaginn 26 marz 1972 kom stjórn mjólkurflutninga Svarfdæla saman að Hrafnstöðum. Mættir voru allir bílstjórar flutningafelagsins. Voru þeir fengnir til skrafs og ráðagerða viðvíkjandi kaupum á gömlum bil sem í boði er

Þetta gerðist

1. Formaður gat þess að til greina gæti komið að kaupa gamlann Volvo bil í Hrafnagilshreppi. Samþykkt var að fela mjólkurflutningabilstjórunum að athuga um ástand bílsins og söluverð. Jafnframt var ákveðið að auglýsa tvo af bílum flutninganna til sölu A 978 og A 1418.
2. Þá var rætt um afgreiðslu mjólkurbíla sem Ú K E Dalvík hefir seð um. Mættur var útibústjórinn Kristján Ólafsson. Samið var um að útbúið á Dalvík sæi um þetta áfram og annaðist útbúið um innheimtu á flutningsgjaldi fyrir böggla og flutning sem í gegnum afgreiðsluna færi. Þá var rætt um flutning á peningum sem bilstjórnarnir annast fyrir K E A til útibúsins á Dalvík fóru bilstjórnarnir fram á það að þeir væru ekki á neinn hátt ábyrgir fyrir þessum peningum ef þeir glötuðust á einhvern hátt.
Málið var afgreitt þannig að útibústjóri semdi við bilstjórana um þetta mál.
3. Þá var um það talað að fara þess á leit við Eið Steingrímsson að hann annaðist keyrslu í sumar við afleysingar í sumarfríum og flutning á slátur peningi. Þess skal getið að síðar var ráðinn til afleysinga Ófeigur Jóhannesson þar sem Eiður var búinn að ráða sig hjá öðrum aðila

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið

Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð.

Sunnudaginn 6 ágúst 1972 kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum.

Þetta gerðist.

1. Rætt var um helgidagakaup mjólkurbílstjóranna.
Sanngjarn þótti að það fylgdi vísitölu eins og annað kaup, en það hefur ekki gert það áður.
2. Þá skýrði formaður frá því, að hann hefði farið fram á það við Útibú K.E.A. Dalvík, að vöruflutningar sem flutningafélagið annast fyrir K.E.A. hækki frá 1. júlí um 20%.
3. Rætt var um horfur á útkomu ársins og virðast flutningarnir þurfa að ganga mjög vel ef ekki á að verða um halla rekstur að ræða. Ákveðið var að fara ekki fram á hækkun á flutningataxta á mjólkinni að svo stöddu.
4. Þá var rætt um flutning á sláturpeningi í haust bæði til Akureyrar og Dalvíkur.
Þar á meðal ráðningu manna á bílana
Samþykkt var að hækka flutningsgjald á sauðfé til slátrunar í kr 12 pr. kind.
Á gripi sem fluttir eru til Akureyrar verði gjaldið óbreytt, kr 450 fyrir grip og kr 225 fyrir ungvíði sem hafa undir 100 kg kjötpunga.
Fyrir gripi sem fluttir eru til Dalvíkur og slátrað í sláturtíð kr 200 fyrir grip og kr 100 fyrir ungvíði með kjötpunga undir 100 kg, en fyrir gripi sem slátrað er utan aðalsláturtíðar kr 300 og ungvíði í samræmi við það.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð.

Laugardaginn 16 des 1972 kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum.

Þetta gerðist.

1. Rætt var um að mjólkurbílstjórunum yrði send einhver jólaglaðning sem viðurkenningarvott fyrir vel unnin störf, sérstaklega nú í ný afstöðnum ótíðarkafli.
2. Þá var rætt um rekstrarhorfur flutninganna fyrir árið og virðist sem að einhver rekstrarhalli kunni að verða, ekki síst vegna slæmrar færðar undanfarið.
3. Rætt var um að hækka þyrfti leigutaxta á bílunum, sem lánaðir eru ýmsum til flutninga, þar sem taxti sá sem gilt hefur, er mikið lægri en almennt gerist.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Gunnar Rögnvaldsson

1973

Fundargerð.

Miðvikudaginn 14 marz 1973, kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum.

Það helzta sem gerðist var þetta.

1. Farið var lauslega yfir reikningsuppgjör síðast liðins árs 1972, og kom í ljós, að nokkur rekstrarhalli hafði orðið á árinu, eða um kr 300.000,-. En á árinu var ein af eldri bifreið félagsins seld (Volvo truckur) á kr. 300.000,- svo reikningsleg stæða hafði lítið breitt.
2. Þá var rætt um að ráða þyrfti 2 menn á mjólkurbíla. 1. til afleysinga í sumarfríum og annan í stað Jóhanns Sigurbjörnssonar, sem hættir störfum hjá flutningunum. Rætt var um að fá einhverja vana bílstjóra, ef hægt væri, annars yrði að auglýsa stöðurnar.
3. Þá var ákveðið að halda ársfund flutningafélagsins, ef mögulegt væri, laugardaginn 24 marz og stjórnarfundur ákveðinn til undirbúnings honum sunnudaginn 18 marz

Fundi slitið.

Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð.

Sunnudaginn 18 marz 1973 kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum.

Það helzta sem gerðist var þetta.

1. Farið var yfir öll fylgiskjöl reikninganna og borin saman við dagbók og aðalreikning og útkoman borin saman við fjárhagsáætlun frá fyrra ári, höfðu sumir gjaldaliðir farið all mikið fram úr áætlun, svo sem kaup bílstjóranna, tryggingar bílanna, og hjólbarðar.
2. Þá var gerð fjárhagsáætlun fyrir árið 1973 og var reynt að gera hana í samræmi við vaxandi kauphækkunir og dýrtíð enda niðurstöður hennar mun hærri en árið áður.
Fundi slitið.

Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð.

Fimmtudaginn 22 marz 1973 kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum.

Störf þessa fundar var aðallega að undirbúa aðalfund Flutningafélagsins sem boðaður hafði verið 24-3.

Saminn var dagskrá fyrir fundinn einnig var stjórnin sammála um að leggja til, að flutningsgjald á hvern mjólkurlíttra frá bændum til mjólkurbús skyldi hækka úr kr 0,90 í kr 1,20.

Þá var ákveðið að bera fram tillögu á aðalfundi, um að keyptur yrði nýr bíll til flutninganna.

Þá ákvað stjórnin, að leiða umræður á aðalfundi inn á, hvað gert yrði við eignir félagsins, þegar það hætti störfum. En innan skamms, eða eftir 2-3 ár mun mjólkurbú K.E.A. taka sjálft við flutningunum, eða þegar breitt verður yfir í tankflutninga.

Fundi slitið.

Gunnar Rögnvaldsson

Fundargerð.

Laugardaginn 24 marz 1973 hélt Svarfdæladeild Mjólkursamlagsins aðalfund sinn að þinghúsinu Grund.

Formaður deildarinnar Jónmundur Zophoníasson setti fundinn og lýsti dagskrá. Til fundarritara nefndi hann Gunnlaug Sigvaldason og varafundarstjóra Gunnar Rögnvaldsson.

1. Starfskýrsla formannsins.
2. Lesnir reikningar mjólkurflutninganna af formanni deildarinnar. Síðan gaf hann orðið laust.

Helgi Símonarson annar endurskoðandi deildarinnar tók til máls og sagði að þeir hefðu ekki fundið neitt athugasvert. Halldór Jónsson sagði að raunverulegur halli flutninganna væri ekki nema um 400.000- kr. og skýrði hann það nánar, en í rekstrarreikningi kom fram að halli flutninganna hefði verið 619.148,30- kr.

Ólafur Tryggvason spurði vegna hvers mjólkurbrúsar væru færðir sem gjöld á rekstrarreikningi. Formaður svaraði og sagði að samkvæmt upplýsingum reikningslæðra manna væri þetta rétt fært svona.

Baldvin í Hrafnstaðakoti spurði eftir fasteignamati á bílskúrnum. Fasteignamat bílskúrsins taldi formaður vera af hálfri eigninni. Jósavin Helgason spurði eftir hvort afskriftir hefðu áhrif á aðstöðugjald og var talið að svo væri. Síðan bar formaður reikningana upp og voru þeir samþykktir samhljóða

3. Kosningar.
 - a. Kosinn 1 maður í stjórn í stað Gunnars Rögnvalds. og 1 til vara. Kosinn var Jósavin Helgason með 13 atkv. til vara Gunnlaugur Sigvaldason með 4 atkv.
 - b. Kosnir 2 endurskoðendur og 1 til vara. Kosnir voru Halldór Jónsson með 23. atk. og Hjörtur Þórarinnsson með 7 atk, til vara Sigurður Ólafsson með 6. atk.
4. Önnur mál.

Formaður sagði frá því að tveir bílar flutninganna hefðu fengið viðurkenningu fyrir 5 ára slysalausan akstur. Síðan las formaður fjárhagsáætlun fyrir árið 1973. Gerði hann ráð fyrir í henni að flutningskostnaður á mjólkurlitra hækki um 0,30 kr. Síðan var drukkið kaffi í boði nefndarinnar.

Að því loknu lagði formaður fram tvær tillögur stjórnarinnar svohljóðandi.

- I. Aðalfundur Mjólkurflutningafélags Svarfdæla haldinn 24-3 1973 að þinghúsinu á Grund. Samþykkir að flutningsgjald á mjólkurlitra frá framleiðendum til Mjólkursamlagsins árið 1973 skuli vera kr. 1,20.
- II. Aðalfundur Mjólkurflutningafélags Svarfdæla haldinn 24-3 1973 að þinghúsinu á Grund. Samþykkir að fela nefndinni að kaupa nýjan bíl svo framalega að hægt verði að útvega fjármagn til kaupanna.

Friðbjörn Zophoníasson taldi sjálfsgagt að hækka flutningsgjaldið því að allavega yrðu flutningarnir að bera sig. Hann taldi líka rétt að kaupa nýjan bíl, en efaðist um að „Man“ væri

rétta tegundin.

Eignir félagsins taldi Friðbjörn að ættu að verða fylgifé jarðanna. Halldór var ósammála Friðbirni með eignirnar, sagði að um 60% færi í skatta ef svona væri farið að. Taldi hann réttara að reka flutningana með halla og gefa upp eignirnar þannig þangað til þeir hættu.

Baldvin í Hrafnstaðakoti tók í sama streng og Halldór og sagðist ekki vera tilbúin að greiða þessari hækkunartillögu atkvæði.

Halldór tók aftur til máls og sagði að ef að ætti að afhenda einhverjum eignirnar væri það Ræktunarsambandið, þar væri um sömu aðila að ræða.

Friðbjörn taldi koma til greina að félagið ætti og ræki mjólkurtankana. Jónas í Koti vildi láta hækka flutningsgjald á sauðfé svo sá flutningur bæri sig.

Gunnar í Dæli taldi rétt að félagið stiddi kaup bænda á mjólkurtönkum. Formaður tók til máls og sagði að stjórnin gæti fallist á að fresta afgreiðslu þessa máls og það yrði kosin nefnd til að athuga hvað ætti að gera við eignir félagsins.

Síðan bar formaður upp munlega tillögu um að fresta fundi um c.a. 2 mánuði og kjósa tvo menn með stjórninni til að athuga um eignamál félagsins og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þórarinn á Bakka spurði hvernig nefndin hugsaði sér reksturinn, þegar nýr bíll kæmi til sögunnar.

Hann mælti með því að félagið tæki að sér rekstur mjólkurtankanna fyrir bændur. Formaður svaraði og sagði að það mætti nota yfirbyggingu af öðrum gamla bílnum, en ekki væri ákveðið hvorum volvobílnum yrði lagt. Síðan bar hann upp II. tillöguna um bílakaupin og var hún samþykkt samhljóða.

Í nefnd til að starfa með stjórninni voru kosnir þeir Halldór Jónsson og Baldvin Magnússon.

Fundargerðin síðan borin upp og samþykkt.

Síðan var fundi frestað.

Starfsskýrsla.

Mjólkurflutningafélags Svarfdæla 1973.

Stjórnina skipuðu:

Jónmundur Zophoníasson Hrafnstöðum

Gunnar Rögnvaldsson Dæli

Jóhann Sigurbjörnsson Atlastöðum

Bókaðir voru sex fundir. Bilstjórar voru þeir sömu og verið hafa, þeir Jón Jónsson, Júlíus Steingrímsson og Jóhann Sigurbjörnsson, en fyrir Jóhann keyrði Halldór Jónsson í 5½ mánuð, og Zophonías Jónmundsson í 1½ mánuð, en hann var einnig við stórgripa og sauðfjár flutningana.

Ófeigur Jóhannesson keyrði í sumarfríunum og einnig ofurlítið í veikindaförföllum.

Þá var Ingólfur Jónasson við fjár og stórgripakeyslu.

Færum við þeim hér með beztu þakkir fyrir.

Framleiðendur voru 59, en 60 árið 1971.

Mjólkurmagn úr Svarfdæladeild var 2.711.463 ltr. sem er 63.698 ltr minna en árið 1971 eða 2.29%.

Meðalinnlegg á framleiðanda er æví 45.957 ltr á móti 46.252 ltr. árið 1971.

Meðalfita úr Svarfdæladeild árið 1972 var 4,352% en var 4,262% árið 1971. Flokkun var allmikið betri árið 1972.

Verðfelling 3,55 aurar pr. ltr á móti 4.05 aurum árið 1971.

Greitt var með mánaðarlegum greiðslum til mjólkurframleiðenda í Svarfdæladeild kr 40.018.001.00 sem gerir 14.78,88 á ltr. Þetta er 6,7 miljónum hærri upphæð en árið 1971. Heildarmjólkurmagnið árið 1972 var 2,78% meira en árið 1971. Meðaluppigreiðsla árið 1972 var 14.89,64 aurar á ltr sem er um 78,27% af staðargrundvallarverði almanaksarsins 1972. En það mun vera 19,03 aurar pr. ltr.

Kaup bilstjóra hækkaði nokkuð á árinu eins og allt annað eða úr 28.773,00 kr í 32.240,00 kr. og helgidagar úr 1000 kr í 1450 kr.

Flutningatexta á leiðinni Akureyri, Dalvík var breitt á miðju ári og er nú fyrir þungavöru 450,00 kr. á tonn var áður 375,00 kr., en pakkaflutning var breitt þannig, að nú er borgað 1,00 kr. fyrir kíló, sem við teljum að sé töluverð hækkun.

Mjólkurvörur frá samlaginu 320,9 tonn 400 kr. tonn.

15 marz brotnaði mótörinn í Maninum. Við ransókn kom í ljós, að um verksmiðjugalla hafði verið að ræða og greiddi umboðið allan kosnað sem af þessu leiddi.

Þá var A – 1418 framdrifsvolvóinn seldur á árinu. söluverð 300 þúsund. Viðgerðarkostnaður skiptist þannig á bílana.

A – 978, 200.861,00

A – 958 111.906,00

A – 2098, 93.286,00

A – 1418 177,820,00

Trukkarnir 185.191,00.

Fundargerð.

Miðvikudaginn 25 Apríl 1973. kom stjórn Mjólkurflutningafelags Svarfdæla saman í kaffistofu Kaupfelagsins á Dalvík.

Mættir á fundinum voru bilstjórar flutninganna.

Aðeins eitt mál lá fyrir fundinum, og var það ráðning afleisingamanns vegna sumarfría.

Þrjár umsóknir höfðu borist, og var Guðmundur Gunnlaugsson Þorsteinsstöðum ráðin.

Jósavin Helgason

Laugardaginn 26. maí '73 kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman, ásamt bilstjórum félagsins, og sölumanni frá Man bilaumboði, og voru rædd hugsanleg bilakaup.

Fleira ekki tekið fyrir

Jósavin Helgason

Fundurinn fór framm í Víkurröst

Fundargerð.

Mánudaginn 4 júní '73 kom stjórn mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman í Víkurröst á Dalvík.

Rætt var um flutningsgjöld fyrir pakka, og þungavöru frá Akureyri, og var ákveðið [að] hækka þungavöru úr 450 í 500 kr per tonn, en pakka úr 15 í 30 kr. og 30 í 45 kr.

Einnig var hækkun á þungavöru framm í sveit úr kr. 60 í 100 per tonn og (einnig var, hækkaður flutningskostnaður á undanrennu) óbreittur 0,10 kr. per líter

Samþykkt var að taka 15 kr fyrir ekin km, og mannakaup eins og maðurinn kostar, þegar bíll væri lánaður

Samþykkt var að hækka flutningsgjald á mjólk úr 0,90 kr í 1.20 kr per líter.

Gildir þessi hækkun frá áramótum 1972-'73

Nú voru mættir á fundinn bilstjórar félagsins og einnig sölumaður fyrir GMC vörubíla og voru rædd kaup á bíl. Þær umræður enduðu með því að bíll var pantaður með fyrirvara þó.

Jósavin Helgason

Fundargerð 1973

Sunnudaginn 24 Júní kom stjórn Mjólkurflutningarfélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum, ásamt bilstjórum félagsins. Hætt var við kaup á G.M.C., og ákveðið að kaupa MAN, bíl.

Rætt var umm að festa kaup á dráttarkrók á einn bílinn, til að draga ýtuvagninn.

Fleira ekki tekið fyrir

(ritari) Jósavin Helgason

Fundargerð. 1973

Þriðjudaginn 14 - 8 kom stjórn Mjólkur flutningafélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum.

Ræða þurfti hækkun gripaflutninga.

Ákveðið var að hækka flutninga fyrir sauðfé úr 12,- í 20 kr á kind fyrir Dalvíkurhr. og Svarfhr., en kr 25. utan þessara sveitarfélaga

Rætt var um að greiða ætti veikindaforfall fyrir sunnudaga. Ákveðið var að leitta upplisinga um það mál. Reint verður að fá bílstjóra í gripa og fjárflutninga.

Einnig útvegum á yfirbyggingu á nýja bilinn. Hækkaður var flutningur á stórgripum í 800. kr nú voru mættir á fundinum Halldór Jónsson og Baldvin Magnússon em kosnir höfðu verið á aðalfundi með stjórninni til að athuga hvað gera ætti við eignir félagsins þetta mál var nokkuð rætt, en engin niðurstaða fékkst.

Ekki fleira tekið fyrir

(ritari) Jósavin Helgason

1974

Laugardaginn 12. jan '74 kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Hrappsstöðum. Formaður flutninganna, Jónmundur Zophoníasson sagði vonlaust að fá þann bil sem ákveðið var að kaupa

Mættir á fundinum voru 3 bílstjórar, og var nokkuð rætt um hvaða bil ætta að velja Tveggjadryfhásinga eða þriggjadryfhásinga bil. Niðurstaðan varð sú að Jónmundur Zophoníasson Jósavin Helgason [og] Eiður Steingrímsson skyldu mæta á Hótil KEA, straks daginn eftir og ákveða með kaupin

ritari Jósavin Helgason

Fundargerð.

Föstudaginn 22 marz [1974] kom stjórn mjólkurflutninafélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum.

Ræða þurfti hækkanir á vöruflutningi fyrir árið 1974

Eftirfarandi flutningataksti var samþykktur og sendur til Kaupfélagsins á Dalvík

Pakkaflutningur á 1.40 kg þó aldrei lægra gjald en 25 kr á pakka

Pungavara frá Akureyri 700 kr á tonn

Einig voru teknar út úr nokkrar vorutegundir svo sem: frystikistur, ísskápar, eldavélar þvottavélar og húsgagn.

En fremur einangrunarplast. og sett á þessar vorur fast gjald.

Hækkuð var þungavara flutningur í sveitina úr 5 kr á poka í 8 kr.

Einig var hækkað flutningsgjald á undanrennu úr 0,15 kr í 0,20. kr.

Ákveðið var að ráða Guðmund Gunnlaugsson í afleisinar í sumar.

Ár 1974, mánudaginn 1. apríl, var aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. haldinn. Fundarstaður Víkurröst Dalvík

Formaður deildarinnar, Jónmundur Zophoníasson, setti fundinn og stjórnaði honum. Til fundarritara nefndi hann Sigurð Kristjánsson með samþykki fundarins.

Gjörðir fundarins voru:

1. Formaður las upp starfsskýrslu stjórnar Svarfdæladeildar Mjólkursaml. K.E.A. fyrir árið 1973. Gaf hann síðan orðið frjálst, en enginn bað um orðið.
2. Formaður las upp reikninga mjólkurflutningadeildarinnar fyrir árið 1973, en stjórnin hafði áður sent reikningana fjölrítaða heim til bænda þeirra, sem í deildinni eru. Jafnframt las hann sambærilegar tölur ársins 1972, gaf margvíslegar upplýsingar um tekju- og gjaldaliði og bauð síðan orðið laust.
Hjörtur á Tjörn, endurskoðandi reikninganna, tók þá til máls, þakkaði mjög vel færða reikninga og taldi ágætt að fá þá senda heim eins og nú var gjört.
Að loknu lítilsháttar rabbi voru reikningarnir samþykktir samhljóða.

3. Rekstraráætlun Mjólkurflutninga félags Svarfdæla fyrir árið 1974. Fjölritaðri kostnaðaráætlun var úthlutað meðal fundarmanna. Formaður gjörði grein fyrir áætluninni og gaf þá fundarmönnum orðið. Umræður urðu nokkrar meðal annars um eyðslufreka trukkibíla, sem formaður vildi gjarna losna við, en þeir áttu þó málsvara. Til máls tóku: Friðbjörn Hóli, Yngvi Bakka, Yngvi Hrísum, Jónas Koti, Hjortur Tjörn og formaður, sem m.a. svaraði fyrirspurnum.
Áætlunin var síðan borin undir atkvæði, einkum þó verðhækkun mjólkurflutninganna, en gjört er ráð fyrir, að flutningsgjald þetta ár verði kr. 2,00 á lítra. Var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
4. Kaffihlé.
5. Kosningar: Kosinn 1 maður í stjórn og 1 til vara. Úr stjórn gengu Jóhann Atlastöðum og varam. Þorgils Sökku. Gaf Jóhann ekki kost á sér til endurkjörs.
Kosnir voru: Hreinn á Klaufabrekkum með 6 atkvæðum og til vara Gunnlaugur á Þorsteinsst. með 5 atkv. Einar á Urðum fekk 4 atkv. og aðrir bændur færri.
6. Önnur mál: Stjórn deildarinnar lagði fram eftirfarandi tillögu að gefnu tilefni.
„ Aðalfundur Mjólkurflutningadeildar Svarfdæla haldinn að Víkurröst mánudaginn 1. apríl beinir þeirru eindregnu ósk félagsmanna til framkvæmdastjóra K.E.A., Vals Arnþórssonar, að hann sjái sér fært að leyfa mjólkursamlagsstjóra að mæta á fundum deildarinnar “. Tillagan samþykkt samhljóða eftir lítilsháttar rabb.
Þá lagði stjórnin fram þessar tillögur:
a) „ Aðalfundur mjólkurflutningadeildar Svarfdæla haldinn að Víkurröst 1. apríl 1974 samþykkir að selja K.E.A. bílskúr sinn, ef viðunandi boð fæst.“ Tillagan samþykkt samhljóða.
b) „ Aðalfundur Mjólkurflutningadeildar Svarfdæla haldinn að Víkurröst 1. apríl 1974 samþykkir, að trukkibílar deildarinnar verði seldir. “ Umræður urðu um tillöguna. Til máls tóku auk formanns Sigurður Syðra-Holti, Yngvi Bakka, Jóhann Atlastöðum, Friðbjörn Hóli, Jónas Koti og nokkrir aðrir úr sætum sínum. Tillagan síðan borin undir atkvæði og felld með öllum greiddum atkvæðum.
7. Fundargerðin lesin upp og samþykkt athugasemdalaust.
Þá þakkaði formaður fundarmönnum komuna og sagði fundi slitið.

Sigurður Kristjánsson, fundarritari

Þann 26 ´74 marz* var haldin fundur í Mjólkurflutningafélagi Svarfdæla að Hrafnstöðum Fyrst var gengið frá reikningum, og dagskrá aðalfundar einnig voru stjórnarlaun gerð upp. Þá mættu Halldór Jónsson og Baldvin Magnússon á fundin og voru þar rædd áður bókuð eignamál sú uppástunga kom að eignir Mjólkurflutningafelagsins rinnu til Ræktunarsambands

Svarfdæla þegar rekstur legðist niður

Fleira ekki tekið fyrir

Ritari Jósavin Helgason

*[Svo virðist sem gleymst hafi að færa þessa fundargerð inn fyrir aðalfund. SBG]

Starfsskýrsla
Stjórnar Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. 1973.

Stjórnina skipa:

Jónmundur Zophóníasson, formaður,
Jósavin Helgason ritari
Jóhann Sigurbjörnsson meðstjórnandi

Aðalbílstjórar félagsins voru Jón Jónsson og Júlíus Steingrímsson, eins og áður, en Jóhann Sigurbjörnsson lét af störfum í apríllök en við tók Eiður Steingrímsson. Afleysingamaður var Guðmundur Gunnlaugsson og Halldór Jón[a]sson keyrði með honum í fjárflutningunum. Þegar kom fram í desember var [Sigur]Hjörtur Þórarinsson ráðinn í stað Eiðs Steingrímssonar, sem tók að sér að smíða yfirbyggingu á nýjan mjólkurbíl. Öllum þessum mönnum færum við bestu þakkir fyrir vel unnin störf og góða samvinnu.

Stjórnin hélt 9 bókaða fundi, 3 eða 4 aðallega vegna kaupa á nýjum bíl. Aðeins 2 umboð töldu sig geta útvegað framdriftsbíla, voru þau Sambandið og Kraftur H/F. Eftir nána athugun varð MAN-bíllinn fyrir valinu. Þetta var bíll af nýrri gerð, sem var verið að byrja framleiðslu á, og átti að koma á markað í ágúst 1973, en einhverra hluta vegna brást þetta og þegar komið var fram í janúar taldi umboðsmaður enga vissu hvenær þessi bíll gæti komið, en bauð okkur að breyta pöntuninni, sem og við gerðum og atti sá bíll að koma í apríl.

Eftir nána athugun var ákveðið að láta byggja yfir þennan bíl á Bílaverkstæði Dalvíkur, á þann hátt að Eiður Steingrímsson vinni við það og átti verkstæðið að leggja til annan mann með honum, sem það þó gerði ekki.

Upplýsingar fyrir árið 1973 og
samanburðartölur fyrir árið 1972

1. Framleiðendur voru 56 en 59 árið 1972
2. Mjólkur magn úr Svarfdæladeild var 2,885,034 ltr. sem er 173,571 ltr. meira en árið 1972 eða 6.40 %. Meðalinnlegg á framleiðanda úr deildinni er því 51.518 ltr. en var 45,957 ltr. árið 1972.
3. Meðalfita úr Svarfdæladeild árið 1973 var 4.301 % á móti 4.352 % árið 1972

4. Flokkun var aðeins lakari en árið 1972. Verðfelling 8.14 aurar pr. ltr. á móti 3.55 aurum árið 1972. Verðfelling var hækkuð frá 1. jan. 1973.
5. Greitt var með mánaðarlegum greiðslum til mjólkurframleiðenda í Svarfdæladeild kr. 55,339,685.00, sem gerir 19.18,16 aura pr. ltr. Þetta er 15,3 milljónum hærri upphæð en árið 1972.
6. Heildarmjólkurmagnið sem tekið var á móti árið 1973 varð 1.69 % meira en árið 1972.
7. Meðaluppgræiðsla árið 1973 var 19.02,77 aurar pr. ltr. sem er um 77.38 % af staðargrundvallarverði almanaksársins 1973, en það er 24.57 aurar pr. ltr. Landsgrundvallarverð er hinsvegar 24.41 aurar pr. ltr.

Viðkomandi tillögu þeirri sem samþykkt var hér á aðalfundi í fyrra, er það að segja að talað var við nokkra lögfræðinga í þessu sambandi, svo sem Guðmund Skaftason, Ingvar Gíslason og Pétur Ásgeirsson, en út úr þessum viðræðum fékkst ekkert sem byggjandi er á. En niðurstaða nefndarinnar varð sú að ekki væri tímabært að taka neinar ákvarðanir að svo stöddu, þar sem ákvæði skattalaga breittust það mikið frá ári til árs. Þó taldi nefndin að líklegasta leiðin væri að sameina Ræktunarsambandið og Mjólkurflutningadeildina þegar þar að kæmi.

Verkstæðiskostnaður var á árinu kr. 940.383,50 og skiptist þannig á bílana.

A 978	kr 169,074,00	A 2098	kr. 151.134.00
MAN A 958	kr 163,481.00	TRUKKAR	kr 450.652.00

Fundargerð

Mánudaginn 1. júlí [1974] kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum.

Rætt var um greiðslukjör á nýja bílnum. Ákveðið var að greiða kr. 2.250.000 inn á bílinn, áður hafði verið borgað kr. 150.000.00 inn á bílinn.

Ákveðið var að taka kr. 3.000.00 fyrir bíl án manns fyrir lengri vegalengdir.

Nú mættu á fundinn Eiður og Júlíus Steingrímssynir, mjólkurbílstjórar. Júlíus Steingrímsson lagði fram þá kaupkröfu að fá sunnudaga borgaða í veikidaförföllum og var það samþykkt.

Einnig bentu bílstjórnarnir á að kaupíð sem þeir nú fá borgað sé of lágt.

Fundurinn samþykkti að bílstjórnarnir legðu fram skriflega launakröfu sem stjórn Mjólkurflutningadeildarinnar myndi svo fjalla um á næsta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir.

ritari Jósavin Helgason

Fundargerð.

Þann 20 júlí 1974 kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum. Borist hafði bréf undirskrifað af: Jóni Jónssyni Eið Steingrímssyni og Júlíusi Steingrímssyni sem eru þrír aðal bílstjórar félagsins

Bréfið fjallaði um kaupkröfur allt að 97.000 kr á mánuði.

Stjórn félagsins ákvað að reina að semja upp á 80.000.- kr á mánuði sem fast mánaðarkaup.

Ynnifalið í þessu fastakaupi er 8 stundir borgaðar alla daga ársins

9 dagar á næturvinnutaksta í mánuði (78.821.80) Meirihluti mjólkurnefndar vildi hækka þessar 80.000. kr í 85.000.- kr ef mikil óánægja yrði hjá bílstjorunum.

Fleira ekki tekið fyrir

(ritari) Jósavin Helgason

Fundargerð. '74

Mánudaginn 22. júlí kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman í Víkurröst á Dalvík. Boðaðir voru á fundin þrír aðal bílstjórar félagsins. Aðeins eitt mál lá fyrir fundinum, eða kaupsamningar.

Niðurstaða varð sú að fast mánaðarkaup yrði 85.000.- kr og gilti sú kauphækkun frá fyrsta júlí 1974.

(ritari.) Jósavin Helgason

Fundargerð. '74

Þriðjudaginn 6. ágúst kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum. Rætt var um peninga úttegun, til að greiða fyrstu afborgun, af nýja bíllnum.

Ákveðið var að taka eldri MAN bilinn í gripa og fjárflutninga. Einnig kom fram að Guðmundur Gunnlaugsson ætlaði að sjá um þessa flutninga að mestu leyti. Ákveðið var [að] taka 30 kr fyrir að flitja kindina innan Dalvíkur og Svarfaðardal, en 40 kr þar fyrir utan. Einnig var ákveðið að taka 1.000. kr fyrir grip leiðin Dalvík Akureyri
(ritari) Jósavin Helgason

1975

Fundargerð '75

Laugardaginn 2 febrúar kom stjórn Mjólkurflutninga félags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 1975.

Hækkun flutningsgjalda verður veruleg á árinu

Flutningsgjald á mjólk hækkar úr 2 kr í 4 kr p liter

- á sekkjavöru - - 160 kr í 300 kr p tonn
- á undanrenna frá Ak. 0,20 kr í 050. kr p líter
- á þungavara frá Ak. 700 kr í 1000 kr p tonn
- á pakkaflutningi Ak. 1.400. kr í 2000. kr p tonn

Þó aldrei lægra gjald en 35 kr á pakka

Heimilistæki á 300 per stikkið.

Einangrunarplast [eyða. SBG] per rúmfet.

Ákveðið var að lappa upp á eldri Volvo bilinn

- - - greiða 600 kr á tímann fyrir dráttarvélarakstur með mjólk, og 500 kr á timan fyrir vélsleða.

(ritari) Jósavin Helgason

Fundargerð '75

Miðvikudaginn 5 marz kom stjórn Mjólkurflutningas Svarfdæla saman að Hrafnstöðum. Aðeins eitt mál lá fyrir fundinum, eða samlestur reikninga félagsins

Nokkur atriði komu í ljós sem formaður félagsins ætlaði að atuga um Tölulega reindust reikningarnir nokkuð réttir.

(ritari) Jósavin Helgason

Fundargerð.

Miðvikudaginn 13. marz 1975. kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Hrafnstöðum.

Mættur var varamaður Gunnlaugur Sigvaldason í stað Jósavins Helgasonar.

Gerð var fjárhagsáætlun fyrir árið 1975., og undirbuinn aðalfundur þann 15 marz 1975. einnig voru gerð upp stjórnarlaun

Fleira ekki tekið fyrir

Gunnlaugur Sig.

Aðalfundur 1975.

Aðalfundur Mjólkurflutningafélags Svarfdæla haldin að þynghúsi hreppsins að Grund. 15 marz 1975.

Fundinn setti formaður félagsins Jónmundur Zophoniasson, og stjórnaði honum.

Fundarritara skipaði hann Atla Friðbjörnsson

Dagskrá fundarins

1. Formaður las starfskýrslu stjórnar fyrir árið 1974. síðan las hann reikninga félagsins fyrir árið 1974., en stjórnin hafði áður sent reikningana fjölrítaða heim. til bænda.

Formaður gerði samanburð milli ára á hinum ýmsu liðum reikninganna ásamt margvíslegum upplýsingum um tekjur og gjöld. Síðan gaf formaður orðið til fundarmanna Baldvin Magnússon gat þess að við höfum orðið að þola miklar hækkanir á árinu t.d. 154% á disiloliu.

Taldi hann að reksturinn hafi gengið þokkalega, og gat þess að ef afskriftir væru teknar út úr gjaldahlið væri engin halli á rekstrinum

Sigurður Ólafsson gat þess að sér fyndist fragt á vörum frá Akureyri lá miðað við það sem áður hefði verið. Formaður svaraði því til að flutningar frá samlagi væru lægri en samið hefði verið um eða 700 kr per tonn í stað 1.000. kr

Jósavin Helgason gat þess að annan februar 1975 var samþykkt hækkun á vöruflutningi frá Ak en sú hækkun hefði ekki fengist

Porgils Gunnlaugsson taldi útkomu reikninga ekki slæma miðað við það verðbólguflóð sem varð á árinu 1974. Formaður bar síðan upp reikninga félagsins, sem voru samþykktir

2 Fjárhagsaætlun fyrir árið 1975 var nú sett frammi var fjölrituðum eintökum dreift á fundinum

Formaður fór síðan yfir hvern lið, og skýrði hækkanir. Hreinn Jónsson gar þess að á síðasta stjórnarfundum, hefði verið rætt um viðgerð á eldri Volvo bifreið sem er nú ógangfær

Porgils Gunnlaugsson spurðist fyrir [um] þorfinna á þessum bíl. Formaður taldi að þorfin væri mest á vorin ef vegir spilltust, líka þegar sauðfjarflutningar hæfust að hausti. Einig ræddu formaður um erfileika á peningaútleitu.

Hjortur Þórarinnsson taldi mjög stóran hlut fara í mjólkurflutninga, og benti á það mikla misretti sem væri á flutningsgjaldi á mjólk innan hérðs. Benti hann á að reinandi væri að fara frammi á jöfnun á flutningsgjaldi í einhverju mæli

Baldvin Magnússon bar frammi eftirfarandi tillögu

Aðalfundur Mjólkurflutningafélags Svarfdæla 15 marz 1975 samþykkti að fela stjórn félagsins, að leita eftir því við samlagsráð og stjórn K.E.A. að fá því framgengt að veruleg jöfnun verði á flutningsgjaldi á samlagssvæðum, enda fylgi ýtarleg greinagerð um stöðu flutninganna hér í Svarf.

Tillagan var borin upp og samþykkt.

Gunnlaugur Sigvaldason talaði um að spara mætti einn mann í rekstrinum með því móti að hætta með voruflutningana fyrir K.E.A. einnig taldi hann að noti ætti dráttarvélar á vorin þegar þungatakmarkanir væru einnig ætt að keyra meira á vélum á veturna.

Porgils Gunnlaugsson harmaði það að Vernharð Sveinsson skyldi ekki geta mætt á fundinum, og taldi hann að fundurinn hefði getað fræðst af honum í sambandi við tankvæðinguna, einnig fannst honum nauðsinlegt að fara að undirbúa tankvæðinguna hér innan deildarinnar

3 Formaður hóf umræður undir liðnum mál fundarmanna, og sagði að reinslan sýndi að ekki ætt að nota annað tæki við snjómokstur, en blásara, taldi hann eignum félagsins vel varið með því að leggja þær í blásarakaup

Baldvin Magnússon talaði næst um stjórnarlaun og kom með tillögu þess efnis

Fundur í Svarfdæladeild mjólkursamlags K.E.A. 15. 3 '75 samþykkti að laun framkvæmdastjóra deildarinnar skuli vera sem svarar 1% af greiddum launum hjá deildinni hverju sinni

Meðstjórnendur skulu fá greitt fyrir ferðir á bókaða fundum, með hliðsjón af því sem hið opinbera greiðir. Auk þess fá allir nefndarmenn 800. kr fyrir hverja fundarsetu á bókuðum fundum.

Jósavin Helgason gat þess að flutningsgjald á mjólk hefði verið 10,92.% 1967, og hefði oft verið hærra en nú, að endingu þakkaði hann formanni fyrir góða samvinnu en Jónmundur á Hrafnstöðum gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Í stjórn mjólkurnefndar var kosin Snorri Árnason Völlum til vara Baldvin Magnússon Hrafnstaðak

Hreinn Jónsson talaði um nauðsin þess að byggja upp vegakerfið í Svarfaðardal, einig þakkaði hann formanni fyrir samstarfið. Jónmundur á Hrafnstöðum þakkaði fyrir samstarfið við nefndarmenn, bílstjóra og mjólkurframleiðendur. Fundargerðin lesin upp og samþykkt
(Fundarritari) Atli Friðbjörsson

Starfskýrsla 1974.

Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A.

Stjórnina skipuðu

Jónmundur Zophoniasson. Formaður

Jósavin Helgason, Ritari

Hreinn Jónsson, Meðstjórnandi

Sjö bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á árinu

Aðalbílstjórar félagsins voru þeir sömu, og siðastliðið ár eða þeir:

Jón Jónsson, Júlíus og Eiður Steingrimssynir

Auk þeirra keyrði Hjörtur Þórarinnsson [? á efalítið að vera Sigurhjörtur Þ. SBG] hjá flutningunum í stað Eiðs frá áramórum og framm í apríl, en þennan tíma vann Eiður við yfirbygginguna á nýja mjólkurbílinn. Þá keyrði Hjörtur frá fyrsta maí framm til 10 okt fyrir Jón sem fékk leifi frá starfinu þennan tíma. Guðmundur Gunnlaugsson keyrði í sumarfríum, og gripa og fjárbíla í sláturtíð, var nú notaður einn bíll í stað tveggja undanfarin haust. Öllum þessum mönnum þökkum við gott samstarf. Bílstjórnarnir fóru framm á kauphækkun frá 1 júlí. Krafa þessi hljóðaði upp á 97.000.- á mánuði samið var upp á 85.000.- framm að áramótum, en þá fengu þeir 5.000.- kr viðbót. Þarna munar mestu að laugardagur er nú unnin á næturvinnuteksta, og þá toldu þeir sig vinna 10 tíma í stað 8 áður. Laun voru því 94.500 á mánuði um áramót. Þá var í fyrsta skipti greitt í lífeyrissjóð fyrir bílstjórana nam sú upphæð 75.000.- kr fyrir þetta ár. Þann 20 júlí kom nýi mjólkurbíllinn til Dalvíkur, og var komin í keyrslu fyrir mánaðarmót. Verð bilsins var rett um 6.555.000.- kr með yfirbyggingu. Ervitt er í svona óðaverðbólgu [að] fylgja eftir hækkun á fragt með bilunum, enda ekki tekist sem skyldi. Gjald frá Akureyri er nú frá nov byrjun 850 kr á tonn í þungaflutningi en 1.700.- kr í pakkaflutning, þó engin pakki tekin fyrir lægra gjald en 35 kr.

Fundargerð 1975.

Miðvikudaginn 19 marz kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Klaufabrekkum. Aldursforseti stjórnarinnar Hreinn Jónsson setti fundin og stjórnaði honum eitt aðal mál lá fyrir fundinum eða kostningar.

Kosinn var Snorri Árnason Formaður
Jósavin Helgason Ritari
Hreinn Jónsson Meðstjórnandi

(ritari) Jósavin Helgason

Fundargerð 1975

Sunnudaginn 23 marz kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Völlum. Formaður Snorri Árnason setti fundin og stjórnaði honum. Fyrst var fyrir tekið, endurskoðun á flutningsgjaldi. Samþykkt var að bilstjórar þeir sem sjá um flutning á gripum og öðrum flutningi, færi frumbók. Ákveðið var að taka 1.500.- kr fyrir grip til Akureyrar, en 1.000,- kr á grip innan Svarfaðar og Dalvíkurhreppa ennfremur 1.500.- kr utan þessara hreppa, svo sem Árskógströnd. Ákveðið var að taka 250.- kr á kálfa undir 100 kg.* Formanni var falið að undirbúa gögn þau sem þurfa með tillögu frá aðalfundi 1975 þess efnis að leita eftir jöfnun á flutningsgjaldi á Samlagssvæðinu

(ritari) Jósavin Helgason

*[Sjá viðbót aftast í næstu fundargerð frá 3. apríl. SBG]

Fundargerð.

Fimmtudaginn 3. apríl [1975] kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Völlum. Formaður félagsins Snorri Árnason setti fundin og stjórnaði honum. Fyrst var fyrir tekið tillaga sú er samþykkt var á aðalfundi félagsins, um jöfnun á flutningsgjaldi á samlagssvæðinu. Formaður las upp bréf sem samið hafði verið til stjórnar K.E.A. og var bréfið samþykkt breitingalítið, ennfremur las formaður upp greinargerð sem Rögnvaldur Skíði hafði unnið og var hún samþykkt.

Fallið hefur niður úr fundargerð sunnudaginn 23 marz: Ákveðið var að taka 500 kr á tonn fyrir þungavöru innan sveitar

(ritari) Jósavin Helgason

Fundargerð '75

Miðvikudaginn 23 apríl kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Völlum. Formaður félagsins Snorri Árnasson setti fundinn. 1. Formaður lagði til að samin yrði Nýr vöruflutningataksti fyrir félagið.

Samþykkt var að taka 1.200 kr á tonn Ak. Dalvík

- - - pakkagjald yrði 2,50 kr á kg

þó aldrei lægra gjald en 50 kr á pakka

Eldhúsáhöld svo sem eldavélar og þvottavélar 500 kr á stikkið, einangrunarplast 10 kr á rfet³

Fundargerð '75

Miðvikudaginn 7 maí mætti stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla á fund hjá Val Arnþórssyni og fleirum í fundarsal K.E.A.

Ræða þurfti um hugsanlega sölu á 2 Man bilum engin niðurstaða fékkst.

(ritari) Jósavin Helgason

Fundargerð '75

Þriðjudaginn 13 maí kom stjórn Mjólkurflutninga félags Svarfdæla saman að Völlum. Formaður setti fund og stjórnaði honum.

1. Rætt var um sölutilboð á MAN bilunum A 1418 og A 958 til stjórn K.E.A. Þrjú sjónarmið komu framm um sölutilboð engin niðurstaða fékkst.
2. Samþykktur var flutningataksti Ak – Dalvík

Pungavara	1,16 kr á kg
Pakkavara	2,30 - - -
Lægsta gjald á pakka	45.00 - - pakka
Heimilistæki	500.00 - - stikkið
Einangrunarp	10.00 - - fet m ³

Takstinn á að taka gildi 10 apríl 1975.

(ritari) Jósavin Helgason

Fundargerð. '75

Þriðjudaginn 20 maí 1975 kom stjórn Mjólkurflutning félags Svarfdæla saman í Skátaheimili Dalvíkur

Formaður félagsins setti fund, og stjórnaði honum.

Mættir voru auk stjórnar varastjórn félagsins þeir:

Gunnlaugur í Þorsteinsstöðum, Gunnlaugur Hofsárkoti og Baldvin Hrafnstaðakoti. Samþykkt var að varastjórn félagsins yrði atkvæðis bær á fundinum

Eitt aðal mál lá fyrir fundinum, eða framvinda mála frá aðalfundi. Formaður ragti gang málsins. Síðan gaf hann orðið laust. All miklar umræður urðu um málefnið. Það kom fram að skuldir félagsins eru rúmar 7 milljónir. Samþykkt var eftirfarandi sölutilboð sem sent yrði stjórn K.E.A.

Á stjórnarfundum Mjólkursamlagsdeildar í Svarfaðardal var samþykkt svohljóðandi kauptilboð til stjórnar K.E.A.

Vegna undangenginna umræðna um sölu bifreiðanna: A 958 og A 1418 til K.E.A.

Kauptilboð

Söluverð beggja bifreiðanna 13 000.000.00

Greiðsluskilmálar skulu vera þannig

við undiskrift samnings 1.000.000.00

við afhendingu bifreiðanna 12.000.000.00

Auk þess veiti K.E.A. Svarfdæladeild Mjólkursamlagsins

yfirdrattarheimild allt að kr. 8.000.000.00

Stjórn deildarinnar er reiðubúin til umræðu

um verð bifreiðanna og greiðsluskilmála

Kauptilboðið var samþykkt með 4 gegn 1.

Samþykkt var að auglisa Volvo bilinn A.958.

(ritari) Jósavin Helgason

Bréf barst frá K.E.A. þann 28. 5. 1975.

Mjólkurflutningafélag Svarfdæla.
Völlum.
Svarfaðardal.

Með vísan til bréfs yðar frá 26. 5. s.l. verðum vér vinsamlegast að biðja yður að skilgreina, hvað innifalið sé í söluverði því á bifreiðum yðar A 958 og A 1418., sem þér tilgreinið í brefi yðar. Jafnframt biðjum vér yður að skilgreina söluverð hvorrar bifreiðar fyrir sig

Að fengnum framangreindum upplýsingum munum vér taka afstöðu til tilboðs yðar svo fljótt sem tækifæri gefst.

Virðingarfyllst

Fundargerð

Þriðjudaginn 3. júní kom stjórn Mjólkurflutningafélags Svarfdæla saman að Völlum. Formaður félagsins, Snorri Árnason setti fund og stjórnaði honum. Fjarverandi var Hreinn Jónsson, sem ekki hafði boðað forföll. Eitt aðal mál lá fyrir fundinum, eða svar til stjórnar K.E.A. við bréfi dagsett 28. 5. 1975. Eftirfarandi svarbréf var samþykkt á fundinum

Kaupfélag Eyfyrðinga
Akureyri

Með tilvísun til bréfs yðar dags. 28.5.´75 skal eftirfarandi tekið fram:
Söluþilboð það er vér gerðum yður 26.5 ´75 miðast við sölu beggja bifreiðanna A 958 og A 1418. Eigi hins vegar að selja bifreiðarnar sitt í hvoru lagi verður tilboð vort sem hér segir.

Bifreiðin A-958. kr 4.250.000.00

Greiðsluskilmálar

við undirskrift samnings kr 500.000.00

við afhendingu eftirst. 3.750.000.00

Bifreiðin A-1418 kr 9.250.000,00

við undirskrift samnings kr 750.000.00

- afhendingu eftirst. kr 8.500.000.00

Auk þess veiti K.E.A. Svarfdælad. Mjólkursamlagsins þá sömu yfirdráttarheimild og farið var framm á í bréfi til yðar dags 26. 5. '75., sem greiðist að fullu við sölu bifreiðanna.

Um búnað bifreiðanna er það að segja að þær afhendist í eðlilegu astandi á vel nothæfum dekkum og með þeim yfirbyggingum, sem á bifreiðunum eru. Á þetta jafnt við hvort um sölu beggja bifreiðanna er að ræða, eða hvorrar fyrir sig. Rett er að taka framm að öll tilboð vor, eru gerð með fyrirvara um samþykki almenns fundar samlagsdeildarinnar.

Önnur mál. Minnst var á sleðaviðgerð fyrir veturinn

Fundi slitið

(Jósavin Helgason)

Fundargerð. '75

Þriðjudaginn 2. sept. kom stjórn Mjólkurflutninga félags Svarfdæla saman að Völlum. Formaður félagsins Snorri Árnason setti fund og stjórnaði.

1. Möguleikar á að sjá um fjárflutninga. Mættur var á fundinn Jón Jónsson bílstjóri til skrafs og ráðagerðar um það mál. Ákveðið var að taka bifreiðina A.958. í fjárflutninga, og útvega vörubíl í mjólkurflutningana, ef þurfa þykir.
2. Ákveða þurfti gjald í sambandi við fjár og gripa flutninga. Samþ. var að taka 50 kr á kind innan flutningasvæðisins en 65 kr þar utan
Samþ var að taka 1660 kr á grip til Ak.
3. Önnur mál. Jósavin Helgason hvaddi sér hljóðs.

Af heilsufarsástæðum óska ég undirritaður eftir, að losna úr stjórn Mjólkurflutninga félagi Svarfdæla Frá mánaðarmótum Ág Sept '75

Með vinsemd og virðingu

Jósavin Helgason

Formaður myntist á sölu REÓ trukks, og var samþ. að selja, ef viðunandi verð fengist

Fundi slitið

ritari / Jósavin Helgason/

Fundargjörð

Fimmtudaginn 25. sept. 1975 kom stjórn Svarfdælad. mjólkursamlags K. E. A. saman að Völlum. Mættir voru auk formanns Snorra Árnasonar þeir Gunnlaugur Tryggvason og Gunnlaugur Sigvaldason.

Fyrir var tekið

Formaður sagði frá munnlegum tilboðum er borist hafa í gamla volvobílinn A. 978 og reotrukkinn A 2498. Samþykkt var að verðleggja bílana á 300 til 350 þúsund. A. 2498 á 100.000,- og A 978 á 200.000.- til 250.000,-

Formanni var síðan veitt heimild til að semja um sölu bílanna.

Fleira ekki fyrir tekið

Gunnlaugur Sigv.

Fundargjörð

Fimmtudaginn 16. okt. 1975 kom stjórn Svarfdælad. Mjólkursamlags. K.E.A. saman að Völlum. Mættir voru auk stjórnarinnar Helgi Símonarson deildarstjóri Svarfdæladeildar K.E.A. og Jónmundur Zophoníasson deildarstj. Dalvíkurdeildar K.E.A.

Fyrir var tekið

Til umræðu var tankvæðing í Svarfaðardal og fyrirhugaður fundur um þau mál með Vernharði Sveinssyni og væntanlega fleiri kaupfelagsmönnum.

Rætt var um tankflutningana vítt og dreif og varð samkomulag um að mjólkurnefndin komi ekki fram með neina tillögu varðandi þá, en samþykkt var að fara fram á það við útibu K.E.D. að það annist þá vöruflutninga í sveitina sem mjólkurflutningarnir hafa annast.

Fleira ekki fyrir tekið

Gunnl. Sigv.

Fundargjörð

Fimmtudaginn 23. okt. 1975 kom stjórn Svarfdælad. mjólkursamlags K.E.A. saman að Vikurröst Dalvík.

Fyrir var tekið bref frá framkvæmdast. K. E. A. svohljóðandi.

Mjólkurflutningafelag Svarfdæla
c/o Snorri Árnason
Völlum
Svarfaðardal.

Með vísan til fyrri viðræðna um möguleg kaup vor á flutningabifreiðum yðar viljum vér hér með tjá yður, að vér erum reiðubúnir að kaupa Manbifreið yðar A. 958 fyrir kr 3 milj. - þrjár miljónir króna - miðað við afhendingu hennar í góðu ásigkomulagi, á góðum hjólbörðum og með þeirri yfirbyggingu, sem á bifreiðinni er í dag. Verðtilboðið miðast við afhendingu ca. á miðju ári 1976 eða eigi síðar en við upphaf tankflutninga úr Svarfaðard.

Sala bifreiðarinnar á framangreindu verði verði skuldbindandi fyrir yður, en kaupin ekki endanlega bindandi fyrir oss fyrr en að aflokinni skoðun bifreiðarinnar fyrir afhendingu.

Út á kaupverð bifreiðarinnar erum vér reiðubúnir að veita yður fyrirgreiðslu í viðskiptareikningi yðar við útibú vort á Dalvík eftir nánara samkomulagi. Þá fyrirgreiðslu ber að sjálfsögðu að fara með sem hverja aðra viðskiptaskuld þar til kaupin á bifreiðinni eru endanlega ákveðin og frágengin, og mun því skuldin á hverjum tíma vaxtareiknast á venjulegan hátt.

Að sinni höfum vér ekki áhuga á kaupum á bifreið yðar A. 1418, en ver biðjum yður vinsamlegast að svara tilboði voru í A 958 skriflega fyrir lok yfirstandandi mánaðar.

Virðingafyllt
pr.pr. Kaupfelag Eyfirðinga
Valur Arnþórsson

Engin ákvörðun var tekin varðandi bref framkvæmdastjóra K. E. A.
Einnig var undirbúin betur fundur um tankvæðinguna er halda á í dag
Fundi slitið
Gunnl. Sigv.

Fundargjörð

Mánudaginn 27. okt. 1975 kom stjórn Svarfdælad. mjólkursamlags K.E.A. saman að Völlum
Fyrir var tekið.

Að svara tilboði er borist hafði frá framkvæmdastjóra K.E.A. í bifreiðina A. 958. Rætt var tilboðið og varð stjórnin sammála um að hafna því vegna óaðgengilegra skilmála er settir voru fram og samdi eftirfarandi bref til framkvæmdast. K.E.A.

Kaupfelag Eyfirðinga
Akureyri
Hr. framkvæmdastjóri Valur Arnþórsson

Kauptilboð það er þér gerið Mjólkurfl. felagi Svarfdæla í brefi yðar dags. 22/10 1975 var til umræðu á stjórnarfundi felagsins 27. þ.m.

Var stjórnin sammála um að hafna kauptilboði yðar í bifreiðina A. 958. Einkanlega vegna þeirra skuldbindinga atriða er þér settið fram í tilboðinu.

Virðingafyllst
pr.pr. Mjólkurflutningafl Sv.

Rætt var um að lækka flutningsgjaldið um 1. kr. fáist fjármagnsfyrirgreiðsla og var eftir farandi bref samið til Sparisjóðs Svarfdæla og Búnaðarbankans Ak.

Á síðastliðnu ári festi Mjólkurflutningafélag Svarfdæla kaup á nyrri bifreið til flutninga af Man gerð. Bifreiðin var að mestum hluta greidd með erlendu lánsfé, er þurfti að endurgreiða á síðari hluta ársins 1974 og fyrri hluta þessa árs. Þar sem erfitt hefur verið um útvegum lánsfjár hér innanlands síðan þessi kaup fóru fram var gripið til þess ráðs, að stórhækka flutningsgjald mjólkur í ársbyrjun 1975 og með því velta greiðslubyrðinni yfir á framleiðendur, á mun skemmri tíma en æskilegt gæti talist.

Nú hefur verið tekin ákvörðun um það, að hefja tankflutninga frá Svarfdæladeild samlagsins á miðju næsta ári, og má því fullvíst teljast að flutningafelagið verði lagt niður, og eigur þess seldar. Það verður því að teljast algjört neiðarúrræði að leggja svo há flutningsgjöld á framleiðendur, sem nú er gjört. Bæði vegna þess að lítill ávinningur er í miklum eignum þegar núverandi flutningafyrirkomulagi verður hætt, og þar sem því hefur ekki fengist svarað hvernig eða á hvern hátt sú eign yrði skattlögð, og eins hins að tankvæðingin er geisilega fjárfrek í framkvæmd fyrir hvern einstakan framleiðanda, og veitir bændum því ekki af því fe er ella rynni í greiðslu á hinni nýju bifreið.

Því förum við þess á leit við yður að þér lánið flutningafelaginu nú rekstrarfé allt að kr. [hér er eyða. SBG] er endurgreiddist er bifreiðarnar yrðu seldar

Virðingafyllst
pr.pr. Mjólkurfl. fel. Svarfdæla
Snorri Árnason

Farið var fram á allt að 3. miljón króna lán við Sparisjóð Svarfdæla og og allt að 1.5 miljón króna við Búnaðarbankan Akureyri

Fleira ekki fyrir tekið
Gunnl. Sigv.

Fundargjörð

Priðjudaginn 9. desember 1975 kom stjórn Svarfdælad. Mjólkursamlags K.E.A. saman í Jóninubúð á Dalvík ásamt stjórnnum kaupfelagsdeildanna í Svarfaðard. og Dalvík

Fyrir var tekið:

Formaður mjólkurflutningann sagði frá því að skuld flutninganna nú við Ú K.E. Dalvík væri 4.265.681.- kr. Beðni hafði komið frá Jóni Jónssyni mjólkurbilstjóra um að flutningarnir sköfðu sér úlpu. Samþykkt var að kynna sér nánar hvort vinnuveitanda væri skilt að leggja til hlífðarföt.

Þegar hér var komið voru stjórnir kaupfelagsdeildanna mættar og bauð formaður þá velkomna. Skyrði hann aðdraganda þessa fundar en hann er samþykkt frá deildarfundi K.E.A. er haldinn var 23. okt. 1975 um að fara fram á við Ú.K.E. Dalvík að sjá um flutninga í sveitinna er mjólkurbílarnir hafa annast.

Fundarmenn ræddu nokkuð flutningamál og voru sammála um að reina að semja við kaupfélagið. Kosinn var þriggja manna nefnd til að ræða við forráðamenn kaupfelagsins, þeir Snorri Árnason, Jónmundur Zophoniasson og Helgi Símonarson.

Að lokum ræddi hin nýkosna nefnd ásamt fundarmönnum þær hugmyndir um flutningafyrirkomulag er til greina kæmu að hálfu bænda.

Fundargjörðin lesin upp og samþ.

Fundi slitið

Gunnl. Sigv.
ritari

1976

Fundargjörð

Föstudaginn 19. marz 1976 kom stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. saman að Völlum

Fyrir var tekið.

Ákveðið gjald fyrir akstur meðstjórnarmanna á stjórnarfundi, kr. 200.- fyrir fund. Einnig voru reiknuð út stjórnarlaun og gerðir reikningar.

Fleira ekki fyrir tekið
Gunnl. Sigv.

Fundargerð

Mánudaginn 22. marz 1976 kom stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A saman að Völlum

Fyrir var tekið:

Yfirfarnir voru reikningar deildarinnar, samin starfsskýrsla og gerð fjárhagsáætlun.

Fleir ekki tekið til meðferðar

Gunnl. Sigv.

Fundargerð

Föstudaginn 2. apríl 1976 kom stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. saman að Völlum.

Fyrir var tekið

Formaður sagði frá viðtali við Kristján Ólafsson útibústjóra varðandi lánaþyrirgreiðslu. Býður hann lánaþyrirgreiðslu gegn því að deildin selji kaupfélaginu Manbíla sína. Máli þvar rætt ytarlega og varð samkomulag um að leita nánari upplýsinga um gangverð á bílum og ræða síðan við útibústjóra.

Samið var uppsagnarbref til mjólkurbilstjóranna vegna fyrirhugaðra tankflutninga. Einnig var samin tillaga um að leggja deildina niður.

Fleira ekki rætt.

Gunnl. Sigv.

Fundargjörð

Fimmtudaginn 8. apríl 1976 kom stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. saman að Völlum.

Fyrir var tekið:

Rætt var um fyrirhugaða sölu á manbílum deildarinnar. Samkomulag varð um að selja ekki bílana fyrir lægri upphæð en kr. 10.000.000.-. Ákveðið var einnig að fara fram á að greitt verði við undirskrift kauksamnings ½ til 2/3 af kaupverði þeirra.

Kom í ljós er rætt var um sumarleifi bilstjóranna, að það vantaði nanari upplýsingar til að hægt væri að mynda ser skoðun og taka ákvörðun þar um.

Fyrirhugað er að fara að flitja mjólk á hverjum degi eftir páska ef færð spillist ekki.

Ákveðið var að færa innistæðu í Innlandsdeild K. E. A bók 820, er var að upphæð um áramót '74-'75 kr. 30.105.- inn í viðskiptareikning Svarfdælad. mjólkursamlags K. E. A. í Ú. K. E. Dalvík

Fleira ekki tekið fyrir
Gunnl. Sigv.

Fundargjörð

Föstudaginn 9. apríl 1976 kom stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. saman á skrifstofu Ú.K.E. Dalvík ásamt Kristjáni Ólafssyni útibústjóra.

Fyrir var tekið:

Snorri Árnason deildarstjóri skyrði tilgang fundarins, hann væri fyrirhuguð kaup K.E.A. á manbílum deildarinnar. Hann spurði útibústjóra hvort sú þjónusta er farið hefur verið fram á við Ú.K.E. Dalvík væri bundinn þeim viðskiftum sem standa til milli fyrirtækjanna. Útibústjóri sagði að svo framarlega sem kaupfélagið gæti útvegað ser hentuga bíla í flutningana tæki kaupfélagið þá að sér.

Útibústjóri gaf það upp að hugmynd K.E.A. væri að bifreiðarnar yrðu greiddar að fullu við undirskrift kauksamnings.

Í umræðum um viðskiftin stakk Snorri Árnason upp á 12. til 12.5 miljónum fyrir bifreiðarnar en sagði jafnframt að vegna hagstæðra greiðslukjara og hugsanlegrar þjónustu við bændur á vegum kaupfélagsins með þessum bilum, væri stjórnin tilbúin að slá af um 1. miljón kr.

Útibústjóri bað um frest til að hugleiða tilboðið, í einn dag.

Fleira ekki rætt
Gunnl. Sigv.

Fundargjörð

Föstudaginn 16. apríl 1976 kom stjórn Svarfdæladeildar mjólkursamlags K.E.A. saman að Völlum

Fyrir var tekið:

Samin dagskrá fyrir aðalfund deildarinnar þann 17. apríl n.k. og samdar tillogur er þar þurfa að koma fram

Fleira ekki fyrir tekið

Gunnlaugur Sigv.

Fundargjörð

Árið 1976 laugardaginn 17. apríl var aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. haldinn að þinghúsinu Grund. Formaður Snorri Árnason setti fundinn og styrði honum Nefndi til fundarritara ásamt Gunnlaugi Sigvaldasyni, Baldvin Magnússon og varafundarstjóra Hjört Þórarinsson

Dagskra

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar deildarinnar 1975
3. Mál fundarmanna
4. Kosningar

1. Formaður las starfsskýrslu stjórnarinnar sem var mjög glögg og greinagóð
2. Formaður las reikninga félagsins árið 1975, en stjórnin hafði áður sent reikningana fjölritaða heim til bænda. Þá gaf form. orðið laust um teikningana. Hjörtur Þórar. hafði orð fyrir endurskoðendum, sagðist hafa lítið að segja um rekningana, annað en reikningarnir væru glöggir og vel upp settir. Jósavin Helgason spurði um flutningsgjald frá Mjólkursamlagi, þ.e. einingargjald. Form. gaf svör við fyrirsp. Jósav. Reimar Sigurpálsson spurðist fyrir um hvaða bílar það væru sem seldir hefðu verið. Formaður gerði grein fyrir því hvaða bílar hefðu verið seldir, þ.e. A. 2498 og A 978. Jónmundur Zóphóniasson þakkaði fyrir hvað góð útkoma hefði verið á flutningunum eins og raun bæri vitni. Ekki hefði verið hægt að sjá það fyrir í fyrra þegar áætlun flutninganna var gerð, hverju fram yndi í þessum málum.

Formaður bar síðan reikningana upp til atkvæða og voru þeir samþykktir samhljóða.

3. Mál fundarmanna:
Formaður gat þess að leitað hefði verið eftir því í marz s.l. að selja bila félagsins. Gekk það ekki. Var þá farið fram á það við útibústjóra að reynt yrði að lækka flutningsgjald fyrir árið 1975

og þann hluta ársins '76 þangað til tankvæðing fer af stað. Þá gerði formaður grein fyrir samningsumleitunum við Ú. K. E. D. um sölu á bifreiðunum A. 1418 og A 958 fyrir kr. 12.532.500.-

Fjárhagsáætlun þessa árs, byggist á því að hægt sé að selja Ú. K. E. D. framangreindar bifreiðar.

Þá las formaður upp bref frá Ú.K.E.D. þar sem staðfest er að Ú. K. E. D. geri ellefu miljón króna tilboð í bifreiðarnar. Þá flutti formaður tillögu frá stjórninni svohl.

Tillaga stjórnar.

„ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursaml. K. E. A. haldinn að þinghúsinu Grund 17. apríl 1976, heimilar stjórn deildarinnar að selja Utibúi K.E.A. Dalvík bifreiðarnar A. 958 og A 1418, á því verði og með þeim greiðslukjörum er áður hefur komið fram í yfirlýsingu Útibústjóra Kristjáns Ólafssonar “

Jónmundur Zóphóníasson kvaddi sér hljóðs og taldi að ekki væri hægt að ganga frá sölu á bifreiðunum fyrr en það vandamál væri leist, hvernig standa ætti að flutningum í sveitina með fóðurvörur og fl. Formaður svaraði og sagði að útibústjóri hefði ekki viljað gefa skriflega yfirlýsingu um það að útibúið tæki að sér flutninga í sveitinni. Reimar Sigurpálsson tók undir orð Jónmundar og óskaði eftir að betur hefði verið að þessu staðið. Hreinn Jónsson árettaði orð formanns og taldi að útibúið myndi standa að því að sjá um flutninga í sveitina svo framarlega að bílarnir fengjust keiptir. Þórarinn Jónsson taldi að ekki væri nog að kaupfélagið tæki að sér flutninga þetta ár og seldi svo bílana ef til vill að ári liðnu. Jósavin Helgason taldi að bæta mætti við tillöguna að ef að sölu yrði til Ú. K. E. D., sæi það um umrædda flutninga á komandi árum. Reimar Sigurpálsson taldi að tryggja yrði flutninga í sveitina um nokkra framtíð ef að kaupum verður á bílunum.

Snorri Árnason hóf máls á því að nefnd hefði verið skipuð til að leisa flutningaþörf sveitarinnar þegar tankvæðing hæfist. Sagðist hann geta fallist á að setja inn í tillöguna að tryggt yrði að útibúið sæi um umrædda flutn.

Jónmundur Z. lýsti því yfir að hann væri hlynntur því sem fram hefði komið hjá flestum ræðumönnum um að gerður yrði samningur um flutningana. Taldi hann að við gætum raðið þessu sjálfir að nokkru leiti. Taldi rétt að fá skriflega yfirlýsingu um að Ú.K.E.D. tæki þessa flutninga að sér.

Hjörtur Þórarinsson las upp viðbótar tillögu við tillögu stjórnar, er hann samdi úr áður framkomnum hugmyndum Jósavins H.

Jónas Þorleifsson spurðist fyrir um það hvað Mjólkurflutningarnir hefðu hugsað ser að gera við bifreiðarnar A 918 þ.e. trukkin t.d. hvort sláturhúsið keipti bifreiðinna til að flytja gripi að vetrinum.

Snorri Árnason upplýsti að spurt hefði verið um trukkin til kaups af aðilum úr sveitinni, yrði seinna komið að því.

Fundarstjóri bar síðan tillöguna upp ásamt viðbótartillögunni og var hún samþykkt samhljóða.

Að loknu kaffihlei tók formaður til máls og bar upp svofellda tillögu eftir að hafa skýrt tilgang hennar, þ.e. að vinna upp eignir felagsins áður en rekstri yrði hætt.

Tillaga stjórnar

„ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursaml. K.E.A. haldinn 17. apríl 1976 samþykkir að greiða til baka á flutning mjólkur kr. 1/90 á liter, fyrir árið 1975. “

Atli Friðbjörnsson spurðist fyrir um hvernig haga mætti því að vinna upp eignirnar í sambandi við skatta. Baldvin Magnússon svaraði að það mundi ekki hægt svo auðveldlega að komast fram hjá skattinum. Jónmundur Z. sagði að það væri athugandi að verja hluta eignanna í kaup á moksturstæki fyrir heimreiðarnar. Atli Friðbj. spurðist fyri um það hvort öruggt væri að tankflutningar hæfust í júnílok.

Fleiri tóku til máls um tillöguna Formaður svaraði síðan framkomnum fyrirspurnum Þórarinn Jónsson spurði hvort rett væri að endur greiða þeim er hættu mjólkurframleiðslu á siðastliðnu ári.

Síðan var tillagan borin upp og samþykkt með samhljóða akvæðum.

Formaður tók þá til máls og útskýrði fjárhagsáætlun fyrir árið 1976, en henni hafði verið dreyft til fundarmanna, og lagði fram eftirfarandi tillögu stjórnar

„ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursaml. K. E. A. haldinn 17. apríl 1976 samþykkir að flutningsgjald á mjólk fyrir árið 1976 skuli vera kr. 2¹⁰ pr. líter. “

Engar umræður urðu um tillöguna og hún því borin upp og samþykkt samhljóða.

Formaður bar fram eftirfarandi tillögu stjórnar

„ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. haldinn 17. apríl 1976 heimilar stjórn deildarinnar að selja bifreiðarnar A. 2098 og A 918, þegar tankflutningar hefjast úr deildinni. “

Jósavein H. spurðist fyrir um það hvort ekki væri rétt að bæta við tillöguna að stjórnin fengi heimild til að selja aðrar eignir felagsins.

Formaður gat þess að hann teldi að ekki þyrfti heimild fundarins til að selja ymsa varahluti er deildin ætti. Jónmundur Z. taldi að ekki mætti selja trukkin fyrir en búið væri að semja um gripaflutninga til sláturhússins. Sagðist ekki sjá eftir sinum hlut til að gefa sláturhúsinu trukkin ef það ræki hann.

Formaður upplýsti að hann hefði boðið útibústjóra blásara, er hann teldi að flutningarnir ættu, en þeir þá taldir lítils virði að dómi raffræðinga.

Þá var tillagan borin upp undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu frá stjórn

„ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A. haldinn að Grund 17. apríl 1976 samþykkir að vegna fyrirhugaðra tankflutninga á vegum Mjólkursamlags K.E.A. verði Svarfdæladeild mjólkursamlagsins lögð niður, og skuldlausar eignir afhentar Ræktunarsambandi Svarfdæla. “

Þórarinn Jónsson taldi að ekki ætti að ganga frá deildinni dauðri nú, heldur ætti stjórnin að sitja til næsta árs og skila þá af sér reikningum, og þá mætti endanlega ganga frá eignum deildarinnar.

Formaður taldi að þetta væri að nokkru leyti rett hjá Þórnari, og sagðist geta fallist á skoðanir hans Atli Friðbjörnsson taldi að ef til verulegra samgöngutruflana kæmi væri ekki úr vegi að hafa nefnd sem sæi um flutningana, þar sem tankflutningar sæu ekki um þá á hverju sem gengi. Lagði síðan til að tillagan yrði dregin til baka. Jónmundur Z. taldi að snjórinn væri ekki eins mikið vandamál, eins og við vildum vera láta. Sagðist vera hræddur um að heimreiðar yrðu meira vandamál. Hreinn Jónsson sagði að við værum illa settir til að taka við tankvæðingunni, og væru heimreiðarnar þar aðalvandamálið að sínu viti. Atli F. ræddi um tvöfalt flutningakerfi. Sagði að

við mættum ekki loka augunum fyrir því að snjórinn gæti orðið okkur mikið vandamál. Reimar S. árettaði að hann óskaði eftir því að nefndin starfaði áfram ekki um aldur og ævi, en fram á haustið að minsta kosti.

Formaður árettaði að tvöfalt flutningaskerfi ættum við að forðast, í lengstu lög. Lysti hann því yfir að tillagan yrði dregin til baka að hálfu stjórnar

Ólafur Tryggvason benti á að aðstöðugjald væri vanreiknað að sínu mati í fjarhagsáætlun.

Formaður sagði það rett til getið.

Hreinn Jónsson taldi að sveitastjórn á hverjum tíma ætti að sjá um snjómokstur og því væri það óhentugt að það þirfti að leita til margra aðila. Jónmundur Z. sagðist telja rett að stjórnin drægi þessa tillögu til baka, áleit að stjórn flutningana ætti að starfa áfram., því til einhvers yrði að snúa sér varðandi flutninga hér heima. Reimar S. sagðist ekki vilja leggja deildina niður og við ættum að flyta okkur hægt vegakerfið biði ekki upp á það eins og væri að tankbílnir gætu gengið endalaust. Formaður sagðist hafa spurst fyrir um það í nágranasveitunum hvernig þeir leistu flutningavandamál sín þegar tankbílnir gætu ekki gengið, og þar væri það þannig að nokkrir tækju sig saman og sameinuðust um flutninga til móts við tankbíl. Taldi hann að ef mjólkurnefnd starfaði áfram yrði hér tvöfalt flutningakerfi sagðist hann ekki samþykkja það. Þórarinn Jónsson taldi að ekki væri tímabært að stjórnin hætti störfum fyrr en eftir næstu áramót

4. Kosningar:

Einn maður í stjórn í stað Jósavins Helgasonar

Kosningu hlaut Gunnlaugur Sigvaldason með 11 atk og til vara Reimar Sigurpálsson með 2 atk.

Kosnir endurskoðendur þeir Hjörtur Þórarinnsson með 12 atk. og Halldór Jónsson með 9 atk. varam. Sigurður Ólafsson 4 atk.

Fundargjörðin var síðan lesin upp af Baldvin Magnussyni og samþykkt athugasemdalaust.

Fundi slitið

Gunnlaugur Sigv.

Skýrsla stjórnar Mjólkurflutningafelags Svarfdæla fyrir árið 1975

Stjórnina skipuðu eftirtaldir menn

Jónmundur Zophoniasson formaður, er lét af störfum 15. marz og við starfi hans tók Snorri Árnason. Jósavin Helgason ritari, sem vegna veikinda lét af störfum í byrjun september og við starfi hans tók Gunnlaugur Sigvaldason Hreinn Jónsson er meðstjórnandi.

Alla voru bókaðir 17 stjórnarfundir á árinu, og var varastjórn til kvödd á einn þeirra.

7. maí var farið til fundar við stjórn K. E. A. þar sem til umræðu var að flyta tankvæðingu um eitt ár, frá því sem áður hefði verið fyrirhugað, sem mjólkurframleiðendur samþykktu síðan á deildarfundum þann 23. okt. -

Á þessum fundi er við áttum með stjórn K. E. A., sem fyrr greinir, var einnig til umræðu hugsanleg sala bifreiðanna A 958 og A 1418. Áður hafði stjórn K. E. A. lýst sig reiðubúna að ganga til samninga um kaup á þessum bifreiðum, og með því veita flutningafélaginu fjármagnsfyrirgreiðslu. Er ekki að orðlengja það, en samningar náðust ekki um sölu bifreiðanna.

Leitað hefur verið eftir því við útibú K. E. A. Dalvík að það annaðist þá flutningaþjónustu, er Mjólkurflutningafélagið hefur haft með höndum, þegar tankflutningar hefjast. Her er einkum um að ræða flutninga á pökkum, fóðurbæti og búpeningi til slátrunar.

Fastráðnir bifreiðastjórar voru. Jón Jónsson, er unnið hefur hjá félaginu í 20 ár, Júlíus Steingrímsson og Eiður Steingrímsson Guðmundur Gunnlaugsson var ráðinn til afleysinga og sauðfjár og stórgripaflutninga

Færum við þeim, okkar beztu þakkir fyrir störf þeirra.

Framleiðendur voru á árinu 58 en voru 60 árið 1974. Innvegið mjólkurmagn úr deildinni var á árinu 1975 2.888.248 lítrar eða 135.660 lítrum minna en árið áður Eða 4.49% minnkun. Meðalinnlegg á framleiðenda var 51.575 litrar, en á árinu 1974 50.398. Og meðalfita mólkur, árið 1975 var 4.192 á móti 4.265 árið áður.

Meðaluppígreiðsla á mjólkurlitra kr. 36.85 sem er 76.21% af staðargrundvallarverði, sem var 48.35 krónur.

Verðfelling á mjólk var 7.84 aurar á liter en árið áður 7.26 aurar.

10 apríl var hækkaður flutningataxti frá Akureyri úr 850 kr. í kr. 1.160 og annar flutningur í samræmi við það.

Á miðju sumri varð vart bilana í gangverki bifreiðanna, sem álitid var að stafaði af gallaðri oliu. Greiddi Olúfélag h/f allan kosnað er af þessu hlaust.

Viðgerðakostnaður skiftist þannig á bílana

A. 918 kr. 170.182 A 2098 kr. 339.668 A 958 kr. 504.193 A 1418 kr. 422.351. Skuldir í ársbyrjun 4.995.156 árslok 2.699.808

Eins og sjá má á rekstrar og efnahagsreikningi, hefur fjárhagur félagsins batnað verulega á árinu, og vist mun um það að góð tíð og greiðar samgongur frá vetrarbyrjun 1975 til áramóta eigi stærsta þátt í því.

Flutningsgjald var kr. 4 pr. liter og er það 8.27 % af staðargrundvallarverði mjólkur árið 1975.

Fundargjörð

Þriðjudaginn 17. ágúst 1976 kom stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K.E.A. saman að Völlum

Fyrir var tekið

Deildarstjóri Snorri Árnason gat þess að í vor hefði hann raðið Sigurð Einarsson Uppsöllum til afleysingar á mjólkurbilunum gegn því að hann neitti ekki áfengis á meðan hann inni hjá mjólkurflutningunum. En þar sem það henti Sigurð að fá ser í staupinu nokkrum sinnum og

verða ófær um að keira, sagði deildarstjóri honum upp starfi sínu hjá flutningunum og lystu meðstjórnendur sig samþykka þeirri ákvörðun.

Deildarstjóri sagði frá því að K.E.A. hefði óskað eftir að kaupa bifreiðarnar A- 918 og A 2098, og var ákveðið að ganga til samninga við það um sölu bifreiðanna.

Ákveðið var að veita þeim fastráðnu bílstjórum er starfa hjá flutningunum viðurkenningu er þeir hætta störfum hjá Mjólkurflutningunum.

Fleira ekki fyrir tekið

Gunnlaugur Sigv.

Hreinn Jónsson og Gunnlaugur Sigvaldason í stjórn Mjólkurflutningafelags Svarfdæla mættu á fundi hjá Kristjáni Ólafssyni er hann gerði grein fyrir flutningafyrirkomulagi á vegum útibúsins, í sveitina. Þeir lystu sig samþykka áætluninni.

Her á eftir fer hluti af fundargjörð er bókuð var í Dalvíkurdeild K.E.A. á umræddum fundi

„ Fimmtudaginn 23. águst 1976 var fundur haldinn á skrifstofu útibústjóra Ú.K.E. Dalvík. Fundinn sátu auk útibústjóra Kristján Ólafssonar, deildarstjórnir Dalvíkur og Svarfdæladeildar og stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A.

Þetta gerðist.

1. Kristján Ólafsson gerði grein fyrir tilhögun á vöruflutningum í Svarfaðardal eftir að tankvæðing hefur verið tekin upp sem verður bráðlega. Er gert ráð fyrir að vöru og pósthutningar verði þrisvar í viku þ.e.a.s. mánudaga, miðvikudaga og föstudaga og flutningar á sauðfe og nautgripum með sama sniði og verið hefur. Flutningar þessir verða á vegum útibúsins.

Er mál þetta hafði verið rætt fóru fulltruar Svarfdæladeildar Mjólkursamlagsins af fundi. “

Fundargjörð

Föstudaginn 3. sept. 1976 kom stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlag K.E.A. saman á skrifstofu Ú. K. E. Dalvík ásamt útibústjóra Kristjáni Ólafssyni

Fyrir var tekið:

Rædd var sala bifreiðanna A. 958 og A 1418. Útibústjóri sagðist ekki gera athugasemd við A. 1418 samkvæmt fyrri samningum, en A 958 væri á lélegum dekkum. Rædd var einnig sala bifreiðanna A. 918 og A 2098 til útibúsins. Deildarstjóri Snorri Árnason lagði fram tilboð deildarinnar 400.000.- kr. fyrir bílana A 918 og A 2098 sem útibústj samþykkti. Jafnframt varð samkomulag um, að útibúið gerði ekki athugasemdir við dekk A. 958.

Þá varahluti sem deildin á og passa í bíla útibúsins kaupir útibúið á matsverði.

Fleira ekki fyrir tekið

Gunnl. Sigv.

Fundargjörð

Fimmtudaginn 11. nóv 1976 kom stjórn Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A. saman að Völlum

Fyrir var tekið:

Akveðið var að greiða til baka upp í flutningsgjald á mjólk 1975 kr. 2 pr. liter og það vaxtafærist frá 1. júlí 1976.

Skoðaðar voru myndir af mjólkurbílunum og bílstjórunum er teknar voru í sumar af Páli Pálssyni ljósmyndara. Valin var mynd til að stækka í 50 x 60 cm er síðar á að færa mjólkurbílstjórunum sitt eintakið hverjum, ásamt áletruðum skildi.

Samin var svohljóðandi áletrun á skildina.

„ Með innilegri þökk fyrir vel unnin störf og dygga þjonustu í ? ár “
1/9 '76 Mjólkurflutningar
Svarfdæla.

Fleira ekki fyrir tekið

Gunnl. Sigv.

1977

Fundargjörð

Mánudaginn 10. janúar 1977 kom stjórn Svarfdælaneildar Mjólkursamlags K.E.A. saman að Völlum

Fyrir var tekið:

Lesin fundargjörð síðasta aðalfundar
Gerðir reikningar fyrir fundarkosnaði síðasta árs. Samþykkt var að greiða til baka upp í flutningsgjöld á mjólk 1976 0.20 kr. pr. líter.

Formaður sagði frá því að Ú.K.E. Dalvík hefði keipt rafmagnstöflukassa sem staðsettur er við Bilaverkstæðið fyrir 70.000.- kr. Einnig hefði hann fengið fram 25% hækkun á flutningsgjaldi á vorum frá Akureyri fyrir árið 1976, er næmi um 130.000.- kr.

Með rafmagnskössunum fylgja tveir hitablasarar er notaðir voru á pöllum gömlu mjólkurbílanna.

Fleira ekki fyrir tekið

Gunnl. Sigvaldason

Fundargjörð

Mánudaginn 11. apríl 1977 kom stjórn Svarfdælaneildar Mjólkursamlags K. E. A. saman að Völlum ásamt formanni Ræktunarsambands Svarfdæla Jónmundi Zóphóníassyni.

Fyrir var tekið

Formaður deildarinnar Snorri Árnason gat þess að Jónmundur hefði leitað eftir því að aðalfundir þessara felaga yrðu haldnir sama dag. Sagði hann að uppgjör deildarinnar lægi að vísu ekki fyrir, en að sínu mati væri alt í lagi að hafa fundinn bráðlega. Lystu meðstjórnarmenn sig sammála honum.

Ákveðið var að halda fundinn sunnudaginn 17. apríl ef ekki væri neitt til fyrirstöðu annars næsta færan dag. Einnig var samin dagskrá fyrir aðalfundinn og tillag um að leggja felagið niður.

Fleira ekki fyrir tekið

Gunnl. Sigvaldason

Fundargjörð

Miðvikudaginn 20. apríl 1977 hélt Svarfdæladeild Mjólkursamlags K.E.A. aðalfund sinn að þinghúsinu Grund.

Formaður deildarinnar Snorri Árnason setti fundinn og styrði honum.

Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 1976
2. Reikningar félagsins
3. Mál fundarmanna

1.2. Formaður flutti skýrslu stjórnarinnar og skýrði reikninga félagsins, en þeim hafði áður verið dreift meðal fundarmanna. Gaf hann síðan orðið laust. Jónmundur á Hrafnstöðum talaði um að það bæri ekki saman starfskýrslunni og reikningunum.

Formaður svaraði og sagði að reikningarnir og skýrslan ættu að bera saman, en uppgjörið væri miðað við 31. marz '77.

Reikningarnir voru síðan bornir upp og samþykktir samhljóða.

Er her var komið voru mættir á fundinum fyrverandi bílstjórar félagsins þeir Jón Jónsson og Júlíus og Eiður Steingrímssynir. Drukku þeir kaffi með fundarmönnum.

Að því loknu voru þeim afhentar, sem viðurkenning fyrir störf þeirra í þágu félagsins, myndir af bílstjórunum við hlið bíla sinna með áletruðum skildi svohljóðandi

„Með innilegri þökk fyrir vel unnin störf og dygga þjónustu“

Reimar á Steindyrum þakkaði bílstjórunum núverandi og fyrverandi, sérstaklega Jóni Jónssyni fyrir samstarfið á liðnum árum.

Formaður tók til máls og sagði að endanlegt uppgjör lægi ekki fyrir sérstaklega væri óraðið hvernig færi með söluhagnað af bilunum hvort hann yrði skattlagður, en hann teldi þó ekki líklegt að svo yrði. Lagði hann síðan fram eftirfarandi tillögu

„ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A. haldinn að þinghúsinu Grund 20. apríl 1977 samþykkir að leggja felagið niður þegar endanlegt uppgjör reikninga liggur fyrir.

Eignir félagsins og hvaðir renni til Ræktunarsambands Svarfdæla “

Jónmundur á Hrafnstöðum taldi ekki athugasemdir að Ræktunarsambandið tæki við eignum og hvöðum deildarinnar. Taldi hann ekki líklegt að það kæmu fram fjárkröfur vegna deildarinnar.

Ekki urðu meiri umræður um tillöguna og var hún borin upp og samþykkt samhljóða.

Jonas í Koti þakkaði bílstjórunum fyrverandi og núverandi fyrir störf þeirra, sagðist sjálfur vera búin að framleiða mjólk í 30 ár. Helgi á Þverá tók til máls og sagðist hafa verið einn af fyrstu bændum í Svarfaðardal sem sendi mjólk til Akureyrar og væru þeir því orðnir margir bílstjórnarnir sem hefðu þjónað sér. Þakkaði hann öllum þessum mönnum störf þeirra.

Hreinn á Klaufabrekku þakkaði bílstjórunum störf þeirra. Þórarinn á Bakka þakkaði einnig bílstjórunum störf þeirra undanfarin ár. Einnig þakkaði hann þeim að halda áfram að flitja fyrir okkur mjólkina þó á annara vegum væri.

Deildarstjóri tók til máls og sagði að eins og komið hefði fram í umræðum fylgdi hugur máli þeirri áletrun er væri á myndunum. Hann gat þess að þetta væri síðasti aðalfundur deildarinnar og það sem óuppgert væri yrði gert grein fyrir á næsta aðalfundi Ræktunarsambandsins.

Hreinn á Klaufabrekku þakkaði meðstjórnendum sínum samstarfið.

Síðan var fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða

Fundi slitið

Gunnlaugur Sigvaldason

- fundarritari -

Starfsskýrsla mjólkurflutningafélags Svarfdæla árið 1977

Stjórnina skipuðu eftirtaldir menn: Snorri Árnason formaður Gunnlaugur Sigvaldason ritari og Hreinn Jónsson meðstjórnandi

Alls voru bókaðir 8 stjórnarfundir á árinu, auk þess fór stjórnin til fundar við stjórnir Dalvíkur og Svarfdæladeildar K.E.A. þar sem Útibússtjóri gerði grein fyrir flutningaaætlun og þjónustu við bændur, sem var niðurstaða af þeim viðræðum sem áður höfðu fram farið milli nefndar kjörna af bændum á auka deildarfundum Svarfdæla og Dalvíkurdeildar K. E. A. sem haldinn var 23. okt. 1975 vegna fyrirhugaðrar tankvæðingar.

Föstudaginn 3. sept. átti stjórnin fund með útibússtjóra Kristjáni Ólafssyni. Fundarefni var að ganga frá sölu bifreiða félagsins, áður hafði verið gengið munnlega frá sölu bifreiðanna A. 958 og A. 1418 og skyldi söluverð þeirra bifreiða vera kr. 11.000.000.-

Einnig hafði Útibússtjóri lyst sig reiðubúinn að kaupa bifreiðarnar A. 2098 og A 918.

Niðurstaða þessa fundar varð sú, að gengið var frá sölu allra fjögurra bifreiða félagsins til K.E.A. á alls kr. 11.400.000.- og greiðsla innt af hendi 1. júlí 1976. Einnig keipti Utibú K.E.A. Dalvík varahluti í bifreiðarnar á kr. 30.000.- og rafmagnskassa með ofnum við Bílaverkstæði Dalvíkur á kr. 70.000.-

Stjórnin ákvað á fundi 11. nóv., að endur greiða til framleiðenda 2 kr. pr. liter á árinu 1975. Sú endurgreiðsla nam samtals kr. 5.776,496.- Ennfremur var það ákveðið á fundi 10. jan. 1977 að endurgreiða 20 aura pr. líter mjólkur fyrir þann hluta ársins er Mjólkurflutningafelagið sá um, eða til 1. sept.

Heildarendurgreiðsla til framleiðenda er því 6.184.531.-. Í ársbyrjun hækkaði flutningataxti frá Akureyri um 25% úr 1.160.- kr. í kr. 1.450.- pr. tonn og annar flutningur í samræmi við það.

Fastráðnir bifreiðastjórar voru þeir sömu og árið áður Jon Jonsson og Julius og Eiður Steingrimssynir. Til afleysinga voru ráðnir Guðmundur Gunnlaugsson, Hallur Steingrimsson og Sigurður Einarsson.

Eins og öllum er kunnugt hætti Mjólkurflutningafelagið að annast mjólkurflutninga þann 1. sept. og við þeirri þjónustu tók Mjólkursamlag K.E.A. Var það nokkru seinna en ráðgert hafði

verið. Fastráðnum bifreiðastjórum var sagt upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti, eða þann 5. apríl.

Viðhaldskosnaður bifreiðanna var kr. 1.215.153.- Stór hluti af þeirri upphæð er viðgerð á bifreið A. 1418 á bilun er vart varð við er afhenda átti bifreiðina kaupanda þann 4. sept., sú viðgerð kostaði kr. 493.369.-

Framleiðendur voru á árinu 51 en voru 56 á árinu 1975. Innvegið mjólkurmagn úr deildinni var 3.060.686. litrar en 2.888.248 litrar árið áður. Aukningin varð því 172.438 litrar eða 5.97 %.

Meðalinnlegg á framleiðanda var 60.013 litrar á móti 51.575 litrum árið áður.

Meðalfita mjólkur var árið 1976 4.087%, en árið áður 4.192 %.

Meðaluppígreiðsla á mjólkurliter varð kr. 50.2819 [svo. SBG] sem er 77.53% af staðargrundvallarverði sem er kr. 64.65.-

Verðfelling á mjólk var 18.78 aurar á liter en árið áður 7.84 aurar.

Reglugerð.

1: grein.

Nafn deildarinnar er Svarfdæladeild Mjólkursamlags K.E.A. og starfar hún í samræmi við reglugerð Mjólkursamlagsins.

Starfssvæði deildarinnar er núverandi Svarfaðardals og Dalvíkur hreppar.

Heimili og varnarþing deildarinnar er þar sem lögheimili formanns er. Félagsmenn eru allir mjólkurinnleggjendur á svæðinu og hafi þeir einir atkvæðisrétt á fundum deildarinnar.

2: grein:

Stjórn deildarinnar, er skipuð þremur aðalmönnum, sem hver hefur sinn ákveðna varamann. Á hverjum aðalfundi skal kjósa skriflegri kosningu einn aðmann og varamann hans til þriggja ára.

Stjórnin skiptir með sér störfum.

Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo endurskoðendur til þriggja ára í senn og einn til vara. Enginn getur skorast undan að taka kosningu, en enginn skal vera skyldur að gegna störfum lengur en eitt kjörtímabil í senn. Sitji stjórnarmenn lengur en eitt kjörtímabil geta þeir neytað kosningu til jafnlengdar þess tíma sem þeir hafa setið í stjórn.

3: grein:

Hlutverk stjórnar er einkum að skipuleggja flutning mjólkur úr deildinni til Mjólkursamlagsins á Akureyri og sjá um rekstur nauðsinlegra flutningatækja í því augnamiði og ráðningu bílstjóra. Einnig ber stjórninni að gera ráðstafanir til að reikningshald deildarinnar sé fullnægjandi.

Hún skal annast fundahald og halda félagsskrá og gerðabækur um gerðir stjórna og deildafunda og sjá um að ávaxta eignir deildarinnar.

4: grein:

Deildarstjórn boðar til fundar og stjórnar formaður þeim, þó er honum heimilt að velja fundarstjóra með samþykki fundarins.

Aðalfund skal halda ekki síðar en í apríllok ár hvert.

Á aðalfundi skal stjórnin gefa skýrslu um starfsemi deildarinnar á næstliðnu ári, leggja fram endurskoðaða reikninga og skýrslur um eignir og skuldir.

Aðalfundur skal boðaður með minnst tveggja daga fyrirvara og er hann lögmætur ef fleiri mæta en stjórnin.

Úrslitum mála ræður einfaldur meirihluti.

Aðra almenna fundi skal halda þegar þörf þykir eða þegar minnst 10 félagar óska þess skriflega.
5. grein:

Reglugerð þessari má eigi breita nema á aðalfundi þar sem mættur er að minnsta kosti fjórði hluti félagsmanna.

Með reglugerð þessari er úr gildi fallin reglugerð frá 24. marz 1953.

Reglugerðin endurskoðuð og yfirfarin 1969.

1978

Fundargjörð

Sunnudaginn 15. apríl 1978 kom stjórn mjólkurflutningafelags Svarfdæla saman að Völlum

Fyrir var tekið:

Formaður Snorri Árnason las upp eftirfarandi skýrslu, til umræðu á stjórnarfundinum, er fram á að koma á aðalfundi Ræktunarsambandi Svarfdæla, þegar Mjólkurflutningarnir afhenda eignir sínar.

Á aðalfundi Mjólkurflutningafelags Svarfdæladeildar er haldinn var miðvikudaginn 20. apríl 1977, var samþykkt svohljóðandi tillaga.

„ Aðalfundur Svarfdæladeildar Mjólkursamlags K. E. A. samþykkir að leggja felagið niður þegar endanlegt uppgjör reikninga liggur fyrir. Eignir felagsins og hvaðir renni til Ræktunarsambands Svarfdæla. “

Eins og mönnum mun kunnugt, hafði áður verið akveðið að ganga á höfuðstól eignanna með endurgreiðslu til mjólkurframleiðenda, fyrst með tveggja krónu endurgreiðslu á mjólkurlitra framleiðsluarsins 1975, og nam sú greiðsla kr. 5.776.496.- , og síðar með 20 aurum á líter á tímabilinu 1. jan. 1976 til 1. sept sama ár. Sú endurgreiðsla var kr. 408.035.- eða samtals endurgreitt til framleiðenda kr. 6.184.531.-

Eignir þær er afhendast Ræktunarsambandi Svarfdæla eru 2 ýtusleðar og peningainnstæða í viðskiftareikningi Ú.K.E. Dalvík, að upphæð kr. 637.929.- er vaxtasetjast hjá

Ræktunarsambandinu 1/1 1978. Allar aðrar eignir Mjólkurflutningafelagsins hafa verið seldar, og að fullu greiddar.

Um kvaðir M.fl. felagsins er nefndar eru i tillögu þeirri er vitnað er til, þá fæ eg ekki séð hvað, eða hverjar þær gætu orðið, úr þessu en reitt þótti á sinum tíma að haga þessu svo, og vera má að svo sé enn.

Fyrir hönd M.fl. felags Svarfdæla, bið eg stjórn Ræktunars.b. Svarfdæla að veita þessum eignum viðtöku kr. 637.929.- og 2 ytusleðum.

Snorri Árnason

Voru stjórnarmenn sammála framkominni skýrslu.

Samþykkt var að varðveita gjörðabók mjólkurflutningafelagsins í bókasafni Svarfdæla að Húsabakka.

Með þessari fundargjörð er starfsemi þessa félagsskapar lokið.

Gunnl. Sigvaldason
ritari